Fyrstu Jól.

eða

MESSÍASAR-TÍÐIN,

SKÁLDSAGA

EFTIR

L. WALLACE

LEWIS WALLACE:

Fyrstu Jól.

Skáldsaga,
sem Jón Bjarnason hefir þýtt
úr ensku.

WINNIPEG
1909.

BEN HÚR

eða

MESSÍASAR-TÍÐIN,

SKÁLDSAGA

EFTIR

LEWIS WALLACE.

Þýðandi

JÓN BJARNASON.

FYRSTA BÓK.

WINNIPEG
Prentsmiðja „Lögbergs"
1909

HVERNIG „BEN HÚR“ VARÐ TIL OG HVAÐ AF ÞVÍ LEIDDI.

Formáli eftir *Lewis Wallace*, höfund sögu þessarrar.

Eg heyrði söguna um austrlenzku vitringana, þegar eg var lítill drengr. Hún móðir mín sagði mér hana; og af öllum sögunum úr gamla testamentinu og nýja testamentinu var hún sú, sem náði sterkustu haldi á ímyndunarafli mínu og vakti hjá mér mesta undran. Hvaða menn voru það? Hvaðan komu þeir? Voru þeir allir frá sama landi? Komu þeir einn og einn eða allir saman? En umfram allt: Hvað var það, sem kom þeim áleiðis til Jerúsalem, með þessarri undarlegu spurning til allra, er þeir mættu: „Hvar er hinn nýfæddi konungr Gyðinga?—Vér höfum séð stjörnu hans í Austrlöndum og erum komnir til að veita honum lotning.“

Loksins ásetti eg mér að rita um þá. Með því að halda sögunni áfram til fæðingar Krists í hellinum hjá Betlehem gæti mér tekizt, eftir því sem eg ímyndaði mér, að setja saman bækling, sem Harper Brothers *kynni að vilja taka að sér að gefa út. Sökum þess, hve vel lagaðr slíkr bæklingr yrði til þess að prýða hann með myndum, var ekki ólíklegt, að þeir útgefendr kynni að*

vilja láta ritlinginn koma út í smápörtum í mánaðarriti sínu.

Þá er eg hafði lokið ritverki mínu, lagði eg það frá mér í skúffu í púlti mínu, og beið þess svo, að eg fengi hugrekki til að senda það þangað, sem það átti að fara. En þar lægi það vel líklega enn, hefði ekki alveg óvænt atvik komið fyrir.

Það fór fram stór allsherjar samkoma, sem Repúblíkanar héldu, í Indianapolis árið 1876. Eg ásetti mér að sækja þann mannfund, og eg tók mér svefnvagn frá Crawfordsville kvöldið á undan samkomunni. Í hægðum mínum gekk eg innar eftir ganginum í vagninum í samtali við nokkra kunningja og í gegn um skrautsal vagnsins. Þá var klappað á dyrnar innan frá, og einhver nefndi mig á nafn. Og er eg svaraði og dyrnar opnuðust, kom eg auga á Robert G. Ingersoll ofursta, og sá, að honum myndi líða eins notalega og búast mátti við í eins mollulegu lofti og þá var.

„Voruð það þér, sem kölluðuð til mín?“

„Já“ — sagði hann. — „Komið hingað inn til mín. Mér finnst eg þurfi að tala.“

Eg hallaðist upp að dyrastafnum og sagði:

Jæja, ef þér viljið lofa mér að ráða umtalsefninu þá skal eg koma inn.“

„Að sjálfsögðu. Það er einmitt það, sem eg kýs mér.“

Eg settist niður hjá honum og tók til máls:

„Er nokkur guð til?“

Snar eins og elding svaraði hann: „Eg veit ekki; vitið þér það?“

Þar næst sagði eg: „Er nokkur djöfull til?“

Hann svaraði: „Eg veit ekki; vitið þér það?“

„Er himnaríki til?“

„Eg veit ekki; vitið þér það?“
„Er helvíti til?“
„Eg veit ekki; vitið þér það?“
„Er líf til eftir dauðann?“
„Eg veit ekki; vitið þér það?“

Og eg endaði með þessum orðum: „Farna hafið þér nú textana, herra ofursti! Byrjið þá.“

Og hann gjörði það. Það lá mæta-vel á honum: og er hann hafði byrjað, urðu orð hans að ræðu, sem streymdi áfram eins og ólganda fljót. Það var furðulegt í mesta máta, hvernig hann gekk frá hugsunum sínum; og eins og Brúðkaupsgestinum var haldið föstum af hinum blikandi augum Sæfarans forna), eins sat eg sem þrumulostinn, er eg hlustaði á þá samhræru, sem upp úr honum rann, af röksemdafærslu, mælsku, fyndni, heimsádeilu, frekju, lotningarleysi, skáldskap, ljómandi andstæðum og nöprustu árásum á þá menn, er trúa á guð, Krist, himnaríki; og hafði eg aldrei áður heyrt neitt þvílíkt. Hann gekk fram af sjálfum sér, og er þá mikið sagt.*

Ræðan endaði við það, að við komum á miðjárnbrautarstöðina í Indianapolis, nálega tveim klukkustundum eftir að ræðan var hafin. Þegar við vorum komnir út úr vagninum, skildum við. Fór hann á hótel eitt, en eg til bróður míns, sem átti heima langt burt í norðvestrparti bæjarins. Eg átti þess kost að taka mér strætisvagn, en eg kaus heldr að fara fótgangandi, því hugsanir mínar voru allar í uppnámi, og það svo mjög, að eg var nálega utan við mig.

Þessu til skýringar er nauðsynlegt að eg gjöri þá játning, að afstaða mín við trúarbrögðin hafði að und-

*) Í kvæðinu alkunna eftir Coleridge *The Ancient Mariner*.

anförnu verið svo, að eg lét þau mig engu skifta. Ótal-sinnum hafði eg heyrt sannanir fram færðar fyrir þeim, en ávallt án þess það kæmi neitt við mig. Svo hafði eg og lesið ræður eftir mikla prédikara—Bossuet, Chalmers, Robert Hall og Henry Ward Beecher—, en æfinlega fremr öllu öðru fyrir sakir unaðarins af mælsku þeirra. En—hve undarlegt! Til að lyfta mér upp úr áhugaleysi mínu myndi allir ímynda sér að ekkert annað dygði en staðfestingar þess, sem metið er helgast af öllu. Þó komst eg nú við meir en nokkru sinni áðr, og af hverju? Af hinni afdráttarlausustu afneitan allrar mannlegrar þekkingar á guði, Kristi, himnaríki og lífinu eftir dauðann, sem ber svo mikið á í von og trú trúaðra manna í öllum áttum heims. Hafði ofurstinn rétt fyrir sér? Hvað hafði eg, er eg gæti stutt játanda eða neitanda svar við? Hann hafði komið mér til að blygðast fyrir fáfræði mína; og er eg svo gekk áfram í kaldri dimmunni — nú kemr hið óvænta í sögunni—, þá vaknaði eg í fyrsta sinni á æfi minni til meðvitundar um mikilvægi trúarbragðanna. Ætti eg að skýra frá öllum hugleiðingum mínum, myndi eg verða að rita margar blaðsíður. Eg leiði þær hugsanir hjá mér til þess að eins að segja, að eg tók þann ásetning að kynna mér efnið betr. Og meðan eg var að velta því fyrir mér, hvernig eg ætti að að fara til þess eg fengi kynnt mér efnið svo, að komið gæti að mestum notum, kom mér til hugar handritið í púlti mínu. Niðrlagspáttrinn þar var um barnið Krist í hellinum við Betlehem; hví ekki að halda sögunni áfram allt fram að krossfestingunni? Úr því myndi verða bók, og á þennan hátt myndi eg neyðast til að kynna mér sérhvað eina, er þar til heyrði; en að því loknu myndi eg eigi ósennilega hafa komizt yfir skoðanir, sem væri verulega mikils virði.

V.

Nú er allt sagt nema að eins það, að eg gjörði eins og eg hafði ásett mér, og árangrinn af því var fyrst og fremst það, að bókin Ben Húr *varð til, og það annað, að eg eignaðist sannfæring, sem varð að fullkominni trúarvissu, um tilveru guðs og guðdóm Krists.*

Lewis Wallace *er meðal frægustu rithöfunda Vestrheimsmanna. Fæddr í Brookville, Indiana, 10. April 1827, dáinn í Crawfordsville, Ind., 15. Febrúar 1905. Herforingi Bandamanna í borgarastríðinu mikla 1861—1864; upphaflega lögfræðingr; sendiherra Bandaríkja-stjórnar í Mexíkó 1866 og í Tyrklandi 1881-85. Í þeim löndum gjörast skáldsögur hans tvær, þær er nefnast:* The Fair God *og* The Prince of India. *Hin fyrri þeirra er um það, hvernig Spánverjar unnu Mexíkó úr höndum Azteka — frumbyggjanna þar — á 16. öld; en í hinni síðarnefndu er lýst falli Miklagarðs í hendr Tyrkjum á 15. öld. Báðar eru skáldsögur þær merkilegar, en aðal-frægð sína hlaut Wallace fyrir* Ben Húr, *sem í heild sinni kom út 1880. Sú saga er í átta bókum; en fyrsta bókin er í rauninni sérstakt verk, svo sem höfundrinn gjörir sjálfr grein fyrir í formála þeim, sem hér fylgir með og áðr (Marz 1905) hefir birzt í „Sameiningunni", og þannig — sérstök — hefir bók sú birzt á frumtungunni — ensku — í skrautútgáfu frá Harper Brothers (New York og London) 1904.*

Skáldsaga sú, sem hér er um að ræða, er vafalaust mesta skáldskaparverk þeirrar tegundar, sem nokkurn tíma hefir verið fært í letr. Af því að hún gjörist á holdsvistardögum frelsara vors Jesú Krists, er svo nátengd við efnið í guðspjöllum nýja testamentisins, og

sýnir fólkslíf þeirrar aldar með umheimi þess svo dásamlega vel, er fyrir almenning stórkostlega mikið á henni að græða sér til aukinnar þekkingar á einhverjum merkasta kafla mannkynssögunnar; og yfir hinar helgu ritningar vorar varpar hún að ýmsu leyti nýju ljósi, sem er frábærlega mikils virði. Í tilbót er sagan meistaralega sögð og á köflum eins átakanleg og það, sem í þá átt er mest í bókmenntum heimsins.

En auk alls annars er skáldsaga þessi —Ben Húr— *sérstaklega merkileg og kristnu fólki óviðjafnanlega dýrmæt fyrir þá sök, að höfundrinn varð út af því að rita hana trúaður og sannkristinn maður.*

Þýðing þessi er áður út komin í „Sam.", og er svo til ætlazt, að hin mikla skáldsaga birtist þar öll í heild sinni, en verði hins vegar einnig eins og þessi sérstaki upphafsþáttr gefin út öll í deildum.

Þýðingarnar, sem gefnar hafa verið út á Íslandi, eru að eins þýðingar skáldsögunnar í stórkostlega styttri mynd; ekki er þar farið eftir frumritinu enska, heldr eftir dönsku ágripi. Er því ekki að furða, þótt skáldskaprinn í frumritinu hverfi þar að miklu leyti.

J. Bj.

Fyrirsagnir kapítulanna í bókinni.

Kap.		*Bls.*
I.	Í eyðimörkinni	1
II.	Þrír menn útlendir	8
III.	Kaspar hinn gríski	15
IV.	Melkíor	20
V.	Balthasar	27
VI.	Sölutorgið við Joppa	40
VII.	Fólkið í Jerúsalem	45
VIII.	Jósef og María	53
IX.	Í Betlehem	60
X.	Ljósgeisli frá himnum	73
XI.	Fæðing Krists	75
XII.	Koma vitringanna	84
XIII.	Heródes og vitringarnir	89
XIV.	Unga barnið heilaga — Kristr	104

BEN HÚR.

Fyrsta bók.

FYRSTI KAPÍTULI.

Í eyðimörkinni.

Jebel es Zubleh er fjall fimmtíu mílur á lengd eða vel það, en svo mjótt, að þá er á það er litið á landabréfi, minnir mynd þess á yrmling, sem skríður frá suðri til norðrs. Maðr, sem stendr á hinum rauðhvitu klettásum þess og horfir beint undir sól, er hún er í uppgöngu, sér að eins aröbsku eyðimörkina, þar sem austanvindarnir, er vínyrkjumönnunum í Jeríkó stendr svo mikill stuggr af, hafa frá upphafi haft leikvöll. Rœtr fjallsins eru vel huldar af foksandi frá Evfrat, sem þar liggr; því fjallið er garðr til varnar beitilöndum Móabs og Ammons byggða í vestri, sem annars hefði verið partar af eyðimörkinni.

Arabar hafa sett mót tungu sinnar á sérhvað eina suðr og austr frá Júdeu; á þeirra tungu er hinn gamli fjallgarðr Jebel þannig faðir óteljandi daladraga, er þverskera rómverska þjóðveginn, sem nú bendir að eins óljóst til þess, hvað hann eitt sinn var, eftir að úr honum er orðin hin rykuga braut sýrlenzku pílagrímanna á leið þeirra til og frá

Mekka. Daladrög þessi sökkva sér niðr í jörðina og verða æ dýpri eftir því sem þau fara lengra, því hlutverk þeirra er að koma regntíðar-vatnsföllunum út í Jórdan eða Dauðahafið, er síðast tekr við þeim öllum.

Út úr einu af þessum giljum — eða nákvæmar: út úr því gilinu, sem upptök hefir yzt við enda Jebel-fjalls, liggr þaðan austar en beint í norðr og verðr loks að farvegi Jabbok-árinnar — kom ferðamaðr, er stefndi á hásléttuna út frá eyðimörkinni. Þessum manni er lesandi fyrst og fremst beðinn að veita athygli.

Af útliti hans að ráða var hann fullra fjörutíu og fimm ára að aldri. Skegg hans, sem verið hafði hrafnsvart og veifðist um brjóst hans eins og það var breitt til, var nokkuð farið að grána. Andlitið var móleitt eins og uppþornuð kaffibaun; huldi það rauðr *kufiyeh* — en svo nefna börn eyðimerkrinnar nú á dögum klút þann, sem hafðr er á höfðinu—, og var það því að eins að nokkru leyti sýnilegt. Annað veifið lyfti hann upp augunum, sem voru stór og dökk. Hann var klæddr í hinn flaksanda búning, sem altíðr er í Austrlöndum; en því verðr ekki frekar lýst, hvernig sá búningr var, því maðrinn sat undir dálitlu tjaldi og reið úlfalda miklum, hvítum á lit.

Efamál er það, hvort Vestrlandabúar geta nokkurn tíma komizt út yfir áhrif þau, sem það hefir á þá, er þeir í fyrsta sinn líta úlfalda með reiðtýgjum og farangri, ferðbúinn út í eyðimörk. Vaninn, sem annars gjörir nýungar að engu, snertir þessa tilfinning nálega ekki. Þótt maðr úr Vestrlöndum sé að enda langferð með úlfaldalest, þótt hann svo árum skifti hafi dvalið með Bedúínum, þá má þó að því vísu ganga, að hvar sem hann er nemi hann staðar og bíði þar til hið tignarlega dýr er komið fram hjá. Það, sem heillar mann, er ekki sköpulag úlfaldans, því hversu mjög sem maðr ann skepnu þessarri, þá getr manni þó

aldrei fundizt sköpulag hennar fagrt; ekki heldr heillar neinn hreyfing úlfaldans eða það, hvernig hann tifar áfram án þess nokkurt fótahljóð heyrist, né heldr hið stórkostlega rugg á dýrinu, er það gengr. Eins og sjónum þykir vænt um skipið, alveg eins eyðimörkinni um skepnuna sína — úlfaldann. Hún íklæðir hann öllum sínum leyndardómum, og það svo, að meðan vér horfum á hann hugsum vér um þá; þetta er það, sem vekr furðu vora. Fararskjótinn, sem nú kom fram úr gilinu, hefði með fyllsta rétti getað krafizt hinnar venjulegu aðdáunar. Litr hans og hæð, fótbreiddin, ummál líkamans, sem ekki var feitr, en hvervetna vöðvamikill, hinn langi, rennilegi háls, sem beygðist eins og á svan, höfuðið, sem var svo breitt milli augnanna, en fór síðan mjókkanda fram í granir, er ekki fór meira fyrir en svo, að nálega hefði mátt smeygja upp á þær armbandi kvenna, hreyfingin samfara hinu langstíga, en léttilega fótataki, hinn öruggi og hljóðlausi gangr — allt þetta bar vott um hina sýrlenzku ætt, sem rekja mátti langt aftr í fornöld, allt til daga Sýrusar, og ómetanlega dýrmætt kynferði. Beizlið var eins og tíðkaðist, og huldi það krúnu úlfaldans með purpuralitu kögri, en niðr úr kverkinni hékk skrautfesti úr eir og í yzta hlekk festinnar klingjandi silfrbjalla; en hvorki voru á beizlinu neinir taumar fyrir reiðmann né neitt ökuband. Einkennilegar hirzlur voru lagðar á úlfaldann, efst upp á kryppuna á bakinu, og myndi hver annar maðr en austrlenzkr hafa orðið frægr fyrir að finna þau áhöld upp. Það voru tveir trékassar, naumast fjögur fet á lengd, sem héngu hvor í sinni hlið, jafnþungir, svo ekki væri áhalli. Að innan voru skrínur þessar mjúklega fóðraðar og með einskonar gólfábreiðu, og þannig um búið, að sá, er þar réð fyrir, gat setið uppi eða hallað sér út af; en yfir allt var spennt grænt sóltjald. Breiðar lendólar og brjóstólar, og gjarðir, sem settar voru fastar með óteljandi

hnútum og böndum, héldu útbúningi þessum á sínum stað. Svona hafði hinum hugvitssömu Kús-niðjum tekizt að skapa sér þægindi úr hinum brennandi sólargeislum eyðimerkrinnar, sem þeir ferðuðust um ekki að eins sér til skemmtunar, heldr og, eins oft, af því skyldan heimtaði það.

Þá er úlfaldinn lyfti sér yfir seinasta þrepið í gilinu, var ferðamaðrinn kominn fram hjá landamærum hins forna Ammons, sem nú heitir El Belka. Það var að morgni dags. Fram undan honum var sólin, hálf-hjúpuð skýflóka. Fram undan honum breiddi sig og eyðimörkin út—en þó ekki það af henni, sem þakið er flugsandi og lengra var burtu—, heldr það svæði, þar sem gróðrinn fór að verða smávaxinn; þar liggja blágrýtis-hnullungar á víð og dreif á yfirborði jarðarinnar, og gráir og móraudir steinar, með smávöxnum akasíum og toppum af úlfalda-grasi á milli. Nú var komið út úr belti því, þar sem vex eik, brómberjarunnr og arbútus, og var eins og þeir einstaklingar jurtalífsins væri þar komnir að merkilínu sinni, horfði yfir hana út í hina brunnlausu auðn og hnipruðu sig saman af hræðslu.

Og nú endaði stígrinn eða götuslóðin. Meir en áðr virtist úlfaldinn knúinn áfram meðvitundarlaust; hann gjörðist langstígari og hraðskreiðari og hélt höfðinu beint fram, og sogaði gegn um hin víðu nasaop loftið inn í sig í stórum teigum. Klyfjaskrínurnar rugguðu, ýmist lyftust upp eða sigu niðr, eins og bátr í öldugangi. Uppþurrkuð lauf lágu annað veifið í lautum og skrjáfaði í þeim, er úlfaldinn fór þar yfir. Stundum var loftið þrungið af anganda ilm eins og af malturt. Lævirkjar, steindeplar og klettasvölur þutu upp og á flug, og hvítar akrhœnur runnu kurrandi og klakandi úr vegi. Stöku sinnum, þó ekki eins oft, sást einn og einn refr eða hýena, sem herti á sér á stökki til þess að geta komizt svo langt burt, að óhætt væri að virða þá fyrir sér, er raskað höfðu rónni þar á staðnum.

Álengdar til hœgri handar risu upp hnúkarnir á Jebel-fjalli, en yfir þeim lá hin perlugráa blæja, sem allt í einu fékk á sig purpuralit, er sólin rétt bráðum gjörði óviðjafnanlega dýrðlegan. Upp yfir hæstu fjalltindunum sást gammr á flugi, og sigldi hann með útþöndum vængjum í stœrri og stœrri hringum eftir því sem hann komst hærra. En ekkert af öllu þessu sá maðrinn, sem hafðist við undir grœna tjaldinu, eða að minnsta kosti lét hann engin merki þess sjást, að hann veitti því eftirtekt. Augu hans bærðust ekki og voru þau eins og hann dreymdi. Það var eins og bæði úlfaldinn og sá, sem á honum sat, væri í leiðslu.

Í tvær klukkustundir sveiflaðist úlfaldinn þannig áfram á jafn-hröðu skokki og stefndi beint í austr. Allan þann tíma hélt ferðamaðrinn sér grafkyrrum og leit hvorki til hœgri né vinstri handar. Í eyðimörkinni er vegalengd ekki talin eftir mílum eða neinum slíkum mælikvarða, heldr eftir eyktum—*saat* — og áföngum — *manzil*—; hálf-fjórða míla samgildir eykt í þessarri merking, en fimmtán eða tuttugu og fimm mílur eru í áfanga, og er þá farið eftir ganghraða meðal-úlfalda. Slíkr fararskjóti af óblöndnu sýrlenzku kyni getr hœglega farið þrjár sjómílur; en þegar hann fer eins hratt og hann getr komizt, nær hann venjulegum vindhraða og betr til. Þar sem nú úlfalda þann, sem hér er um að rœða, bar svo fljótt yfir fold, tók landslagið fyrir auga áhorfanda stöðugum stakkaskiftum. Jebel teygðist út við brún sjóndeildarhringsins í vestri eins og bláleitr borði. Hingað og þangað reis hóll úr leirmold eða límkenndum sandi upp úr sléttunni; slíkr hóll er nefndr *tel-l*. Öðru hvoru lyftu stuðlabergs-steinar upp ávölum krúnum sínum, eins og nokkurskonar útverðir fjallanna gegn sléttu-öflunum; en annars var allt tómr sandr, ýmist rennsléttr eins og harðbarið flœðarmál, ýmist í upphauguðum hryggjum, stundum eins og smágjörar öldur, stundum í breiðum

bungum. En um sama leyti breyttist loftslagið einnig. Sólin, sem nú var komin hátt upp á loft, hafði drukkið fylli sína af dögg og þoku, og vermdi goluna, er lék um andlit ferðamannsins undir sóltjaldinu; nær og fjær varpaði hún hvítleitum, daufum bjarma á jörðina og gjörði allt loftið blikanda.

Tvær klukkustundir liðu enn án þess nokkuð væri staðið við eða breytt um stefnu. Allr gróðr hætti. Ekkert annað var nú að sjá en sandinn, og hafði hann runnið saman á yfirborðinu í skán, er brotnaði sundr, svo að marraði í, jafn-óðum og á var stigið. Jebel-fjall var horfið og ekkert neinsstaðar í geimnum umhverfis sýnilegt, er unnt væri að miða sig við. Skugginn, sem áðr hafði fallið aftr til baka, var nú tekinn að falla til norðrs og fylgdist með þeim hlutum, er vörpuðu honum frá sér, og þeim jafnhliða. Og þar sem ekki var neitt merki þess, að numið skyldi staðar, þá fór nú háttalag ferðamannsins með hverju líðanda augnabliki að verða meir og meir undarlegt.

Enginn leitar eyðimerkrinnar sér til skemmtunar. Þess er vert að minnast. Lífið og atvinnumál þess koma mönnum til að leggja þangað leið sína á brautum, sem stráðar eru beinum dáinna eins og jafn-mörgum skjaldmerkjum. Svo eru stígir allir frá einum brunni til annars og frá einum haglendisbletti til annars. Hjarta hins margreyndasta arabska ættarhöfðingja tekr að slá fljótar, þá er hann er kominn út í eitthvert þvílíkt veglaust eyðimerkrsvæði og veit af sér einum þar. Maðr sá, sem nú er sérstaklega fyrir oss um að hugsa, gat því vissulega ekki verið þangað kominn sem hann var til þess að leita sér skemmtunar. Ekki heldr var háttalag hans eins og flóttamanns: hann leit aldrei til baka. Þá er svo stendr á, er ótti og forvitni þær tilfinningar, sem oftast ber mest á, en hann var af þeim með öllu ósnortinn. Þá er leiðindi eru í mönnum

út af því að vera einmana, verða þeir fegnir sérhverjum félagskap; hundrinn verðr kunningi, hestrinn vinr, og engin minnkun verðr það þá að klappa þeim og kyssa þá og úthella yfir þá blíðuorðum. En fyrir engum slíkum vinsemdar-atlotum varð úlfaldinn, hvorki í orði eða verki.

Rétt um hádegi nam úlfaldinn sjálfkrafa staðar og lét til sín heyra hljóð það eða þá hina einkennilega aumkunarverðu stunu, sem ávallt kemr frá þeim skepnum, er þeim þykir kröftum sínum ofboðið, og stundum er svo mikið tillit tekið til, að þeim er veitt hvíld. Við það setti reiðmaðrinn sig í hreyfing, og var eins og hann vaknaði þá af svefni. Hann brá upp tjaldinu, sem var yfir söðulskrínunni *(houdah)*, leit upp til sólar, renndi augum yfir landið allt um kring og rannsakaði það lengi og vandlega eins og hann væri að átta sig á bletti nokkrum, sem fyrirfram var tiltekinn. Og er hann var ánœgðr með rannsókn sína, dró hann djúpt andann og kinnkaði kolli eins og hann vildi segja: „Loksins, loksins!“ Undir eins þar á eftir krosslagði hann hendrnar á brjóst sitt, hneigði höfuðið og baðst fyrir þegjandi. Eftir að hann hafði fullnœgt þessarri guðrœkniskyldu bjóst hann til að stíga af baki. Úr kverkum hans kom hljóð, og vafalaust hafa uppáhaldsúlfaldar Jobs heyrt samskonar hljóð — *ikh! ikh!* Það var merki þess, að dýrið skyldi krjúpa niðr. Hœgt og hœgt fór úlfaldinn eftir þeirri bending. Reiðmaðrinn lét fót sinn á hinn rennilega háls úlfaldans og sté niðr á sandinn.

ANNAR KAPÍTULI

Þrír menn útlendir.

Svo var að sjá eftir því, sem þegar var komið í ljós, að líkamsvöxtr ferðamannsins samsvaraði sér ágætlega; en ekki var hann að sama skapi hávaxinn sem hann var sterklegr. Þá er hann hafði losað um silkibandið, sem hélt húfu-klútnum *(kufiych)* föstum á höfði hans, strauk hann hinar kögruðu fellingar aftr þar til andlitið var bert. Andlitið var karlmannlegt, nálega svart á lit. En ennið var breitt, þótt lágt væri, nefið bogið, hinir ytri augnakrókar lítið eitt upp á við, hárið mikið, liðlaust, snarpt, með málmgljáa og féll niðr á herðar í mörgum fléttum, og bar allt þetta vott um þjóðernislegan uppruna, sem engum gat dulizt. Svona litu faraó-arnir út og Ptolemearnir á seinni tíðum; eins Mizraim, forfaðir hins egypzka þjóðflokks. Hann var klæddr í kyrtil þann, er *kamis* nefndist, hvíta baðmullar-skyrtu með nærskornum ermum, opna að framanverðu, öklasíða, með útsaumi niðr eftir kraganum og brjóstinu; en þar utan yfir var varpað ullarkápu móleitri, og var fat það að öllum líkindum á þeirri tíð eins og nú nefnt *aba;* yfirhöfn sú var einskonar síðhempa ermastutt, fóðruð að innan með dúk úr baðmull og silki, en lögð allt í kring gulum skýjaborða. Hann hafði ilskó á fótum, sem þvengir úr mjúku leðri héldu föstum. Kyrtlinum hélt hann að sér með skrautlinda um mittið. Mjög eftirtektarvert var það, þar sem maðrinn var aleinn, en eyðimörkin hæli pardusdýra og ljóna og manna álíka villtra, að hann bar engin vopn, jafnvel ekki krókstaf þann, sem hafðr er til þess að stýra úlföldum. Af því getum vér að minnsta

kosti ráðið, að hann var í friðsamlegum erindum og að annaðhvort hafði hann frábært hugrekki til að bera eða var undir einstaklegri vernd.

Ferðamaðrinn var allr farinn að stirðna, því reiðin hafði verið löng og þreytandi. Neri hann því hendr sínar og stappaði niðr fótunum; gekk hann svo í kring um hinn trúa þjón sinn, sem var að loka hinum tindrandi augum sínum í rósamri ánœgju út af fóðrinu, sem hann hafði fengið í munninn og var að jórtra. Hvað eftir annað nam hann staðar á hringför sinni, brá hendi fyrir auga og virti eyðimörkina vandlega fyrir sér allt til yztu brúnar sjóndeildarhringsins; og að lokinni hverri slíkri rannsókn var eins og ský drœgi fyrir andlit hans, og virtist það benda til þess, að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum. Þótt ekki kvæði mikið að þessu, þá var það þó nóg til þess að skynugr áhorfandi hefði getað af því ráðið, að maðrinn átti hér von á samfundum einhverra, hvort sem þeir höfðu fyrirfram mælt sér mót eða ekki. En jafnframt myndi áhorfandi hafa orðið sér þess meðvitandi, að honum óx forvitni á að fá að heyra, hvað hér þyrfti að gjöra svo langt út úr öllum menntaðra manna byggðum.

Hvað sem vonbrigðunum leið var það lítið efamál, að ferðamaðrinn bjóst staðfastlega við komu einhverra. Það sást á því, að hann gekk fyrst að reiðfœrinu og dró upp úr skrínunni, sem gagnstœð var þeirri, er hann hafði verið í, njarðarvött og dálitla leirkrukku með vatni, sem hann svo þó með augu úlfaldans, andlit hans og nasaop. Að því búnu dró hann fram úr sömu hirzlu kringlóttan dúk með rauðum og hvítum röndum, bindi af teinum og sterklegan staf. Eftir að hann hafði á ýmsan hátt farið höndum um stafinn reyndist það svo, að þar var af hagleik miklum búið um ýmsa parta, sem lágu saman hver innan í öðrum, með hjörum á endunum til að skeyta þá saman, en þá

varð úr þeim meir en mannhæðarlangr ás. Hann stakk ásnum í sandinn og teinunum þar umhverfis og breiddi svo dúkinn þar yfir, og var hann þá í bókstaflegum skilningi í eigin húsi sínu, — og þótt húsnæðið þar væri miklu minna en í híbýlum emíra og sjeika, var þetta þó að öðru leyti regluleg eftirmynd þeirra bústaða. Úr klyfjaskrínunni tók hann enn gólf-ábreiðu eða ferhyrndan brekánsdúk og byrgði svo tjald-gólfið öðrum megin fyrir sólinni. Að því búnu fór hann út, og renndi nú enn að nýju augum sínum yfir landið umhverfis með enn meiri gaumgæfni og ílöngun en áður. Langt í burtu sást sjakall á stökki eftir sléttunni og örn í loftinu, sem flaug í áttina til Akaba-flóans. Að öðru leyti var engan lífsvott að sjá hvorki hið neðra í sandauðninni né í himinblámanum fyrir ofan.

Hann sneri sér að úlfaldanum og sagði í lágum rómi og á tungumáli, sem eyðimörkinni var ókunnugt: „Við erum komnir langt að heiman, þú, sem þreytir kapphlaup við snörpustu vinda! — langt að heiman, en guð er með okkr. Verum þolinmóðir.“

Síðan tók hann nokkrar baunir úr vasa á söðlinum, og lét þær í poka, er til þess var gjörðr að hengja undir munn dýrsins. Og er hann sá, með hvílíkri matarlyst hinn góði þjónn tók í fóðr sitt, sneri hann sér við og renndi enn augum vandlega yfir sandgeiminn, sem var orðinn dökkleitr í glampa hádegissólarinnar.

„Þeir koma víst“—sagði hann rólega. „Sá, sem leitt hefir mig hingað, leiðir þá einnig. Eg skal verða viðbúinn.“

Úr hulstrum nokkrum, sem voru innan í skrínunni, og körfu nokkurri úr víðitágum, sem var eitt í útbúnaði hennar, tók hann fram áhöld til máltíðar: trog, þéttofin úr pálmatrefjum, vín í smákrukkum úr leðri, þurrkað og reykt sauðakjöt, steinlaus *shamí* eða sýrlenzk granatepli, döðlur

frá El Shelebi, frábærlega ljúffengar, og höfðu þær sprottið í pálmaviðar-aldingörðunum — *nakhil* — í Mið-Afríku, ost eins og „mjólkr-sneiðarnar“ hans Davíðs, og sýrt brauð úr bakarabúð í bœ. Allt þetta kom hann með og setti það á gólfábreiðuna undir tjaldinu. Síðasti þáttrinn í fyrirbúnaði þessum var það, að hjá fœðunni, sem fram var borin, lagði hann þrjá silkidúka eins og þá, sem siðfágaðir Austrlendingar hafa til að breiða á kné gesta sinna, þá er þeir sitja að borði; en af því atviki mátti ráða tölu manna þeirra, sem veitingar þessar voru ætlaðar, eða hve margir þeir voru, sem hann átti von á.

Allt var nú til. Hann gekk út, og sjá, dökkr díll birtist í austri í eyðimörkinni. Hann stóð eins og hann væri rótfastr í jörðinni; augu hans þöndust út; það fór um hann einskonar kuldahrollr svo sem væri hann snortinn af einhverju yfirnáttúrlegu. Depillinn stœkkaði, varð eins stór og mannshönd, og loks birtist ummálið skýrt. Skömmu síðar kom allt í einu í augsýn annar úlfaldi sömu tegundar sem úlfaldinn hans, hár á vöxt og hvítr á lit, með *houdah* á bakinu, ferðaskrínur þær, sem tíðkuðust í Hindostan. Hinn egypzki maðr krosslagði hendrnar á brjóstið og leit til himins.

„Enginn nema guð er mikill!“ — sagði hann hátt, og augu hans fylltust tárum og lotning gagntók sál hans.

Komumaðr fœrðist nær og nam loks staðar. Þá var eins og einnig hann vaknaði af svefni. Hann virti fyrir sér úlfaldann, sem lá á knjánum, tjaldið og manninn, sem biðjandi stóð við dyrnar. Hann lagði og hendr sínar í kross, beygði höfuðið og gjörði þegjandi bœn sína; síðan mjög bráðlega sté hann af baki úlfalda síns niðr á sandinn; gekk hann svo til hins egypzka manns og Egyptinn á sama hátt til hans. Þeir horfðu eitt augnablik hvor á annan; síðan föðmuðust þeir, — það er að segja: hvor um sig

brá hœgra handlegg sínum yfir öxl hins og hinum vinstra um síðuna, og snart um leið með hökunni brjóstið fyrst vinstra megin, en síðan hœgra megin.

„Friðr sé með þér, þú þjónn hins sanna guðs!“—sagði komumaðr.

„Og þér einnig, bróðir í hinni sönnu trú! — þér boða eg frið og býð þig velkominn“—svaraði Egyptinn með heitri tilfinning.

Maðrinn nýkomni var hár og holdgrannr; andlitið magrt, augun djúpt liggjandi, hár og skegg hvítt, hörundið eins á lit og kanel og kopar — mitt þar á milli. Einnig hann var vopnlaus. Búningr hans eins og sá, er tíðkaðist í Hindostan: yfir kollhúfu var sjal, sem sveipað var um höfuðið í stórum brotum; það var sem túrban; klæðnaðr hans að öðru leyti var sömu tegundar sem Egyptans, nema *aba* hans var styttri og huldi því ekki hinar belgvíðu brœkr hans, er dregnar voru saman um öklana. Í stað ilskóa hafði hann á fótum hálfgildings-gólfskó úr rauðu leðri, totumyndaða að framan. Að skónum undan skildum var búningrinn allr frá hvirfli niðr í gegn úr hvítu líni. Yfirbragð mannsins var höfðinglegt, tignarlegt, alvörugefið. Visvamitra er mestr af öllum sjálfsafneitunar-hetjunum í skáldskaparverki því, er kalla má Ilíonskviðu Austrlanda. Sú hetja birtist fullkomlega í þessum manni. Það hefði mátt kalla hann persónugjörving lífsins, gegnþrunginn af speki Brahma — holdgetning guðhrœðslunnar. Að eins í augunum birtist merki mannlegs eðlis. Þá er hann lyfti andlitinu af brjósti Egyptans, glóðu tár í augum hans.

„Guð einn er mikill!“—sagði hann hátt, er þeir voru hættir að faðmast.

„Og sælir eru þeir, sem honum þjóna!“—svaraði Egyptinn og undraðist orðalag sinnar eigin upphrópunar.

„En bíðum við"—sagði hann enn fremr;—„bíðum við; því sjá, þarna kemr hinn."

Þeir horfðu í norðr, þar sem þriðji úlfaldinn kom og sást þegar skýrt, — fannhvítr eins og þeir, sem áðr voru komnir, og ruggaði eins og skip á sigling. Þeir biðu þar sem þeir stóðu hvor við annars hlið — biðu þar til hinn þriðja konumann bar að, en hann sté af baki og gekk til þeirra tveggja, sem fyrir voru.

„Friðr með þér, bróðir minn!" sagði hann um leið og hann faðmaði Hindúann að sér.

Og Hindúinn svaraði: „Verði vilji guðs!"

Sá, er síðast kom, var algjörlega ólíkr vinum sínum; hann var minni fyrirferðar; hvítr á hörundslit; hárið ljósleitt, mikið og þykkt, og var sem fullmyndaðr krans á hinu litla, en fagra höfði hans; hin dökkbláu augu hans hlýleg og báru vott um þýðlegt hugarfar, hjartanlegt eðli og drenglundað. Hann var berhöfðaðr og vopnlaus. Undir fellingum hinnar týrnesku ullarábreiðu, sem hann bar á sér með yndisleik miklum, er hann hafði enga hugmynd um, kom í ljós kyrtill með stuttum ermum og lágr í hálsinn, dreginn saman að mittinu með bandi, og náði flík þessi ofan að knjám, en hálsinn var berr, eins armar og fótleggir. Á fótum hafði hann ilskó. Fimmtíu ár og líklega vel það höfðu yfir hann gengið, að því er séð varð með engu merki þess öðru, að hann væri orðinn svo roskinn, en því, að alvörugefni skein út úr svip hans og fyrirhyggja út úr orðum hans. En að líkamsburðum var hann frísklegr og sálarfjörið ódeyft eins og hann væri enn ungr maðr. Það er óþarfi að segja þeim, sem er að virða hann fyrir sér, um þjóðernislegan uppruna hans; hafi hann ekki sjálfr verið kominn úr skógarlundum Apenu, þá voru forfeðr hans að minnsta kosti þar upp runnir.

Þá er hann hætti að faðma Egyptann, sagði hinn síð-

arnefndi með skjálfandi rödd: „Andinn leiddi mig hingað fyrstan; kannast eg því við, að eg em kjörinn til að vera þjónn bræðra minna. Tjaldið er reist upp og brauðið er til þess búið, að það sé brotið. Lát mig fullnægja skyldustarfi mínu.“

Hann tók í hönd þeirra beggja og leiddi þá inn í tjaldið, tók af þeim skóna og þó fætr þeirra, hellti vatni yfir hendr þeirra og þerrði þær svo með handklæðum.

Síðan tók hann til máls, er hann hafði þvegið sér sjálfum um hendrnar, og sagði: „Berum umhyggju fyrir oss, eins og þjónusta vor útheimtir, og mötumst, að vér fáum styrk til að fullnægja skyldum vorum þann tíma af þessum degi, sem eftir er. Meðan vér mötumst skulum vér hver um sig frœðast um það, hverjir hinir mennirnir eru, hvaðan þeir koma og hvernig þeir voru hingað kvaddir.“

Hann leiddi þá til máltíðar og skipaði þeim svo til sætis, að þeir sneru hver að öðrum. Allir í einu beygðu þeir höfuð sín fram, krosslögðu hendrnar á brjóstið og báru sameiginlega fram upphátt þessa einföldu borðbœn:

„Þú, faðir allra, guð! — það, sem vér höfum hér, er frá þér. Þigg þakkargjörð vora og blessa oss, svo vér fáum haldið áfram að gjöra þinn vilja.“

Um leið og þeir slepptu síðasta orðinu lyftu þeir upp augum sínum og litu hver framan í annan undrandi. Hver um sig hafði mælt á tungu, sem hinir höfðu aldrei fyrr heyrt, og þó skildi hver þeirra allt, sem sagt var. Sálir þeirra urðu gagnteknar af guðlegri geðshrœring, því í kraftaverkinu könnuðust þeir við návist guðs.

ÞRIDJI KAPÍTULI.

Kaspar hinn gríski.

Samfundir mannanna, sem að að framan er frá sagt, komu fyrir árið 747 eftir að Rómaborg var reist, en eftir því tímatali var almennt farið á þeirri tíð. Það var í Desembermánuði, og vetr stóð yfir í héruðunum öllum austr frá Miðjarðarhafi. Þeir, sem eru á ferð ríðandi í eyðimörkinni á þeirri árstíð, fara ekki langt svo, að ekki verði þeir vel matlystugir. Félagarnir í tjaldinu litla voru engar undantekningar frá þeirri reglu. Þeir voru hungraðir og snæddu af hjartans lyst; og er þeir höfðu svalað sér á víninu, sem fram var reitt, tóku þeir til máls.

„Ekkert er ferðamanni í ókunnu landi eins indælt og það, að heyra nafn sitt á vinartungu"—sagði hinn egypzki maðr, sem tekið hafði að sér að stýra samsæti þessu. „Fyrir oss liggja margir dagar náinnar samvistar. Það er því tími til fyrir oss að verða hver öðrum kunnugir. Ef allir eru því samþykkir, þá gjöri sá, er síðast kom, svo vel að hefja talið."

Hinn gríski maðr tók þá til máls, og talaði hann fyrst seint, eins og sá, sem vandlega hafði gætr á sjálfum sér.

„Það, sem eg hefi að segja, bræðr mínir! er svo undarlegt, að eg veit varla, hvar eg á að byrja, eða hvað eg fæ sagt, sem vel á við. Eg skil sjálfan mig ekki enn. Það, sem eg veit með mestri vissu, er, að eg er að gjöra vilja meistarans og að þjónusta sú, sem eg læt í té, er mér til frábærs og óaflátanlegs fagnaðar. Þá er eg íhuga tilgang þann, sem eg er sendr til að fullnægja, þá rís upp í mér óumræðileg gleði út af því að vita, að þetta er vilji guðs."

Hinn göfugi maðr þagnaði, með því að hann átti þess engan kost að halda áfram. Þeir hinir fundu til með honum, hættu að horfa í andlit hans og litu niðr.

„Langt hér fyrir vestan"—tók hann að nýju til máls—„er land, sem aldrei getr gleymzt, þótt ekki væri fyrir annað en það, að allr heimrinn stendr í svo frábærlega stórri skuld við það, og það, að skuldin er út af því, sem veitir mönnum margvíslega nautn hreinustu tegundar. Eg skal ekkert segja um listir, ekkert um heimspeki, málsnilld, skáldskap eða hernað. Bræðr mínir! dýrðin heyrir því landi til, og ekki getr hjá því farið, að hún birtist æfinlega ljómandi í bókmenntum þeim hinum fullkomnu, er gjöra munu hann, sem vér erum að að leita og viljum öðrum boða, kunnan gjörvallri jörðinni. Landið, sem eg er um að tala, er Grikkland. En eg em Kaspar, sonr Kleanþesar í Aþenuborg.

„Fólk mitt"—hélt hann áfram—„var sokkið niðr í bókmenntir, og þaðan er mér komin hin sterka tilhneiging í sömu átt. Það vill svo til, að tveir mestu heimspekingar vorir, hinir lang-fremstu af mörgum slíkum, kenna—annar það, að hver maðr sé gæddr ódauðlegri sál, hinn það, að guð sé til, einn guð, óendanlega réttlátr. Mjög mörg eru efni þau, sem heimspekingaflokkarnir hafa verið að þrátta um, og hefi eg úr öllum þeim sæg útvalið að eins þetta tvennt, svo sem það, er vert sé að leggja sig í líma til að fá úrlausn á; því eg hugði, að milli guðs og mannlegrar sálar væri samband, sem allt til þessa hefir verið ókunnugt. Þetta efni má rökræða fram að hugsunar-takmarki einu, sem er eins og dauðr, óyfirstíganlegr múrgarðr; þá er þangað er komið, er ekkert annað að gjöra en að standa kyrr og mœna biðjandi og hrópandi eftir hjálp. Það gjörði eg, en engin rödd kom til mín yfir múrgarðinn. Í örvænting sleit eg mig burt frá borgunum og skólunum."

Við þessi orð brá fyrir alvörugefnu brosi á vörum Hindúans, og varpaði brosið birtu yfir hið holdgranna andlit hans.

„Í norðrhluta lands míns — í Þessalíu“ — sagði hinn gríski maðr, er hann aftr tók til máls — „er fjall eitt, sem frægð hefir hlotið fyrir það að vera heimkynni guðanna, og býr þar Seifr, sem landsmenn mínir trúa að œðstr sé þeirra allra. Olympus er nafn fjallsins. Þangað fór eg. Fann eg helli einn í klettahnúk, þar sem fjallið, er kemr að vestan, beygir af til suðaustrs. Þar dvaldi eg og sökkti mér algjörlega niðr í djúpa íhugan — nei, eg gjörði ekkert annað en að bíða eftir því, sem hvert andartak var bœn—opinberan. Þar sem eg eins og eg gjörði trúði á guð, ósýnilegan, þótt öllu væri œðri, þá hafði eg það fyrir satt, að svo sterklega gæti eg af allri sálu til hans þráð, að hann aumkaðist yfir mig og veitti mér svar.“

„Og það gjörði hann — hann gjörði það!“ — sagði Hindúinn með hárri rödd og lyfti um leið höndum sínum upp frá silkidúknum, sem hann hafði framan á sér.

„Heyrið mig, brœðr!“—sagði hinn gríski maðr og stöðvaði tilfinningar sínar eftir því, sem hann gat. „Dyr einsetuklefa míns snúa að flóa einum, sem skerst úr hafinu inn í meginlandið og nefndr er Laugaflói. Einn dag sá eg mann, sem varpað var útbyrðis úr skipi nokkru, sem sigldi fram hjá. Hann synti til lands. Eg tók á móti honum og bar umhyggju fyrir honum. Hann var Gyðingr, vel að sér í sögu og lögmáli fólks síns; og af honum fékk eg það að vita, að guð, sem eg hafði leitað til í bœnum mínum, var í sannleika til og hafði um margar aldir verið löggjafi, stjórnari og konungr þeirrar þjóðar. Hvað myndi þetta vera annað en opinberan sú, sem mig hafði órað fyrir? Trú mín hafði ekki reynzt árangrslaus; guð veitti mér svar.“

„Eins og hann veitir öllum, sem til hans hrópa í þeirri trú“ — sagði Hindúinn.

„En, ó!“ — bætti Egyptinn við — „hve fáir eru þeir, sem nógu mikinn vísdóm hafa til að bera á það skyn, hvenær hann svarar þeim!“

„Það var meira, sem eg vildi segja“—hélt hinn gríski maður áfram. „Maðrinn, sem þannig var mér sendr, sagði mér meira. Hann sagði, að spámennirnir, sem á öldunum á eftir opinberanina fyrstu umgengust guð og töluðu við hann, hefði lýst yfir því, að hann myndi koma hingað á jörðina. Hann gaf mér nöfn spámannanna og tilfærði úr hinum helgu bókum eigin orð þeirra. Hann sagði mér enn fremr, að koma guðs væri fyrir hendi — að við henni væri hið bráðasta búizt í Jerúsalem.“

Hinn gríski maður þagnaði, og birtan á andliti hans dofnaði.

„Það er satt“ — sagði hann, er hann eftir stutta þögn tók aftr til máls — „það er satt, að maðrinn sagði mér, að eins og guð og opinberan sú, sem hann talaði um, hefði að eins verið fyrir Gyðinga, eins myndi það verða í annað sinn. Sá, sem koma ætti, myndi vera konungr Gyðinga. Eg spurði, hvort ekkert væri frá honum í vændum fyrir heiminn þar fyrir utan. En maðrinn setti þvert nei við þeirri spurning, og mátti á rödd hans heyra, að hann var hróðugr af því svari. ‘Nei’—sagði hann—, ‘vér erum hin útvalda þjóð guðs’. En von mín lamaðist ekki, þótt eg fengi þetta svar. Hví skyldi slíkr guð halda kærleik sínum innan takmarka eins lands og láta hann að eins koma fram svo að kalla við eina fjölskyldu? Af öllu hjarta gjörði eg mér far um að ná meiri þekking. Loks tókst mér að vinna bilbug á stœrilæti mannsins, og komst eg þá að því, að feðr hans höfðu að eins verið kjörnir til þjónustu guðs til þess að halda sannleikanum lifanda, að heimrinn fengi að lokum

hann að vita og verða hólpinn. Þá er Gyðingrinn var farinn og eg var aftr orðinn einn, beitti eg aga við sál mína með nýrri bœn — bœn um það, að mér mætti leyfast að sjá konunginn, er hann kœmi, og veita honum tilbeiðslu. Eitt kvöld sat eg við dyr hellis míns og leitaðist við að nálgast meir leyndardóma tilveru minnar, en slík þekking er sama sem þekking á guði. Sá eg þá allt í einu á sjónum fyrir neðan mig, eða öllu heldr í dimmunni, sem huldi sjávarflötinn, stjörnu, er tók að blika eins og hún logaði. Hœgt og hœgt lyftist stjarnan upp og fœrðist nær, nam svo staðar uppi yfir kletta-hnúknum og fyrir ofan hellis-mynnið, svo að birta hennar skein beint á mig. Eg hné niðr og sofnaði, og í draumi heyrði eg rödd svo mælandi:

„‘Kaspar! trú þín hefir sigrað. Sæll ert þú. Ásamt tveimr mönnum öðrum, sem koma frá yztu endimörkum jarðarinnar, munt þú sjá hann, sem fyrirheitinn er, gjörast vottr hans og verða orsök til þess, að um hann verði vitnað af öðrum. Statt upp að morgni og legg á stað til samfunda við þá, og treyst andanum, sem verða mun leiðtogi þinn.’

„Og næsta morgun vaknaði eg með andann í innra manni mínum, sem ljós, bjartara en sólarljósið. Eg afklæddist einsetumanns-gervinu og klæddi mig eins og fyrrum. Fram úr fylgsni nokkru tók eg fjársjóðinn, sem eg hafði haft með mér úr borginni. Skip á sigling var úti fyrir. Eg kallaði á það, og mér var þar veitt viðtaka, en skipið lenti svo í Antíokíu. Þar keypti eg úlfaldann og reiðtýgin. Gegn um blómreiti og aldingarða þá, sem með margvíslegri litadýrð prýða bakka Orontes-fljóts, lagði eg leið mína til Emesa, Damaskus, Bostra og Filadelfíu; þaðan kom eg hingað. Og nú hafið þið, brœðr! heyrt sögu mína. Látið mig nú hlusta á ykkr.“

FJÓRÐI KAPÍTULI.

Melkíor.

Egyptinn og Hindúinn horfðu hvor á annan. Hinn fyrrnefndi veifaði hendinni; hinn síðarnefndi beygði sig og tók til máls:

„Bróður okkar hefir sagzt vel. Eg vildi óska, að orð mín gæti komið með aðra eins vizku.“

Hann þagnaði, hugsaði sig um allra snöggvast, og hóf svo ræðu sína:

„Þið getið, bræður! nefnt mig Melkíor. Eg ávarpa ykkr á tungumáli því, sem að minnsta kosti var öllum tungum fyrr gjört að ritmáli, þótt ekki sé það ef til vill elzta tungumál heimsins, og á eg með þessu við sanskrít, tungu Indlands. Eg em fæddr Hindúi. Fólk mitt var á undan öllum öðrum þjóðum í því að leggja stund á margvíslega þekking, greina eina tegund þekkingar frá annarri og gjöra allar þær tegundir fagrar. Hvað sem hér eftir kann að koma fyrir, þá er það víst, að Vedurnar fjórar munu aldrei líða undir lok, því að þar eru frum-uppsprettur trúarbragðanna og allrar nytsamrar þekkingar. Til þeirra eiga Upa-Vedurnar rót sína að rekja. Menn tóku við þeim af Brahma, og hljóða þær um læknisfræði, bogmennsku, byggingarlist, söngfræði og þær sextíu og fjórar smíðvélaíþróttir; þar næst er að nefna Ved-Anga-ritin, sem hafa inni að halda opinberan guðinnblásinna heilagra manna, en efni þeirra er stjörnufræði, málfræði, bragfræði, framburðarfræði, töfrafræði, sœringafræði, guðsþjónustu-formálar og seremoníur; þá Up-Anga-ritin, sem spekingrinn Vyasa færði í letr, en efni þeirra er um sköpun heimsins,

tímatal og landafræði; í því ritsafni eru kappakvæði þau, er Ramayana og Mahabharata nefnast, og voru kvæði þau orkt í því skyni að halda stöðugt við þekking á guðum vorum og hálfguðum. Þannig eru Shastra-ritin miklu, bækr þær, sem í sér geyma hinar helgu tilskipanir. Þær eru dauðar mér nú; en allt fyrir það munu þær að notum koma að því er það snertir að gjöra mönnum ljóst hið andlega eðli þjóðar minnar á því skeiði sögunnar, er það, ef svo má að orði kveða, var að springa út. Þar fékkst von um það, að þetta myndi brátt ná fullkomnan. Sé að því spurt, hvernig á því standi, að sú von náði ekki að rætast, þá má því miðr segja, að einmitt með ritum þessum hafi verið loku skotið fyrir öllum frekari framförum. Undir því yfirvarpi, að þar réði umhyggja fyrir skepnunni, leiddu höfundarnir sjálfir inn þá háskalegu meginreglu, að maðr mætti ekki eiga neitt við rannsóknir eða uppfundningar, fyrir þá sök að guð hefði séð honum fyrir öllu því, er hann nauðsynlega þyrfti. Og er þetta var orðið að helgu lögmáli, þá var sem lampi þjóðernisanda Hindúa hefði verið látinn niðr í brunn, og hefir ljósberi sá ávallt síðan að eins náð að varpa birtu yfir hið þrönga svæði innan brunnveggjanna og vatnið beiska þar niðri.

„Þessar atugasemdir stafa ekki af stórmennsku, eins og þið munuð skilja, þá er eg segi ykkr, að Shastra-ritin flytja þá kenning, að guð, sem nefndr er Brahm, sé yfir öllu, svo og það, að í Púrana-ritunum eða hinum helgu Up-Anga-ljóðum er efnið um dyggð og góðverk, og um sálina. Ef bróðir minn leyfir"—tölumaðr hneigði sig nú lotningarfyllst fyrir Grikkjanum—, „þá skal eg taka það fram, að mörgum mannsöldrum áðr en fólk þitt varð kunnugt höfðu þau tvö miklu hugtök, guð og sálin, náð svo miklu haldi á hugsunarlífi Hindúa, að ekkert annað komst þar að. Þessu máli til frekari skýringar vil eg, með góðu leyfi ykkar, segja,

að í þessum sömu helgu bókum er það kennt, að Brahm sé þrenning—Brahma, Vishnu og Shiva. Af persónum þrenningar þessarrar er sagt að Brahma sé skapari þjóðflokks vors, og að hann síðar, er fram liðu aldir, hafi skift þjóðarheildinni í fjórar afgirtar stéttir. Fyrst lét hann heimana hið neðra og himnana hið efra byggjast; þar næst bjó hann jörðina undir jarðneska anda; síðan gekk fram af munni hans stétt Brahmana, sem honum er allra líkust, öllum hinum œðri og göfugri, og áttu engir aðrir við að flytja kenning Vedanna, sem um sama leyti streymdu út af vörum hans í hinni fullkomnu mynd sinni, hafandi í sér þá þekking, sem ekki mátti á œðra stig komast. Næst streymdi fram úr armleggjum hans Kshatriya-stéttin, hermennirnir; út úr brjósti hans, þar sem lífið á heima, kom Vaisya-stéttin, eða það fólk, sem framleiðslan í landinu er undir komin — hjarðmenn, bœndr, verzlunarmenn; út úr fœti hans, til merkis um niðrlæging, kom Sudra-stétt, eða ánauðarlýðr sá, sem dœmdr var til auðvirðilegra skyldustarfa fyrir hinar stéttirnar — þrælar, vinnuhjú, erviðisfólk, iðnaðarmenn. Þess ber enn fremr að gæta, að lögmálið, sem með þeim var þannig fœtt, lagði bann við, að nokkur maðr gengi úr einni stétt inn í aðra; Brahmani gat ekki stigið niðr í lægri stétt; bryti slíkr maðr lögmál stéttar sinnar, var honum útskúfað úr mannfélaginu, og mátti hann þá ekkert hafa saman að sælda við annað fólk nema það, sem mannfélagið hafði hrundið frá sér eins og honum."

Þá er hér var komið, fór ímyndunaraflið í sál hins gríska manns í funa út af öllum hinum voðalegu afleiðingum slíkrar niðrlægingar; varð sú hugsan hinni nœmu eftirtektarsemi hans yfirsterkari, og hann hrópaði upp: „Þar sem svona er ástandið, hvílík lífsnauðsyn á kærleiksríkum guði!"

„Já," — bœtti Egyptinn við — „á kærleiksríkum guði eins og vorum guði."

Hindúinn hleypti brúnum samfara sársauka; en er hann hafði jafnað sig eftir þá tilfinning, hélt hann áfram í lægri rödd en áðr:

„Eg var fœddr Brahmani. Líf mitt var því fyrirfram ákvarðað allt til síðustu hrœringar og síðustu stundar. Það að mér fyrst var veitt fœða, — það að mér var gefið fullt nafn, — það að eg í fyrsta sinn var borinn út og látinn sjá sólina, — það að mér var fenginn hinn þrefaldi þráðr og eg með því komst í hóp hinna endrfœddu, — það að eg var leiddr inn á fyrsta stigið í stétt minni, — allir þessir atburðir voru gjörðir hátíðlegir með helgum ritningargreinum og ströngum seremoníum. Ef eg gekk, át, drakk eða svaf, þá gat eg ætíð átt á hættu, að eg bryti einhverja reglu. Og, brœðr! sektin, sem við lá, kom niðr á sál minni! Eftir því, hvort lögmálsbrotið varstœrra eða minna, fór það, í hvern himininn sál mín komst — Indra ræðr yfir lægsta himninum, Brahma yfir hinum œðsta — eða sál mín var rekin til baka hingað á jörð til þess að lifa lífi orms, flugu, fiskjar eða ferfœtlings. Launin fyrir fullkomið lögmálshald var Sæla, eða það að renna inn í veru Brahm's, sem fremr var algjör hvíld en að það gæti kallazt eiginleg tilvera."

Hindúinn hugsaði sig nú um allra snöggvast; hélt hann svo áfram að nýju og mælti: „Sá hluti af æfi Brahmana, sem nefnist fyrsta stigið, er námsskeið hans. Þá er eg var til þess búinn að komast á annað stig — það er að segja kvænast og verða húsráðandi—, efaðist eg um sérhvað eina, jafnvel um Brahm; eg var trúvillingr. Frá djúpi brunnsins, er eg var í, kom eg auga á ljós uppi yfir mér, og eg þráði að komast upp og sjá allt það, sem það ljós skini á. Loksins — eftir margra ára sárar þrautir — stóð eg í fullkominni dagsbirtu, og gat nú virt fyrir mér uppsprettu lífs-

ins, meginmál trúarbragðanna, það, sem bindr sálina saman við guð — kærleikann!“

Það fœrðist sýnilega fjör í hið hrukkótta andlit hins göfuga manns, og hann spennti greipar sterklega. Svo varð þögn, og litu hinir mennirnir þá á hann, Grikkinn með tárvotum augum. Loks hóf Hindúinn aftr rœðu sína:

„Sæla kærleikans er fólgin í starfseminni, og styrkr kærleikans sýnir sig í því, hvað hann er fús til að gjöra fyrir aðra. Eg gat ekki haldið kyrru fyrir. Brahm hafði látið svo skelfilega mikla eymd streyma inn í heiminn. Hinn ánauðugi lýðr Soudra-stéttar vakti meðaumkan mína, eins óteljandi meinlætamenn og þeir, sem annarra vegna fórna sjálfum sér. Ganga Lagor er ey, sem liggr þar sem hin helgu vötn Ganges-fljóts hverfa í Indlandshafi. Þangað leitaði eg. Í skugga musteris nokkurs, sem þar hefir verið reist og helgað spekingnum Kapila, í sameinuðum bœnum lærisveina þess dýrðlings, sem helguð minning hans hefir safnað umhverfis hús hans og heldr þar kyrrum, þóttist eg mundu fá hvíld. En tvisvar á ári hverju komu lestir Hindúa-pílagríma til þess að leita sér hreinsunar í vötnum þeim. Eymd þeirra glœddi kærleik minn. Eg beitti öllu afli til þess að halda mér frá að tala, sem eg hafði ríka hvöt til; því eitt orð gegn Brahm eða Þrenningunni eða Shastra-ritningunum myndi verða mér til dómsáfellis. Sýndi eg nokkra minnstu góðsemd til handa hinum útskúfuðu Brahmönum, er annað veifið sáust draga sig áfram út í dauðann á brennandi söndunum — lýsti yfir þeim blessun í orði, gœfi þeim svaladrykk—, þá myndi eg verða einn þeirra, sviftr vandamönnum mínum, ættjörð minni, einkaréttindum mínum og stöðu minni. Kærleikrinn bar sigr út býtum. Eg talaði til lærisveinanna í musterinu; þeir ráku mig út. Eg talaði til pílagrímanna; þeir ráku mig með grjótkasti burt úr eynni. Á alfara vegum leitaðist eg við að prédika; tilheyr-

endr mínir flúðu frá mér eða leituðust við að drepa mig. Loks var á öllu Indlandi ekki einn staðr til, þar sem eg gæti verið í friði eða óhultr — jafnvel ekki meðal þeirra, sem voru í útskúfunar-ástandi, því þótt þeir fallnir væri, trúðu þeir þó á Brahm. Þá er í allra mestu raunirnar var rekið, sóktist eg eftir að komast í einveru, þar sem eg gæti verið öllum dulinn nema guði. Eg lagði leið upp með Ganges allt að uppsprettum fljótsins, langt uppí Himalaya-fjöllum. Þá er eg kom inn í skarðið hjá Hurdwar, þar sem fljótið tárhreint steypist niðr úr hæðunum til þess síðan að renna gegn um hið leðjuborna láglendi, gjörði eg bœn mína og bað fyrir þjóð minni, sem eg hugði mig vera orðinn frá skilinn um aldr og æfi. Gegn um gljúfr, yfir hamra og jökla, meðfram fjalltindum, sem sýndust gnæfa eins hátt upp og stjörnurnar, brauzt eg áfram til Lang Tso, sem er stöðuvatn dýrðlega fagrt og liggr eins og það sofi við rœtr fjallanna Tise Gangri, Gurla og Kailas Parbot; en bergrisar þeir ota öld eftir öld snævgum sköllunum framan í sólina. Þar er miðbik jarðar. Þar spretta upp fljótin Indus, Ganges og Brahmapootra til þess að renna þaðan í ýmsar áttir þær löngu leiðir, sem fyrir þeim liggja. Þar hafði mannkynið byggistöð sína fyrst, og þaðan dreifðist það síðan út til þess að ná út yfir alla jörðina; lét það þá þar eftir Balk, móður borganna, sem svo ávallt síðan hefir verið minnismark þess mikla söguþáttar. Það er eins og náttúran hafi þar horfið til baka á það stig, er hún var á í öndverðu, og á þennan blett býðr hún, örugg í ómælanleik sínum, til sín spekingum og útlögum og heitir hvorum um sig því, er þeir þrá mest af öllu, — spekingunum einveru, útlögunum tryggu hæli. Þangað fór eg til þess að vera einn með guði í bœn og föstuhaldi og bíða dauðans."

Enn að nýju lækkaði rödd tölumanns; hann lagði hendrnar skyndilega saman og komst mjög við.

„Eitt kvöld var eg á gangi á vatnsströndinni og mælti svo felldum orðum til hinnar hlustandi þagnar:

'Hvenær skyldi guð koma og gjöra tilkall til eignar sinnar? Er ekki neinnar endrlausnar að vænta?' Allt í einu tók ljós með titringi að glitra á vatninu; stjarna rann brátt upp og færðist til þeirrar áttar, sem eg var í, og nam staðar uppyfir mér. Eg var eins og utan við mig af birtu stjörnunnar. En er eg lá á jörðinni, heyrði eg rödd, óendanlega indæla, segjandi: 'Kærleikr þinn hefir sigr unnið. Sæll ert þú, sonr Indlands! Endrlausnin er fyrir hendi. Ásamt tveim öðrum frá fjarlægum landsálfum á jörðinni skalt þú sjá endrlausnarann og verða vottr að því, að hann sé kominn. Tak þig upp að morgni næsta dags til þess að mœta þeim, og set allt þitt traust á andann, sem mun leiðbeina þér.'

„Upp frá þeirri stund hefir ljósið hjá mér verið og vissi eg, að það var hin sýnilega návist andans. Daginn eftir snemma lagði eg á stað út í heiminn sömu leiðina, sem eg áðr hafði farið, þegar eg kom. Í klettasprungu einni í fjallinu fann eg stein, sem var stór-mikils virði, og seldi eg hann í Hurdwar. Leið mín lá um Lahore og Kabool og Yezd, og þaðan kom eg til Ispahan. Þar keypti eg úlfaldann, og þaðan var eg leiddr til Bagdad, og beið eg ekki eftir lestamönnum. Aleinn ferðaðist eg, óhræddr, því andinn var með mér,— og er enn með mér. Hve dýrðlegt er hlutskifti okkar, brœðr! Við eigum að fá að sjá endrlausnarann — tala við hann — tilbiðja hann!

„Nú hefi eg talað út."

FIMMTI KAPÍTULI.

Balthasar.

Fram af munni hins fjörmikla Grikkja brutust nú orð, sem báru vott um gleði hans og samfögnuð. Síðan mælti Egyptinn í einkennilega alvörugefnum róm:

„Eg heilsa þér, bróðir minn! Þú hefir mikið tekið út, og eg fagna yfir sigri þínum. Þóknist ykkr báðum að hlusta á mig, skal eg nú segja ykkr, hver eg er og hvernig köllunin kom til mín. Biðið mín snöggvast.“

Hann gekk út og veitti úlföldunum það, er þeir þörfnuðust; kom svo aftr og tók sæti sitt að nýju.

„Orð ykkar, bræðr! voru af andanum“ — sagði hann, er hann byrjaði; — „og andinn veitir mér á þeim skilning. Þið töluðuð einkum um ykkar lönd: réð þar meginhugsan ein mikil, sem eg mun útskýra; en til þess að skýringin geti orðið fullkomin leyfið mér fyrst að tala um sjálfan mig og mitt fólk. Eg heiti Balthasar og er frá Egyptalandi.“

Þessi síðustu orð voru kyrrlátlega borin fram, en með svo miklum göfugleik, að tilheyrendrnir báðir hneigðu sig fyrir rœðumanni.

„Það er margt, sem styðr að upphefð þjóðar minnar“ — sagði hann, er hann hélt rœðu sinni áfram; — „en eg læt mér nœgja að nefna eitt. Sagan byrjaði með oss. Vér vorum á undan öllum öðrum í því að halda á lofti minning sögulegra atburða með því að færa þá í letr. Munnlegar sögusagnir eru því engar til hjá oss; og í staðinn fyrir skáldskap höfum vér fram að bjóða það, sem bókstaflega er satt og fullvíst. Framan á hallir og musteri utan á óbeliska, innan í grafhvelfingar letruðum vér nöfn

konunga vorra og afreksverk þeirra; og hinum smágjöru blöðum papyrus-jurtarinnar fengum vér til geymslu vísdóm heimspekinga vorra og leyndarmál trúarbragða vorra — öll leyndarmál nema eitt, sem eg mjög bráðlega mun tala um. Eldri en Vedur Para-Brahm's eða Up-Anga-ritin eftir Vyasa, Melkíor! — eldri en kvæði Hómers eða frumspekirit Platons, Kaspar! — eldri en hinar helgu bækr eða konungar fólksins í Kína, eða ritin, sem kennd eru við Siddartha, son Mayu hinnar fögru, — eldri en sköpunarsagan, eftir Mosché hinn hebreska, — elzt af öllu því, sem menn hafa í letr fært, eru rit Menesar, hins fyrsta af konungum vorum." Hér þagnaði rœðumaðr allra snöggvast, festi hin stóru augu sín góðlátlega á Grikkjanum og sagði: „Þá er Hellas var á œskuskeiði, hverjir voru það, Kaspar! þá, sem veittu kennurum þjóðarinnar þar tilsögn?"

Hinn gríski maðr hneigði sig og brosti.

„Af þeim ritverkum vitum vér" — hélt Balthasar áfram—, „að þá er feðrnir komu lengst austan úr heimi, úr landshluta þeim, þar sem þær þrjár helgu ár hafa upptök, frá miðbiki jarðarinnar — hinu forna Íran, sem þú, Melkíor! talaðir um—, og höfðu með sér sögu heimsins á undan flóðinu og um flóðið sjálft, eins og Aryanar höfðu hana frá sonum Nóa, þá fluttu þeir kenninguna um guð, skaparann og upphaf alls, og um sálina, sem ódauðleg er eins og guð. Þá er við heppilega höfum fullnœgt skyldunni, sem nú kallar á okkr, skal eg, ef þið kjósið að koma með mér, sýna ykkr hið helga bókasafn prestalýðs vors; en eitt ritverk í safni því er *bók hinna dánu,* þar sem helgisiðareglur þær er að finna, sem sálinni ber að fullnœgja eftir að dauðinn hefir sent hana á stað í ferð sína til dómsins. Hugtökin *guð* og *ódauðleg sál* bárust Mizraim yfir eyðimörkina og með honum til Nílár-bakka. Þau voru þá hrein og ómenguð, og auðskilin eins og allt það, sem guð ætlar oss til hamingju,

er æfinlega; svo var þá og hin fyrsta tilbeiðsla — söngr og bœn eins og bezt átti við eðli þeirrar sálar, sem full er af fögnuði og von og elskar skapara sinn."

Hinn gríski maðr lyfti nú skyndilega upp höndum og hrópaði: „Ó, ljósið í mínum innra manni verðr dýpra!"

„Eins í mínum innra manni!" — sagði Hindúinn með sama ákafa.

Egyptinn virti þá góðlátlega fyrir sér, hélt svo áfram rœðu sinni og sagði:

„Trúarbrögðin eru lögmál það, sem bindr manninn við skapara hans. Þá er þau eru eins hrein og verið getr, felast í þeim að eins þessi frumsannindi: guð, sálin og það, að þau kannist hvort við annað; en ef í þessum sannindum er lifað, þá verðr afleiðing þeirra tilbeiðsla, elska eða kærleikr, og endrgjald. Þetta lögmál eins og sérhvert annað, sem er guðlegs uppruna — eins og t. d. það, er bindr jörðina við sólina — var fullkomnað í upphafi af höfundi þess. Slík var, brœðr mínir! trú hinnar fyrstu fjölskyldu; slík var trú Mizraim's, föður vors, því ekki getr honum hafa dulizt sköpunar-reglan, sem aldrei er eins auðsæ og í fyrstu trúarbrögðunum og tilbeiðslu þeirri, er þeim var samfara. Fullkomnan er guð: einfeldni er fullkomnan. Meinið mikla, sem öll önnur mein eru af sprottin, er í því fólgið, að menn vilja ekki lofa öðrum eins sannindum og þessum að vera í friði."

Hann þagnaði snöggvast eins og hann væri að hugsa sig um, hvernig hann ætti að halda áfram.

„Margar þjóðir hafa verið hugfangnar í hinu lifanda vatni Nílár" — sagði hann næst—: „Eþíópar, Pali-Putra, Hebrear, Assýrar, Persar, Makedónar, Rómverjar,—og að Hebreum frá skildum hafa allar þessar þjóðir einhvern tíma ráðið yfir því fljótshéraði. Af því að svo margar þjóðir hafa komið og farið hefir það leitt, að hin forna trú, sem

kennd er við Mizraim, hefir spillzt. Úr Pálmadalnum varð Guðadalrinn. Guð hinn œðsti deildist sundr í átta guði, og var hver einstakr þeirra persónugjörvingr sérstaks sköpunarafls í náttúrunni, en fremstr þeirra var Ammon-Re. Þar næst komu sem nýjar uppfundningar Isis og Osiris og þeirra guðaflokkr, ímyndir vatns, elds, lofts og annarra náttúruafla. Enn hélt margföldunin áfram þangað til hjá oss voru orðnir til guðir á öðru stigi, er rót sína áttu að rekja til mannlegra eiginleika, eins og styrkleika, þekkingar, elsku, og annars þvílíks."

„Og í öllu þessu var hin gamla heimska" — kallaði Grikkinn upp í mestu ákefð. — „Að eins það, sem vér náum ekki til, fær haldizt óbreytt frá því, er var, þá er það í öndverðu kom til vor."

Egyptinn beygði höfuðið og hélt áfram:

„En ögn meira, brœðr mínir! áðr en eg fer að tala um sjálfan mig. Það, sem vér stefnum að, mun virðast enn heilagra, er það er saman borið við það, sem er og hefir verið. Hin fornu ritverk sýna, að þá er Mizraim kom fyrst að Níl, varð hann þess vís, að landið þar beggja megin var eign Eþíópa, sem þaðan höfðu dreifzt út um Afríku-eyðimörkina, og hafði þjóðflokkr sá með hinum auðugu sálargáfum sínum og tilhneiging sinni til öfgakenndra ímyndana algjörlega gefið sig á vald dýrkan náttúrunnar. Persar með skáldeðli sínu báru fram fórnir til handa sólinni, sem fullkomnust var ímynd guðs þeirra, er Ormuzd er nefndr; hin trúrœknu börn hinna fjarlægu Austrlanda tálguðu sér myndir af guðum sínum úr tré og fílabeini; en Eþíópar, sem ekki kunnu að rita, engar bœkr áttu og engan höfðu hœfileik til að smíða neinskonar nytsöm áhöld, friðuðu sálir sínar með tilbeiðslu dýra, fugla og skorkvikinda, töldu köttinn helgaðan Re, tarfinn Isis, flugu eina Pthah. Barizt var langa tíð gegn hinni grófgjöru trú

þeirra, en á endanum fékk hún þó viðrkenning sem trúar-Lrögð hins nýja ríkis. Þá risu upp hin voldugu mannvirki, sem hlaðið var víðsvegar um árbakkana og eyðimörkina — óbeliskar, völundarhús, pyramídar, grafir konunga, og þar innan um grafir krókódíla. Svo mikil var niðrlæging sú, bræðr mínir! sem synir Aríana sukku í."

Í fyrsta sinn missti Egyptinn nú stilling sína; á andliti hans varð að vísu engin breyting séð, en rödd hans bilaði.

„Fyrirlítið ekki landa mína um of" — sagði hann, er hann aftr tók til máls. — „Þeir gleymdu ekki allir guði. Eg tók það áðan fram, eins og þið ekki ólíklega munið, að vér fengum blöðum papyrus-jurtarinnar til geymslu öll leyndarmál trúarbragða vorra nema eitt; frá því ætla eg að segja ykkr nú. Eitt sinn sat að völdum hjá oss faraó einn, sem gaf sig við allskonar breytingum og nýungum. Til þess að festa nýja fyrirkomulagið gjörði hann sér far um að koma gamla fyrirkomulaginu algjörlega út úr hugum manna. Hebrear dvöldu þá hjá oss í þrældómi. Þeir héldu fast við sinn guð; og er ofsóknin varð óþolandi, frels-uðust þeir á þann hátt, er aldrei varð gleymt. Eg fer í því, sem eg segi nú, eftir ritunum, er fyrir liggja. Mosché, er sjálfr var Hebrei, kom til konungshallarinnar og krafðist leyfis fyrir þrælana, er þá voru ein milíón að tölu, til að fara burt úr landinu. Krafa sú var í nafni drottins, guðs Ísraels. Faraó neitaði. Og heyrið nú, hvað af neitan þeirri leiddi. Fyrst af öllu varð að blóði allt vatn, í stöðu-vötnum og ám, í brunnum og ílátum. En einvaldsstjórinn sat við sinn keip eins fyrir því. Þá komu froskar og huldu allt land. Enn var konungr gallharðr. Þá varpaði Mosché ösku í loftið, og plága nokkur réðst á Egypta. Þessu næst var nautpeningr allr, nema sá, er Hebreum heyrði til, lostinn til dauða. Engisprettur gleyptu í sig all-an grœnan gróðr í Nílárdal. Um hádegi varð dagsbirtan

að myrkri, er svo var þykkt, að ljós á lömpum gat ekki logað. Loks kom það fyrir á nætrþeli, að allir frumburðir Egypta dóu; og ekki heldr komst frumgetningrinn í höll faraós undan. Þá lét konungr sig. En er Hebrear voru farnir, fór hann þó á eftir þeim með herliði sínu. Á síðasta augnabliki klofnaði sjórinn í sundr, svo flóttamenn komust þar yfir þurrum fótum. Þá er mennirnir, sem eltu þá, óku inn á farveg sjávarins á eftir þeim, féllu öldurnar skyndilega að aftr, svo að þeir drukknuðu — riddaralið, fótgöngulið, vagnalið, og konungr sjálfr. Þú minntist á opinberan, Kaspar!“ —

Hin bláu augu Grikkjans tindruðu.

„Eg hafði söguna frá Gyðingnum“ — mælti hann. „Þú staðfestir þá sögu, Balthasar!“

„Já, en Egyptaland talar nú fyrir minn munn, ekki Mosché. Eg þýði letrið á marmarahellunum. Prestar þeir, er þá voru uppi, færðu á sinn hátt í letr það, sem þeir voru vottar að, og opinberanin hefir haldizt á lífi. Svo kem eg þá að því eina leyndarmáli, sem ekki var skrásett. Í mínu landi höfum vér, bræðr! ávallt frá dögum hins óhamingjusama faraós haft tvenn trúarbrögð — önnur einstaklegs eðlis, hin almenn; önnur, sem halda fram trú á marga guði, og hefir alþýða lifað samkvæmt þeim; hin, sem er trú á einn guð, og hefir prestastéttin ein lifað í þeirri trú og glœtt hana hjá sér. Fagnið með mér, bræðr! Margar þjóðir hafa alla vega traðkað niðr land vort; konungar hafa hrjáð það stórvægilega; óvinir hafa fundið margt upp; tíminn hefir valdið fjarskalegum breytingum; — en það hefir allt reynzt árangrslaust. Eins og frœkornið, sem lengst niðri í jörðu bíðr stundar sinnar, hefir hinn dýrðlegi sannleikr lifað; og nú — nú einmitt er dagr upprisunnar.“

Líkami Hindúans, sem orðinn var visinn, titraði af fögnuði, og Grikkinn kallaði upp hátt:

„Mér virðist eyðimörkin sjálf vera orðin syngjandi.“

Egyptinn saup á vatnskrukku, sem var þar skammt frá honum, og hélt svo áfram:

„Eg var fæddr í Alexandríu, af ætt konunga og presta, og hlotnaðist mér uppeldi, sem stöðu minni var samboðið. En mjög snemma varð eg óánœgðr. Einn þáttr trúarinnar, sem að mér var haldið, var það, að eftir dauðann og eyðing líkamans byrjaði sálin allt í einu umferð sína eins og áðr frá því, sem lægst er, upp til manndóms, sem er œðsta og síðasta tilveran, — og það án alls tillits til hegðunar í hinu dauðlega lífi hér. Þá er eg heyrði um ríki ljóssins í trú Persa, paradís þeirra hinum megin við brúna Chinevat, þangað sem engir fœri aðrir en góðir menn, gat eg ekki slitið mig frá hugsaninni um það efni; bæði dag og nótt var eg sífellt að virða fyrir mér til samanburðar þau tvö hugtök: eilífa hringferð og eilíft líf á himnum. Svo framarlega sem guð væri réttlátr, eins og kennari minn kenndi mér, hví var þá enginn greinarmunr á góðum mönnum og vondum? Loks varð mér ljóst, efalaust, bein afleiðing lögmáls þess, sem eg heimfœrði hreina trú undir, að dauðinn væri að eins skilnaðarmark það, sem óguðlegir menn eru staddir hjá, þá er þeim er sleppt og þeir látnir farast, og í annan stað þeir, sem reynzt hafa trúir, til þess þaðan í frá að hefjast upp til œðra lífs. Þetta er ekki *nirvana* Búddha-trúar, eða hin neikvæða hvíld Brahma-trúar, Melkíor! né betri vistarveran í dauðraríkinu, sem er öll sú himinsæla, er trúin á Olympus-guðina veit af að segja, Kaspar!—, heldr líf — starfsamt, fagnaðarríkt, eilíft *líf með guði*. Þessi uppgötvan hafði í för með sér nýja rannsókn. Hví skyldi sannleikanum lengr haldið leyndum, að eins til eigingjarnrar lugsvölunar fyrir prestastéttina? Nú var ekki framar

ástæða til að halda neinu leyndu. Heimspekin hafði loks borið þann ávöxt, að nú nutu menn vor á meðal umburðarlyndis. Í Egyptalandi höfðum vér nú Róm í staðinn fyrir Rameses. Einn dag reis eg upp í Brucheium, sem er fegrsti og þéttbýlasti partr Alexandríu, og tók að prédika. Meðal tilheyrenda minna var fólk úr Austrlöndum og Vestrlöndum. Námsmenn á leið til Bókasafnsins, prestar frá Serapeion, iðjuleysingjar frá Gripasafninu, menn, sem títt sóktu skeiðvöllinn, sveitamenn frá Rhakokis — fjöldi fólks — námu staðar til að hlusta á mig. Eg prédikaði um guð, sálina, réttlæti og ranglæti, himininn, endrgjald dyggðugs lífs. Þú, Melkior! varst grýttr; tilheyrendr mínir urðu fyrst forviða, en síðan hlógu þeir. Eg gjörði aðra tilraun; þeir létu háðvísur dynja yfir mig, og um guð minn höfðu þeir ógrynni smánarorða og þann himin, er eg hafði boðað, svo allt varð svart. Til þess að tefja ekki lengr til ónýtis, lét eg fallast niðr fyrir þeim."

Þá er hér var komið, dró Hindúinn þungt andann, og sagði: „Óvinr mannsins er maðrinn, bróðir minn!"

Balthasar hné niðr í þögn.

„Eg varði miklum hugsunum til að komast fyrir orsök þess, að mér hafði misheppnazt, og loksins tókst mér það." Svo mælti hann, er hann aftr hóf rœðu sína. „Upp með ánni, eina dagleið frá borginni, er þorp eitt, þar sem hjarðmenn og garðyrkjumenn eiga heima. Eg fékk mér bát og fór þangað. Þá er kvöld var komið, kallaði eg fólkið saman, karla og konur, allra mestu fátœklinga. Eg prédikaði fyrir þeim nákvæmlega á sama hátt og eg hafði gjört í Brucheium. Þeir hlógu ekki. Næsta kvöld talaði eg aftr, og þeir trúðu og urðu glaðir, og fluttu svo tíðindin út. Á þriðju samkomunni var stofnað bœnarfélag. Eg sneri þá aftr til borgarinnar. Á leiðinni niðr eftir ánni, undir stjörnunum, sem aldrei áðr höfðu sýnzt eins bjartar og ná-

lægar, þróaðist þessi heilræða-kenning í huga mínum: Ef þú vilt byrja umbót á mannfélaginu, þá far þú ekki í hallir höfðingja og auðmanna; heldr farðu til þeirra, sem bikar hamingjunnar er tœmdr hjá — til fátœklinga og smælingja. Síðan réð eg ráð mitt og helgaði guði líf mitt. Fyrst af öllu bjó eg tryggilega um hinar miklu eigur mínar, svo að eg fengi af þeim áreiðanlegar tekjur, og þær væri ávallt til taks, þá er á þeim þyrfti að halda bágstöddu fólki til bjargar. Frá þeim degi hefi eg verið á ferð upp og niðr eftir Níl, um þorpin og meðal allra þjóðflokkanna, og flutt boðskapinn um einn guð, réttlátt líf og endrgjald á himni. Eg hefi gjört gott, — þótt ekki eigi það við af mér að segja svo mikið. Mér er og um það kunnugt, að sá hluti heimsins er undir það búinn að veita viðtöku honum, sem vér erum að að leita."

Rœðumanni spratt nú roði í hinum dökkleitu kinnum, en hann náði valdi á tilfinning sinni og hélt áfram:

„Þau ár, sem þannig veittust mér, brœðr! olli það mér áhyggju, hvað verða myndi um málefni það, sem eg hafði hafið, er eg væri fallinn frá. Myndi það líða undir lok með mér? Eg hafði þrásinnis látið mér til hugar koma að mynda félag, er mætti verða verki mínu til vegsemdar á þann hátt, er bezt ætti við. Svo ekkert dylji eg fyrir ykkr, þá skal þess getið, að eg hafði gjört tilraun í þá átt, en tilraun sú misheppnaðist. Brœðr! það stendr svo á í heiminum nú, að til þess að endrreisa hina fornu trú Mizraim's verðr sá, er fyrir þeim umbótum gengst, að hafa meira en mannlega heimild; það er ekki nóg, að hann að eins komi í nafni guðs; hann verðr að leggja fram sannanir þær, sem orð hans heimtar; hann verðr að sanna allt, sem hann segir, einnig það, er hann segir um guð. Svo miklu haldi hafa goðasagnir og frœðikerfi þegar náð á hugum manna, svo troðfullt er allt allsstaðar af ósönnum guðum — jörðin,

loftið, himinhvolfið, svo stórkostlega er slík hjátrú runnin inn í sérhvað eina og orðin einn þáttr þess, að ekki verðr aftr horfið til sanninda hinna fyrstu trúarbragða nema á blóðgum brautum og í gegn um ofsóknir; það er með öðrum orðum: þeir, sem gjörast játendr hinnar nýju kenningar, verða að vera fúsir til að láta lífið í stað þess að kalla aftr orð sín. Og hver annar en guð myndi á þessarri öld vera til þess fær að hefja trúna á þetta stig? Til þess að endrleysa mannkynið — ekki gjöra það að engu, heldr endrleysa það — verðr hann að opinbera sig enn einu sinni; *HANN VERDR AÐ KOMA Í EIGIN PERSÓNU.*"

Mennirnir þrír allir komust sterklega við.

„Erum vér ekki á leiðinni til að finna hann?" — mælti Grikkinn hárri röddu.

„Þið skiljið, hvernig á því stóð, að mér misheppnaðist tilraun mín með félagsmyndan"— sagði Egyptinn, er geðshrœringar-upphotið var liðið hjá. „Eg hafði ekki leyfið. Meðvitundin um það, að verk mitt hlyti að verða að engu, olli mér óþolandi eymd. Eg trúði á bœn; og til þess að bœnar-áköll mín fengi orðið hrein og sterk hvarf eg, brœðr mínir! eins og þið burt af almannafœri; eg fór þangað sem enginn maðr hafði verið, þar sem enginn var nema guð. Upp fyrir fimmta Nílárfossinn, upp fyrir þann stað, er árkvíslarnar mœtast í Sennar, upp eftir Bahr el Abiad, langt inn í hið ókunna svæði Afríku fór eg. Að morgni dags varpar fjall eitt þar, sem blátt er eins og himininn, svalanda skugga yfir eyðimörkina vestr undan, og steypast þaðan í fossum margar jökulsár út í víðáttumikið stöðuvatn, sem liggr við fjallsrœtrnar austan megin. Í því vatni hefir hið mikla fljót upptök sín. Í meira en ár hafði eg aðsetr í fjallinu. Ávöxtr pálmaviðarins var líkamlegt viðrværi mitt, en bœnin var anda mínum fœða.

Eina nótt var eg á gangi í aldingarðinum fast

við stöðuvatnið litla. 'Heimrinn er að farast. Hvenær kemrðu? Hvað gæti því valdið, guð! ef eg fengi ekki að sjá endrlausnina?' Með þessum eða þvílíkum orðum bað eg. Stöðuvatnið, rennslétt eins og spegilgler, tindraði af endrskini stjarnanna. Ein þeirra virtist taka sig upp úr vatninu og rísa upp á yfirborð þess, og varð þar úr henni frábær geisladýrð, er brann í augum. Síðan færðist hún nær mér, og nam staðar uppyfir höfði mínu, að því er sýndist örskamman spöl burt. Eg féll niðr til jarðar og byrgði fyrir ásjónu mína. Rödd, sem ekki var jarðnesk, sagði: 'Með góðverkum þínum hefir þú sigr unnið. Sæll ert þú, sonr Mizraim's! Endrlausnin kemr. Ásamt tveim öðrum frá fjarlægum stöðum heimsins skalt þú sjá frelsarann og verða vottr hans. Statt upp á morgun árla og legg á stað til fundar við þá. Og er þér allir eruð komnir til Jerúsalem, hinnar helgu borgar, spyrjið þá fólkið: Hvar er hann, sem borinn er konungr Gyðinga? Því að vér höfum séð stjörnu hans í Austrlöndum og erum sendir til að veita honum lotning. Set allt traust þitt til andans, sem mun leiðbeina þér.'

„Og ljósið varð hið innra með mér að upplýsing, sem ekki var neinum efa háð, og hefir haldizt hjá mér, stjórnað mér og leiðbeint. Fyrir þau áhrif fór eg niðr eftir ánni til Memphis, þar sem eg bjó mig til eyðimerkrfararinnar. Eg keypti úlfaldann minn og kom hingað án þess að hvílast neitt, og lá leið mín um Súez og Kúfileh, og upp í gegn um lönd Móaba og Ammona. Guð er með oss, bræðr mínir!"

Hann þagnaði; síðan stóðu þeir allir upp, og var eitthvað meira en eigin vilji þeirra, sem knúði þá til þess, og þeir litu hver á annan.

„Eg gat þess áðan" — sagði Egyptinn, er hann enn hélt áfram—, „að meginhugsan ein hafi ráðið því, er vér lýstum sérstaklega eigin þjóðum vorum og sögu þeirra.

Hann, sem vér erum að að leita, var nefndr *konungr Gyðinga;* oss var boðið, að nefna hann svo, er vér værum að spyrja hann upp. En er vér höfum nú fundizt og hver heyrt annan tala, getr oss orðið ljóst, að hann er endrlausnarinn, ekki að eins endrlausnari Gyðinga, heldr allra þjóða jarðarinnar. Forfaðirinn, sem lifði af flóðið, hafði með sér þrjá sonu sína ásamt konum þeirra og börnum, og byggði sá hópr heiminn að nýju. Í hinu forna og fræga héraði unaðarins, Aríana-Vaejo, í Asíu miðri, voru þeir bræðr staddir, er þeir skildu, og héldu þaðan hver í sína áttina. Indland og það annað af Austrlöndum, sem lengst er héðan burt, varð aðsetr niðja Sems; niðjar Jafets strevmdu gegn um Norðrlönd inn í Evrópu; afkomendr Kams veltu sér yfir eyðimerkrnar við Rauðahafið og héldu inn í Afríku; og þótt flestir þessarra, er síðast voru nefndir, hafist enn við í tjöldum, sem sí og æ er verið að færa til, námu þó nokkrir þeirra land meðfram Níl og fengu þar fasta bústaði."

Þeir þrír félagar tóku nú hver í höndina á öðrum, til þess knúðir af sameiginlegri hvöt.

„Myndi nokkuð fremr vera að guðlegri ráðstöfun?" — sagði Balthasar, er hann tók aftr til máls. „Þá er vér höfum fundið drottin, munu bræðrnir og allar kynslóðirnar, sem taka við af þeim, krjúpa á kné með oss og veita honum lotning. Og er vér skiljum og förum sína leiðina hver, lærir heimrinn nokkuð nýtt — það, að komast má til himins, ekki með því að bera fyrir sig jarðnesk vopn, og ekki með mannlegri speki, heldr með trúnni, kærleikanum og góðum verkum."

Nú varð þögn, sem þó annað veifið var rofin af andvörpum eins og hún hins vegar var helguð af tárum; því fögnuðr sá, sem fyllti hjörtu mannanna, varð ekki stöðvaðr. Það var hin óumræðilega gleði þeirra sálna, sem

staddar eru við straum lífsins og hvílast með hinum endrleystu í návist guðs.

Bráðum hættu þeir að halda höndum saman, og gengu í einu út úr tjaldinu. Eyðimörkin var enn eins og loftið. Það var komið fast að sólsetri. Úlfaldarnir sváfu.

Skömmu síðar var tjaldið tekið niðr og leifum máltíðarinnar ásamt því komið fyrir í klyfjaskrínunni. Síðan stigu vinirnir á bak og lögðu á stað einn á eftir annan. Egyptinn á undan. Beint í vestr stefndu þeir inn í nætrsvalann. Ruggandi fóru úlfaldarnir áfram á jöfnu brokki, og héldu þeir strikið og gættu millibilsins svo nákvæmlega, að þeir, sem á eftir komu, sýndust stíga í spor þess, er var á undan. En þeir, sem á úlföldunum sátu, létu aldrei eitt orð til sín heyra.

Smásaman kom tunglið upp. Og er þær þrjár háu hvítu myndir skunduðu með hljóðlausu fótataki gegn um hina gráleitu ljósglætu, var sem þar væri vofur á flótta undan ömurlegum skuggum. Allt í einu leiftraði eitthvað í loftinu framundan þeim, ekki hærra uppi en svo sem væri efst á lágum hól, eins og fuðrandi logi. Og er þeir horfðu á loftsýn þessa, dróst hún saman í tindranda ljósdepil. Hjörtu þeirra slógu ótt; fagnaðartitringr fór í gegn um sálir þeirra; og eins og með einum munni hrópuðu þeir: „Stjarnan! stjarnan! Guð er með oss!“

SJÖTTI KAPÍTULI.

Sölutorgið við Joppa-hlið.

Í múrgarðinum umhverfis Jerúsalem, þeim megin, er veit til vestrs, er op; fyrir því opi er vængjahurð úr eik, og er þar hliðið, sem ýmist er kennt við Betlehem eða Joppa. Svæðið þar fyrir utan er eitt hinna nafnfrægu stöðva í borginni. Löngu áðr en Davíð tók að ágirnast Síon var þar hervirki. Og er son Jesse loksins hafði bolað Jebúsinga burt og fór að eiga við byggingar, varð kastalastœði það norðvestr-horn hins nýja borgarveggs, sem varinn var með turni einum, er miklu meira fór fyrir en gamla virkinu. Hliðstœðinu var ekki raskað, líklegast fyrir þá sök, að þjóðvegirnir, sem mœttust og runnu saman framundan hliði því, urðu ekki með góðu móti færðir á neinn annan stað, auk þess sem svæðið fyrir utan var í álíti almennings orðið að sjálfsögðu verzlunartorgi. Á dögum Salómons var á þeim bletti mikið um verzlunarviðskifti, og tóku í þeim þátt verzlarar frá Egyptalandi og auðugir kaupmenn frá Týrus og Sídon. Þótt þvínær þrjár þúsundir ára sé liðnar, hefir blettrinn þó enn á sér einskonar verzlunarbrag. Vanti einhvern pílagrím tituprjón, eða skammbyssu, eða dúfu, asna, hest, úlfalda, eða langi hann í döðlur, melónur, agúrkur, flatbaunir, eða vilji hann fá sér hús eða peningalán, eða túlk eða annarskonar mann sér til þjónustu, þá þarf hann ekki annað en spyrja eftir því, er hann vanhagar um, við Joppa-hlið. Stundum er næsta líflegt á þessum stöðvum,

og bendir það þá til þess, hvernig muni hafa verið umhorfs á þeim bletti á dögum Heródesar þess, er mestum mannvirkjum lét komið upp þar í landi. Og nú er einmitt að hugsa um sölutorg þetta á þeirri tíð.

Eftir hinu hebreska tímatali varð samfundr vitringanna, sem frá hefir verið skýrt í kapítulunum á undan, tuttugasta og fimmta dag hins þriðja mánaðar í árinu, að áliðnum degi; það er sama sem 25. Desember. En árið var annað ár á 193. Olympías, eða árið 747 frá bygging Rómaborgar, — sextugasta og sjöunda aldrsár Heródesar mikla, en þrítugasta og fimmta stjórnarár hans, — fjórða ár fyrir Krists burð, eftir því sem nú er kallað. Stundir dagsins byrja samkvæmt gyðinglegri venju með sólu; og verðr því fyrsta stund dags sama sem hin fyrsta frá sólaruppkomu; til þess því að komast nákvæmt að orði var torgið við Joppa-hlið fyrstu stund dagsins, sem til var tekinn, alskipað vörum og verzlunarfólki, og mjög fjörugt. Hliðið með hinum þungu vængjahurðum í hafði staðið al-opið síðan í dögun. Verzlunarlífinu, sem ávallt var fjörugt, hafði eins og verið ýtt gegn um hið bogadregna inngangsop inn á stíg einn þröngan og hlað, sem lá meðfram múrum hins mikla turns og hélt svo áfram áleiðis inn í bœinn. Svo sem kunnugt er stendr Jerúsalem uppi hálendinu, og var því morgunloftið þar skiljanlega talsvert svalt. Geislar sólarinnar höfðu væntanlega yl í för með sér, en þeir töfðu ömurlega lengi hæst uppi á múrtindum og turnum stórhýsanna umhverfis; en þaðan að ofan barst kurr dúfna og suðan í flokkunum, sem komu og fóru.

Til þess lítið eitt að kynnast fólkinu í hinni helgu borg, bæði því, er að var komið, og hinu, er þar átti heima, gjöra menn vel í að staldra við hjá hliðinu og renna snöggvast augum yfir sjónarsvið þetta. Mun það reynast nauðsynlegt til þess að hœgra verði að átta sig á sumu af því, er

hér fer á eftir í sögunni. Það fæst ekk betra tækifœri til að virða fyrir sér almenning þennan, sem seinna mun koma fram í allt öðru skapi en því, er nú gagntekr alla.

Það, sem fyrst vekr athygli áhorfanda, er ruglingr sá hinn algjöri, sem allt á stöðvum þessum er háð — athafnir, raddir, litir, hlutir. Einkum er þetta svo á hinum þrönga stíg og hlaðinu. Jörðin er á því svæði lögð stórum ólögulegum hellum; en á hellugólfi því rís upp margvíslegt kall og marr og hófahljóð; blandast svo þetta allt saman og kveðr við með skurki og dynjanda á milli hinna háu steinveggja til beggja handa. En með því að fara dálítið inn í þvöguna og kynnast ögn viðskiftalífinu, sem hér fer fram, getr það þó tekizt að liða þetta nokkuð sundr.

Þarna stendr asni, mókandi undir klyfjum þeim, sem á hann hafa verið lagðar: körfum fullum af ýmiskonar baunum, lauk, agúrkum, og hafa ávextir þessir verið fluttir norðan úr Galíleu tafarlaust eftir að þeir voru teknir úr görðunum og hjallaflesjunum þar. Sé maðrinn, sem er með asnann, ekki við það bundinn að sinna þeim, sem af honum eru að kaupa, kallar hann stöðugt til þess að auglýsa vörur sínar með röddu, sem engir skilja nema þeir, er innvígðir eru í þessi mál. Ekkert getr einfaldara verið en búningr þessa manns — ilskór og ábreiða, óbleikt og ólituð, er brugðið er upp um öxlina aðra, en gyrt um mittið. Skammt frá liggr úlfaldi á knjánum, og er hann miklu tilkomumeiri og stórskornari en asninn, þótt naumast sé hann eins þolinmóðr. Úlfaldinn er mjög beinaber, gelgjulegr og grár, undir kverkinni, hálsinum og kviðnum með löngum, strýkenndum hárskúfum, sem eru eins á lit og tóuskinn, en á baki úlfaldans eru í baggastað skrínur og körfur, sem skrítilega er búið um í feikna-stórum klyfsöðli. Eigandi er egypzkr maðr, smávaxinn, en liðlegr; litarháttr hans eins og ryksins á vegarstœðunum og sandanna í eyðimörkinni — þar mitt

á milli. Hann er í víðum slopp — *tarbooshe*—, ermalausum og beltislausum, sem nær frá hálsi niður að knjám, flaksandi. Berfættr er hann. Úlfaldinn, sem orðinn er óþolinn undir byrði sinni, stynr, og sýnir sig stundum líklegan til að bíta; en maðrinn gengr um gólf til og frá, án þess að láta neitt á sig fá, heldr í ökubandið og auglýsir í sífellu ávexti sína, sem hann segist nýkominn með úr aldingörðum Kedrons — vínber, döðlur, fíkjur, granatepli og almenn epli.

Við hornið, þar sem hinn þröngi stígr liggr út að hlaðinu, sitja konur nokkrar og styðja bökin við hina gráu steina í múrnum. Búningr þeirra er eins og tíðkast meðal kvenna af lágum stigum þar í landi — léreftskyrtill, skósíðr, sem lauslega er dreginn saman um mittið, og blæja eða skýla, sem nógu stór er til þess að hylja bæði herðar og höfuð. Verzlunarvörur kvenna þessarra eru fólgnar í leirkrukkum nokkrum eins og þeim, sem enn eru í Austrlöndum hafðar til að sækja vatn í úr brunnunum, og nokkrum leðrflöskum. Innan um krukkurnar og flöskurnar eru ein sex hálf-nakin börn að leika sér; velta þau sér alla vega eftir grjót-gólfinu, taka ekkert tillit til fólkstroðningsins eða kuldans, lenda oft í hættu, en verða þó aldrei fyrir meiðslum; hörund þeirra er móleitt, augun hrafnsvört, hárið þykkt og dökkt, og ber þetta vott um þjóðerni Ísraelsmanna. Stundum líta konurnar upp, útundan blæjum sínum, og skýra stillilega á eigin tungumáli sínu frá því, hvað þær hafi til sölu: í krukkunum „vínberjasafa", og í flöskunum „sterkan drykk". Lang-oftast heyrast áskoranir þeirra ekki fyrir allsherjar hávaðanum, og þær eiga erfitt með að standast samkeppni hinna verzlaranna, sem eru svo margir: vöðvagildir náungar, berleggjaðir, í óhreinlegum kyrtlum, með langt skegg. Ganga þeir til og frá með flöskur reyrðar við bakið og œpa: „Indæl-

asta vín! Vínber frá En-Gedi!“ Ef einhver, sem er að hugsa um að kaupa, stöðvar einn þessarra manna, kemr flaskan óðar fram; eigandi lyftir fingrgómnum frá stútnum, eftir að undir hann hefir verið brugðið bolla, sem ætíð er við höndina, og úr stútnum streymir hinn blóðrauði, gómsœti berjalögr.

Naumast minna háværir eru þeir, sem eru að verzla með fugla — dúfur, andir, oft einnig með söngfugl þann, er *bulbul* nefnist og er einskonar nætrgali, en lang-helzt með dúfur. Kaupendr, sem taka við fuglum þessum úr netjunum, geta sjaldnast látið vera að hugsa um hið hættulega líf veiðimannanna, sem í því skyni með áræði miklu verða að klifra í hömrum fjallanna, þar sem þeir ýmist hanga á höndum og fótum framan í berginu, ellegar síga í körfum langt niðr í fjallagljúfrin.

Þá eru þeir, sem eru að kaupa sér ýmiskonar dýr — asna, hesta, kálfa, sauðkindr, jarmandi kiðlinga, afkáralega úlfalda, — allskonar dýr önnur en svín, sem ekki mega hafa þar landsvist. Slíkir menn birtast innan um þá, sem hafa gimsteina og gullskart til sölu, en þessir síðastnefndu eru séðir náungar, í skarlatslitum og bláum skikkjum, með feikna-stórum og þungum túrbönum á höfði, og eru þeir sér þess fyllilega meðvitandi, hvílíkt aðdráttarafl er í ljómanda silkibandi og skeranda bliki gulls hvort heldr í armbandi eða hálsmeni, ellegar fingrhring eða nasanisti. Einnig eru innan um þá, er komið hafa til dýrakaupa, menn, sem húsgögn hafa á boðstólum, menn, sem hafa klæðnað til sölu, menn, sem selja smyrsl, allskonar mangarar, sem keppast við að koma út ónauðsynlegum hlutum eigi síðr en nauðsynlegum. En þeir, sem dýrin eru að kaupa, beita allri orku við að toga þau áfram með taumböndum og strengjum, ýmist organdi, ýmist lokkandi. Allir þeir menn, sem nú hefir verið bent á, eru þarna, — ekki einn og einn,

heldr í marg-endrteknum útgáfum, — ekki á einum stað, heldr um allt sölutorgið.

Þá er lesandi hefir snúið sér frá því, er blasir við á stígnum og hlaðinu, og lítr nú ekki lengr sölumennina og vörur þeirra, er honum nauðsynlegt að gæta næst að gestum og kaupendum, sem bezt er að virða fyrir sér utan borgarhliðanna, þar sem það, er fyrir augun ber, er fullt eins margbreytilegt og fjörugt; og í sannleika getr reynzt meira um tilbreytni og fjör þar sökum þess að nú bœtast við tjöld, búðir, skálar, meira rúm, meiri fólksþyrping, meira frelsi í framkomu manna, og hið dýrðlega austrlenzka sólskin, með áhrifum þeim, sem allt þetta hefir á áhorfanda.

SJÖUNDI KAPÍTULI.

Fólkið í Jerúsalem.

Komum oss nú snöggvast fyrir við hliðið, rétt utan við blettinn, þar sem fólks-straumarnir tveir mœtast — innstraumrinn og útstraumrinn—, og notum svo augu og eyru á meðan vér stöndum þar við.

Vér komum mátulega. Þarna koma tveir menn úr þeim flokki fólks, sem í mesta máta er vert eftir að taka.

„Í guðanna bœnum! Þetta er ljóti kuldinn!“ — segir annar þeirra, sterklegr maðr, hertýgjaðr; á höfði hefir

hann eirhjálm; hann er í brynju og með skínanda skjöld á brjósti. „Þetta er ljóti kuldinn! Manstu, Kajus góðr! eftir hvelfingunni undir Comitium heima, sem prestarnir segja sé inngangr til undirheima? Eg sver við Plútó, að eg gæti staðið þar þennan morgun, að minnsta kosti svo lengi sem með þyrfti til þess að mér hitnaði."

Maðrinn, sem yrt hafði verið á, lætr síga höttinn á stríðskufli sínum; verðr þá höfuð hans og andlit bert, og hann svarar glottandi: „Hjálmar legiónanna, sem sigruðu Markús Antonius, voru fullir af gal-lenzkum snjó: en þú, vesalingr! kunningi minn! ert nýkominn frá Egyptalandi með sumarið þaðan í blóði þínu."

Og þetta var síðasta orð í samtali þeirra, sem heyrðist áðr en þeir báðir hurfu gegn um inngangginn. Þótt þeir hefði þagað, myndi af vopnabúnaði þeirra og hinu rösklega fótataki þeirra hafa mátt ráða, að þeir voru rómverskir hermenn.

Út úr þyrpingunni kemr næst fram Gyðingr, grannvaxinn, með herðahring, í móleitri yfirhöfn grófri. Hið síða ógreidda hár hans er runnið saman í flóka, sem nær niðr í augu og andlit, og að aftan niðr á bak. Hann er aleinn. Þeir, sem mœta honum, hlæja, ef þeir gjöra ekki annað verra; því hann er Nazarei, einn úr trúarflokk þeim, sem hefir heitbundið sig og helgað sig á þann hátt, og ganga þeir menn með óklippt hár svo lengi sem heitstrengingartíðin stendr yfir.

Meðan vér erum að virða mann þennan fyrir oss á leið hans burt frá oss, kemr skyndilega fyrir upphot í fólksþyrpingunni, sem klofnar sundr, er sumir fara til hœgri handar, en aðrir til vinstri, með háværum og ákveðnum hljóðum. Síðan birtist orsökin — Hebrei einn, sem bæði með útliti og búningi ber með sér, hverrar þjóðar hann er. Kápa hans úr snjóhvítu líni, sem haldið er að höfðinu með gulum silkisnúrum, fellr lauslega yfir herð-

arnar; kyrtillinn er skrautlega útsaumaðr; rauðum linda með gullkögri er brugðið um mittið nokkrum sinnum. Rólegr er hann á svip; hann brosir jafnvel að þeim, sem svona skyndilega og ókurteislega þjóta úr vegi fyrir honum. Skyldi þetta vera líkþrár maðr? Nei, hann er samverskr — það að eins. Fjölmennið, sem hrekkr undan honum, myndi segja, að hann væri kynblendingr — Assýríumaðr — og að ef einhver snertir kyrtil hans, þá verði hann af því sýktr. Af slíkum manni gæti deyjandi Ísraelsmaðr því ekki þegið lífgjöf. Það er í rauninni ekki þjóðernismunr, sem fjandskapnum veldr. Þá er Davíð reisti hér upp hásæti sitt á Sionsfjalli með Júda-kynkvísl eina sér til stuðnings, hurfu kynkvíslirnar tíu til Sikkem, er var miklu eldri bær og á þeim tíma óendanlega miklu auðugri að helgum endrminningum. Þótt kynkvíslirnar rynni loksins saman, þá varð þó ekki með því til lykta leiddr ófriðrinn, er þannig hafði byrjað. Samverjar héldu sér fast við tjaldbúð sína á Gerizim-fjalli eftir að Assýríumenn höfðu lagt undir sig land þeirra, og töldu þeim guðsþjónustustað tilheyra meiri helgi en nokkrum öðrum; en hins vegar hæddust þeir að hinum ofsafengnu kennifeðrum í Jerúsalem. Þótt aldir liði fram, dvínaði hatrið milli þjóðflokka þessarra ekki neitt. Á stjórnartíð Heródesar var öllum þjóðum heims veitt tækifæri til að snúast til trúar Ísraels nema Samverjum. Þeir einir voru fyrir fullt og allt og um aldr og æfi útilokaðir frá samneyti með Gyðingum.

Í því Samverjinn fer inn undir hvelfing hliðsins koma þar út þrír menn, er svo eru ólíkir öllum, sem vér höfum enn séð, að þótt vér vildum, gætum vér ekki látið vera að einblína á þá. Þeir eru óvenjulega stórir vexti og vöðvamiklir; augun eru blá, og svo bjartr er andlitslitr þeirra, að blóðið skín í gegn um hörundið eins og blár blýantsrákir; hárið er ljóst og stutt; höfuðin smá og hnöttótt og sitja

rétt á hálsunum, sem standa beint upp eins og trjábolir. Ullarkyrtlar, opnir á brjósti, ermalausir og lauslega gyrtir, hylja þá um bolinn, en handleggir og fætr eru berir, og sýnilega svo stórskornir, að manni kemr ósjálfrátt til hugar, að á leiksviðinu eigi þeir heima. Og ef svo við þetta er því bætt, hve kærulausir, roggnir og ósvífnir þeir eru í framkomu sinni, þá furðum vér oss ekki lengr á því, þótt fólk víki úr vegi fyrir þeim, en nemi svo staðar eftir að þeir eru komnir fram hjá til þess að virða þá aftr fyrir sér. Þetta eru skylmingamenn, sem atvinnu hafa af því að glíma, hlaupa, berjast með hnefum eða með sverðum; og var atvinnugrein sú ókunn í Júdeu áðr en Rómverjar komu þangað. Má sjá náunga þessa á þeim tímum, er þeir ekki eru við æfingar, á reiki um garða konungsins eða sitjandi hjá varðmönnunum við hallarhliðin; eða það getr verið, að þeir sé hér gestir og komnir frá Sesareu, Sebaste eða Jeríkó. En í þeim bœjum hefir Heródes, sem fremr var Grikki en Gyðingr, og var eins fíkinn og nokkur Rómverji í leiki og blóðugar sýningar, látið reisa stórkostleg sjónleikahús og heldr nú uppi skylmingaskólum, sem samkvæmt tízkunni lærisveinum er safnað í úr Gallíu-fylkjunum eða frá slafnesku þjóðflokkunum við Dóná.

„Eg sver við nafn Bakkusar“! — segir einn þeirra, og kippir um leið krepptri hendinni upp að öxlinni, — „hauskúpur þeirra eru ekki þykkri en eggjaskurn.“

Hið dýrslega augnaráð, sem samfara er limaburðinum, vekr hjá oss viðbjóð, og fegnir verðum vér að snúa oss að einhverju, sem geðslegra er.

Andspænis oss er borð, þar sem ávöxtum er raðað niðr til sölu. Eigandinn er sköllóttr, langleitr, með íbjúgu nefi eins og á hauk. Hann sitr á gólf-ábreiðu, sem breidd hefir verið á jörðina: að baki honum er múrinn; yfir höfði hans hangir lítið tjald: umhverfis hann liggja tágakörfur

fullar af möndlum, vínberjum, fíkjum og granateplum, og er þeim komið fyrir á baklausum stólum, sem ekki eru lengra burtu en svo, að maðrinn getr náð til þeirra með hendinni. Til hans kemr nú einn, sem vér getum ekki látið vera að líta á, enda þótt af annarri orsök sé en þeirri, sem kom oss til að festa augu á skylmingamönnunum: hann er verulega fagr — fagr Grikki. Um gagnaugun undir hinu blaktanda hári er kóróna úr myrtus-laufum, sem föl blóm og hálfþroskuð ber loða enn við. Hinn skarlatsliti kyrtill hans er úr ullardúk, einstaklega mjúkum; fyrir neðan beltið, sem er úr gulu leðri og krœkt saman með sylgju af strítilegri gjörð úr skínanda gulli, nær kyrtilslopprinn allt að knjám í fellingum, sem allar eru útsaumaðar með vír úr sama konunglega málminum; klútr, sem líka er úr ull, hvít-gulr á lit, er krosslagðr um hálsinn og fellr niðr að aftan svo langt, að endarnir dragast; armar og fótleggir eru, þar sem fötin ekki hylja, hvítir eins og fílbein, og væri ekki unnt að leiða fram gljáa þann, sem á þeim er, með öðru móti en því að viðhafa böð, olíusmurning, bursta og tangir.

Verzlunarmaðrinn sitr kyrr í sæti sínu, en beygir sig fram, varpar höndunum upp þar til þær mœtast fyrir framan hann, með handarbökunum niðr og fingrunum útréttum.

„Hvað hefir þú í dag, þú frá Pafos?“ — segir hinn ungi Grikki, sem hefir fremr augun á kössunum en á Kýpreyjarmanninum. „Ég er hungraðr. Hvað hefir þú til morgunverðar?“

„Ávexti frá Pedíus — ósvikna — eins og þá, sem Antíokíu-söngmenn neyta að morgni dags til þess að bœta sér aftr raddbilun þá, er þeir hafa orðið fyrir“ — svarar verzlunarmaðrinn ólundarlega og með nefhljóði.

„Fíkjur, en ekki af þeim beztu, sem þú hefir, handa Antíokíu-söngmönnunum!“ — segir Grikkinn. „Þú ert

einn þeirra, er tigna Afrodíte; eg er það líka, eins og myrtus-laufið, sem eg hefi á mér, sannar; því segi eg þér það, að í röddum þeirra er kuldahrollr, eins og af vindi frá Kaspía-hafi. Sérðu beltið að tarna? — Það er gjöf frá hinni voldugu Salóme."

„Systur konungsins!" — sagði Kípreyjarskegginn hátt, og hneigði sig djúpt að nýju.

„Og smekkr hennar er konunglegr, og dómgreindin guðdómleg. Og hví ekki það? Hún er meir grísk en konungr. En — morgunverðinn minn! Hérna eru peningar handa þér — rauðir eirskildingar frá Kípr. Lát mig fá vínber, og"—

„Viltu ekki líka fá döðlur?"

„Nei, eg er ekki Arabi."

„Og ekki heldr fíkjur?"

„Það myndi verða til þess að gjöra mig að Gyðingi. Nei, ekkert nema vínberin. Engin vötn renna svo sætlega saman sem blóð í grískum manni og vínberjalögr."

Einkennileg sjón er söngmaðrinn á hinu óhreina afar margmenna sölutorgi með öllu því í útliti hans, er virzt gæti lenda til þess, að þar sé hirðmaðr, og getr sú sjón ekki vel gleymzt neinum; og þó er eins og það sé einmitt í þeim tilgangi, að maðr sá birtist, sem á eftir honum kemr, og krefst undrandi eftirtektar vorrar. Í hœgðum sínum kemr hann eftir brautinni og horfir niðr á jörðina; annað veifið nemr hann staðar, krossleggr hendrnar á brjóstið, teygir úr andlitinu, snýr augum sínum til himins eins og hann sé í þann veginn að gjöra bœn sína. Hvergi er slíkan náunga að hitta nema í Jerúsalem. Fram á enni hans nær ferhyrndr leðrstokkr, sem festr er við band það, er heldr yfirhöfn hans á sínum stað; annar viðlíka stokkr er bundinn með þveng við vinstra handlegginn; barmarnir á skikkju hans eru skreyttir breiðu kögri. Af þessum merkjum —

hinum óvenjulega breiða kögurfaldi klæða hans, og þeim hinum mikla helgisvip, sem hann hefir á sér öllum — vitum vér, að maðrinn er Farísei, og að hann því heyrir til stétt þeirri, sem að einu leyti er trúarflokkr, en hins vegar stjórnmálaflokkr, og mun skinhelgi og ofrvald þessarra manna áðr en langt um líðr leiða mikið harmsefni inn í mannkynssöguna.

Fólk-þyrpingin fyrir utan hliðið er þéttust þar sem þjóðbrautin til Joppa hefst. Þá er vér snúum oss frá Fariseanum, vekja athygli vora nokkrir menn, sem taka sig út úr hinu margbreytilega fjölmenni, mátulega fljótt til þess að vandlega megi virða þá fyrir sér. Meðal þeirra er fyrstr maðr einn með mjög tignarlegu yfirbragði — bjartleitr og hraustlegr, með fjörugum svörtum augum, löngu þéttvöxnu skeggi, sem stirnir á af smyrslum; búningr manns þessa fer vel, enda er hann dýr og á vel við árstíðina. Hann hefir staf í hendi, og ber á sér stórt signet úr gulli, sem hangir í bandi um hálsinn á honum. Nokkrir þjónar eru í fylgd með honum, sumir þeirra með stuttum sverðum, sem stungið er gegn um mittislinda þeirra; þá er þeir ávarpa hann, er það með mestu lotning. Annars eru í föruneyti hans tveir Arabar, af eyðimerkrkyni því, sem allra sízt er blandað, — holdgrannir, sinasterkir menn, sterklega móleitir, kinnfiskasognir, með svo mjög tindrandi augu, að nærri því getr virzt illsviti. Á höfði hafa þeir rauðan *tarbouche*; utan yfir nærkyrtli þeirra — *abas* — ganga þeir með mórauðar ullarábreiður — *haicks* —, sem vafið er um vinstra handlegginn og bolinn, en hægri handleggrinn látinn snöggklæddr. Hástöfum er þrefað um verð, því Arabarnir hafa hesta í tauma, sem þeir eru að reyna til að selja, og af ákafanum tala þeir hátt og jafnvel með glymjanda. Hinn tígulegi maðr lætr að mestu þjóna sína hafa orðið; þó tekr hann stundum undir með upphefðar-svip all-miklum; allt í einu nemr hann staðar, er

hann kemr auga á Kípeyjar-manninn, og kaupir sér nokkrar fíkjur. — Og er þeir félagar allir eru komnir í gegn um hliðið, rétt á eftir Faríseanum, þá mun ávaxtasalinn, ef vér leitum til hans, segja oss með furðulegum hneigingum, að hinn ókunni maðr sé Gyðingr, einn af höfðingjum borgarinnar, hafi verið í ferðum og lært muninn á algengum sýrlenzkum vínberjum og þeim frá Kípr, sem eru svo frábærlega vökvamikil sökum daggarinnar, er þau hafa í sig drukkið úr sjónum.

Svona heldr straumr verzlunarlífsins jafnaðarlega stöðugt áfram inn og út um Joppa-hlið til hádegis og stundum lengr, og þeim straum samfara allskonar fólk; þar á meðal eru menn af öllum kynkvíslum Ísraels, af öllum flokkunum, sem til sín hafa fengið einhvern part hinnar fornu trúar og síðan haldið þeim sannindum fram ellegar smásaman eytt þeim, af öllum kirkjulegum og borgaralegum mannfélags-deildum, allskonar æfintýramenn úr hópi skrílsins, sem nota sér örlæti Heródesar til þess að lifa í sukki og fullnœgja með því kröfum íþróttarinnar eða nautnarinnar; og loks einstaklingar úr hópi allra markverðra þjóða, sem rómverska ríkið á keisaraöldinni og áðr náði út yfir, einkum þeirra, sem heima áttu hringinn í kring um Miðjarðarhaf.

Það er með öðum orðum: Jerúsalem, sem var svo auðug að heilagri sögu, og enn auðugri út af hinum helgu spádómum sínum — Jerúsalem frá tíð Salómons, þá er silfr var sem grjót og sedrusviðr sem villt fíkjutré í dalnum — var orðin eins og ný útgáfa af Rómaborg, miðdepill vanheilagra athafna og meginstöð heiðinglegs valds. Konungr einn í Ísrael tók eitt sinn upp á því að klæðast prestabúningi og ganga inn í hið allrahelgasta í Musterinu fyrra til þess að bera þar fram reykelsisfórn, og var svo orðinn líkþrár, er hann kom aftr út; en á þeim tíma, sem nú er um að rœða, gekk Pompejus inn í Musteri Heródesar og hið

allrahelgasta í sama helgidóminum, en kom þaðan út án þess að hafa orðið fyrir nokkru slysi, fann þar ekkert nema herbergið tómt og ekkert merki þess, að guð væri þar nálægr.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Jósef og María.

Nú er lesandi beðinn að hverfa aftr til þess hluta torgsins við Joppa-hlið, sem áðr er um getið og nefnt hlað. Það var þriðja stund dags og margt af fólkinu var farið burt; engu að síðr hélt fólkstroðningrinn áfram, að því er virtist án nokkurrar rénunar. Meðal hinna nýkomnu var við suðrvegginn hinum megin karlmaðr einn og kvenmaðr, svo og asni, sem þeim heyrði til, og þarf nákvæmar að gjöra fyrir þeim grein.

Karlmaðrinn stóð við höfuð fararskjótans; hélt hann í taumband og studdi sig við prik, sem ætlað virtist til þess hvorstveggja að knýja asnann með áfram og vera göngustafr mannsins. Búningr hans var líkr þeim, sem Gyðingar vel flestir umhverfis hann gengu í, að því undan teknu, að þar var ekkert nýlegt að sjá. Möttull hans, sem féll niðr frá höfði, og kyrtlllinn, sem huldi líkama hans frá hálsi til hæla, — það voru að líkindum fötin, sem hann vanalega gekk í, er hann á sabbatsdögum fór til samkundunnar. Andlit hans mátti sjá að fullu, og bar það með sér, að hann

var kominn um eða yfir fimmtugt, sem og enn fremr mátti ráða af því, að skegg hans, er annars var svart, var nokkuð tekið að grána. Hann leit í kring um sig, eins og búast hefði mátt við af ókunnugum manni og utan úr sveit — með hálf-staranda augnaráði, er jafnframt lýsti því, að hann langaði til að frœðast um ýmislegt.

Asninn át í hœgðum sínum úr fangi því af grœngresi, er fyrir hann hafði verið sett, en af vöru þeirri var gnœgð á torginu. Og svo mögnuð var hin svefnkennda ró skepnunnar, að hún lét ekkert á sig fá ysinn og þysinn þar umhverfis; né heldr sinnti asninn að neinu konunni, sem sat á baki hans á sessubúnum þófa. Utanhafnar-skikkja konunnar, sem var úr dökkleitum ullardúk, huldi hana algjörlega nema að því leyti, sem hún hafði hvíta blæju um höfuð og háls. Stöku sinnum dró hún blæjuna til hliðar, svo hún gæti séð eitthvað, sem var þar á ferðinni, eða til þess heyrt, en að svo litlu leyti gjörði hún þetta, að andlit hennar varð ekki fremr séð fyrir það.

Loks var maðrinn ávarpaðr.

„Ertu ekki Jósef frá Nazaret?“

Sá, sem svo spurði, stóð fast hjá.

„Svo em eg nefndr“ — svaraði Jósef og sneri sér við með alvörusvip. „Og þú — friðr sé með þér! vinr minn, rabbí Samúel!“

„Hins sama óska eg þér.“ Rabbíninn þagnaði, leit á konuna og bœtti svo við: „Þér og þínu húsi og öllum, sem þér eru til aðstoðar, óska eg friðar.“

Og um leið og hann mælti þetta síðasta orð lagði hann aðra höndina á brjóstið og hneigði höfuð sitt fyrir konunni. Hafði hún, þá er hér var komið, til þess að geta séð manninn dregið blæjuna lítið eitt til hliðar. Það af andliti hennar, sem þá birtist, bar þess vott, að hún hafði fyrir skömmu verið stúlka. Kunningjarnir þrifu nú hœgri hönd hvor annars eins og vildi þeir þrýsta henni að vörum sínum, en

þetta endaði þó með því að eins, að hvor um sig sleppti hendi hins, en kyssti höndina á sjálfum sér, og lagði síðan lófann á ennið.

„Svo lítið er af ryki á klæðum þínum"—sagði rabbíninn kunninglega—, „að eg þykist vita, að þú hafir í nótt, sem leið, verið hér í feðraborg okkar."

„Nei"—svaraði Jósef, — „okkr tókst ekki að ná lengra en til Betaníu áðr en nóttin datt á, svo við höfðumst við í khaninum þar og héldum síðan ferðinni áfram, þegar lýsti af degi."

„Þið eigið þá langa leið fyrir höndum — ekki þó til Joppa, vona eg."

„Að eins til Betlehem."

Rabbíninn, sem áðr hafði verið svo hreinskilinn og vinalegr að yfirbragði, gjörðist nú niðrlútr og íbygginn, og hann ræskti sig með nöldrhljóði í stað þess að hósta.

„Já, já!" — sagði hann—, „eg þykist skilja, að þú sért fæddr í Betlehem og ferðist nú þangað með dóttur þinni til þess að nafn þitt verði skrásett við manntalið, sem tekið skal samkvæmt boði keisarans sökum skattgjaldsins til rómversku stjórnarinnar. Börn Jakobs eru eins og kynkvíslirnar voru í Egyptalandi — nema að því leyti, að þau hafa engan Móses eða Jósúa. Hve djúpt þau eru hnigin niðr!"

Án þess að snúa sér neitt við eða breytast neitt í andliti svaraði Jósef:

„Konan er ekki dóttir mín."

En rabbíninn var allr með hugann við stjórnmálahag þjóðar sinnar og hélt áfram án þess að sinna neitt þessarri skýring: „Hvað hafast Zelótarnir að norðr í Galíleu?"

„Eg er timbrsmiðr, og Nazaret er að eins þorp" — sagði Jósef gætilega. „Strætið, þar sem heimilbekkrinn minn stendr, er ekki þjóðbraut, sem liggr til nokkurrar borgar. Eg hefi enga tómstund frá daglegri iðju minni við

að höggva við og saga planka til að taka nokkurn þátt í ágreiningi stjórnmálaflokkanna.“

„En þú ert Gyðingr“ — sagði rabbíninn alvarlega. „Þú ert Gyðingr og af ætt Davíðs. Óhugsanlegt er, að þú greiðir með ánægju nokkurt annað skattgjald en *denarinn*, sem samkvæmt fornri venju skal gefinn Jehóva.“

Jósef þagði.

„Eg er ekki að kvarta“— hélt vinr hans áfram —„um það, að skattgjaldið sé svo mikið; einn denar er smáræði. Ó, nei! Að eins það, að vera háðr svona lagaðri kvöð, er hneyksli. Og í tilbót, hvað myndi það að inna skatt þennan af hendi vera annað en að leggja sig undir harðstjórnarok? En segðu mér: Er það satt, að Júdas haldi því fram, að hann sé Messías? Þú átt heima mitt innan um áhangendr hans.“

„Eg hefi heyrt áhangendr hans segja, að hann sé Messías“ — svaraði Jósef.

Rétt í þessu var blæjan dregin til hliðar, og allra snöggvast kom andlit konunnar allt í ljós. Rabbíninn renndi augum sínum þangað, og fékk hann tíma til að sjá, að andlitið var frábærlega fagrt og að eitthvað var í svipnum, sem stórum jók fegrðina. En hún roðnaði þá allt í einu um allt andlitið og blæjan var aftr dregin fyrir.

Rabbíninn gleymdi stjórnmálaefni því, sem hann hafði verið að hreyfa við, og mælti í lægra rómi en áðr:

„Hún dóttir þín er lagleg.“

„Konan er ekki dóttir mín“ — sagði Jósef að nýju.

Rabbíninn vildi nú vita meira, og er maðrinn frá Nazaret sá það, flýtti hann sér að gjöra frekari grein fyrir því, hvernig á stóð, og sagði: „Hún er dóttir Jóakims og Önnu í Betlehem, og hefir þú víst eitthvað heyrt þeirra getið, því þau voru mikils metin“—

„Já“ — tók rabbíninn undir með lotning, — „eg var

þeim kunnugr. Þau voru í beinan ættlegg komin af Davíð. Ég þekkti þau vel."

„Þau eru nú dáin" — hélt Jósef áfram. „Þau dóu í Nazaret. Jóakim var enginn auðmaður, en lét þó eftir sig hús og garð, sem skifta átti milli dætra hans, þeirra Maríam og Maríu. Þessi kona er önnur þeirra; og til þess að hún fengi haldið erfðahluta sínum af eigninni varð hún samkvæmt lögmálinu að giftast nánasta ættingja sínum. Hún er nú eiginkona mín."

„Jú, jú! Og þar sem þið bæði eruð fædd í Betlehem, hefir þú samkvæmt rómverska stjórnarboðinu orðið að hafa hana með þér til þess að hún yrði líka talin."

Rabbíninn spennti greipar, leit í gremju til himins og sagði hátt: „Guð Ísraels lifir enn! Hefndin er hans!"

Að svo mæltu sneri hann sér við og fór skyndilega burt. Maður einn ókunnr þar nálægt tók eftir því, hve forviða Jósef varð og sagði stillilega: „Samúel rabbíni er trúarofsamaður. Júdas sjálfr er ekki meiri óhemja."

Jósef hafði enga tilhneiging til að tala við mann þennan, og var svo að sjá sem hann heyrði ekki; hann varð önnum kafinn við að sópa saman í dálítinn bing grœngresinu, sem asninn rótaði upp í ýmsar áttir; að því búnu studdi hann sig við stafinn sinn aftr og beið.

Næstu klukkustund héldu þau Jósef á stað út um hliðið, sneru síðan til vinstri handar og fóru veginn til Betlehem. Leiðin niðr í Hinnoms-dal var all-slitrótt; meðfram þeirri braut voru hingað og þangað villt olíutré og áttu þó ervitt með að vaxa. Maðrinn frá Nazaret gekk við hlið konunnar, gætinn og nákvæmr, og hélt taumnum í hendinni. Vinstra megin við þau reis upp borgarmúrinn og lá hann í suðr og austr í kring um Síonsfjall, og hœgra megin hinar bröttu hæðir, sem girða um dalinn að vestan.

Í hœgðum sínum fóru þau framhjá Gihon-tjörninni neðri, og var hinn minnkandi skuggi af hinum konunglega

fjallhnúk óðum að flýja undan sólinni; hægt og hægt héldu þau áfram jafnhliða vatnsveitunni úr tjörnum þeim, er kenndar voru við Salómon, þar til þau voru komin að landsetri einu á bletti þeim, sem nú nefnist Óráðshæð. Þaðan lá leið þeirra upp á við inn á Refaim-völl. Geislar sólarinnar streymdu glóandi út yfir hið grýtta yfirborð þessarra frægu stöðva, og fyrir þau áhrif lét María Jóakimsdóttir andlitsblæju sína falla niðr og tók af sér höfuðfatið. Jósef rifjaði upp fyrir þeim söguna um það, er Davíð forðum kom þar óvörum að Filisteum í herbúðum þeirra. Ekki sagði hann sögu þá skemmtilega, því hann talaði með hátíðlegum svip og svo fjörlaust, að ætla hefði mátt, að þetta væri einfeldningr. Hún heyrði ekki ávallt til hans.

Hvar sem menn fara á landi eða sjó er auðþekkt andlit Gyðinga og vaxtarlag. Þjóðernislegt sérkenni þeirra hið ytra hefir ætíð verið hið sama; engu að síðr hafa þó meðal þeirra komið fyrir einstök afbrigði. „Hann var rauðr á hár og eygðr vel og svipgóðr.“ Þann veg er syni Ísaí's, Davíð, lýst í sögunni um það, er hann var leiddr fram fyrir Samúel. Og hefir sú lýsing ráðið ímyndunum manna ávallt síðan. Í skáldaleyfi hafa sérkenni forföðursins verið látin ná til hinna frægu niðja hans. Á öllum myndum af Salómon, sem menn hafa dregið upp af hugviti sínu, er hann bjartleitr og hár hans og skegg jarpt, ef myndin birtist í skugga, en með gullblæ, ef sólin skín á hana. Svo voru og lokkar hins kæra sonar Davíðs, Absalons, eftir því sem oss hefir verið talin trú um. Og að því er snertir konu þá, sem vér erum nú að fylgja til ættborgar hins rauðbirkna konungs, þá hefir með ekki minni velvild verið farið með hana að þessu leyti í almenningsálitinu frá löngu liðnum öldum, þótt engir sögulegir vitnisburðir sé til um það, hvernig hún í raun og veru hafi litið út.

Hún var ekki meir en fimmtán ára. Sköpulag hennar og rödd, og framkoma hennar öll, bar það með sér, að hún

var stödd á því skeiði æfinnar, þá er fullorðinsaldrinn tekr við af æskunni. Andlit hennar var mátulega langt, og hörundslitrinn fremr fölr en bjartr. Nefið var lýtalaust; varirnar blómlegar og lágu ekki fast saman, og gjörðu þær svip hennar um munninn hlýlegan, góðsaman og svo, að hún vakti tiltrú; augun blá og stór undir síðum augnalokum og löngum augnahárum; og í samræmi við allt hitt gullitað hár mikið og þykkt, sem um var búið eins og leyft var ungum konum Gyðinga, og féll það laust eftir baki hennar niðr á þófann, sem hún sat á. Kverkar og háls höfðu við sig þann dúnkennda mjúkleik, sem stundum sést og gjörir málara efablandna um það, hvort þetta stafi af sköpulaginu eða hörundsblænum. Við alla þessa fegrð í andlitsdráttum og limaburði bættist annað yndislegt, sem erviðara er að lýsa: — í svip hennar birtist einhver hreinleikr, sem að eins getr stafað frá sálinni, og það var eins og hún væri í leiðslu; en slíkt er að eins þeim eðlilegt, sem mikið hugsa um andleg efni. Oft lyfti hún með skjálfandi vörum augum sínum til himins, og voru augu hennar engu minna dökkblá en himininn; oft krosslagði hún hendrnar á brjóstið eins og í tilbeiðslu og bæn; oft lyfti hún höfði eins og sá, er í ákefð hlustar eftir kallandi rödd. Við og við sneri Jósef sér við upp úr hinu lága tali sínu til þess að líta á hana; sviprinn, sem uppljómaði andlit hennar eins og ljós væri, hreif hann, og hann gleymdi því, sem hann hafði verið að tala um, og hélt undrandi með beygðu höfði göngu sinni áfram hægt og fast.

Þau fóru svona fram með stóru sléttunni og náðu loks til hæðar þeirrar, er nefndist Mar Elias, en þaðan sáu þau yfir um dal einn Betlehem, hið forna, alkunna Brauðhús, með hinum hvítu múrveggjum efst á fjallhrygg, og glitti þar í bæinn fyir ofan móleita aldingarða, sem orðnir voru daprlegir sökum þess að laufið allt var fallið niðr af trjánum. Þar námu þau staðar og tóku sér hvíld, og benti Jósef

á meðan á hina frægu helgistaði þar í nánd; síðan fóru þau niðr í dalinn að brunninum, sem frægr er af afreksverki einu dásamlegu, sem kappar Davíðs framkvæmdu meðal margra annarra. Á hinum þrönga bletti var fullt af fólki og skepnum. Kvíði kom upp hjá Jósef fyrir því, að ef svona gestkvæmt væri í bœnum, þá yrði ef til vill ekkert húsrúm að fá fyrir Maríu, sem svo vel þurfti að fara um. Tafarlaust skundaði hann áfram, framhjá steinsúlu þeirri, sem reist hafði verið upp á leiði Rakelar, upp eftir brekkunni með aldingörðunum, og heilsaði hann engum þeirra mörgu, er hann mœtti á leiðinni, þangað til hann nam staðar fyrir framan dyrnar á khaninum, sem þá stóð fyrir utan hlið þorpsins nálægt því, er vegir mœttust.

NÍUNDI KAPÍTULI.

Í Betlehem.

Til þess að skilja það til fulls, sem kom fyrir Jósef í khaninum, verðr lesandi að muna eftir því, að hin austrlenzku gistihús voru öðruvísi en gistihús Vestrlanda. Þau voru nefnd *khan*, sem er persneskt orð að uppruna, og í einfaldastri mynd voru það opin gerði, án nokkurs húss eða byrgis, oft einnig án nokkurs hliðs eða inngangs. Þá er þeim var valið stœði, var helzt hugsað um, að þar mætti njóta forsœlu, að þar væri gott vígi og vatnsból. Slík inni voru það, sem Jakob hafði sér til skýlis, er hann leitaði sér kvonfangs í Padan-Aram. Þeirra líka má á vorri tíð

sjá á áfangastöðunum í eyðimörkinni. Hins vegar voru sum þeirra, einkum þau á þjóðvegunum milli stórborga, eins og Jerúsalem og Alexandríu, konunglegar stofnanir, sem minntu á trúrœkni þjóðhöfðingja þeirra, er komið höfðu þeim upp. Jafnaðarlega var þó á þau litið að eins sem eignir þess eða þess þarlends ættföður, og skipuðu slíkir höfðingjar þaðan fyrir um mál kynþátta sinna eins og frá meginstöðvum stjórnar þeirra. Ferðamenn gátu fengið þar húsaskjól, en þau voru fremr til annars ætluð; þau voru markaðir, verkstœði, hervirki, — samkomustaðir og aðsetr kaupmanna og iðnaðarmanna engu síðr en sælu-hús til að taka á móti þeim, er þar voru á ferð og lentu í myrkri. Innan múrveggja þeirra fóru árið út og árið inn fram á degi hverjum eins margbreytileg störf og í bœjum.

Eitt var það atriði í stjórnar-fyrirkomulagi gistihúsa þessarra, sem menn frá Vestrlöndum myndi helzt veita at-hygli. Þar var enginn eiginlegr húsráðandi, hvorki karl né kona, enginn bókhaldari, enginn matreiðslumaðr, ekkert eldhús. Það að gæzlumaðr var hafðr við hliðið—einskonar dyravörðr—var hið eina sýnilega, sem af mátti ráða, að stofnan þessi væri undir einhverri stjórn eða væri einhvers eign. Gestir, sem komu, héldu þar kyrru fyrir eins og þeim sjálfum sýndist og án þess að þurfa að gjöra nokkr-um fyrir því grein. Samkvæmt fyrirkomulaginu varð sér-hver komumaðr að hafa með sér fœðu og matreiðslu-áhöld, eða þá að kaupa slíkt af verzlunarmönnum í gistihúsinu, — alveg eins rúmstœði og rúmföt, og fóðr handa skepnum sínum. Hann átti ekki von á, að eigandi veitti honum ann-að en vatn, hvíldarstað, húsaskjól og það að mega vera í friði, en þetta allt gat hann fengið ókeypis. Friðhelgi sam-kundnanna var stundum raskað af deilugjörnum óróaseggj-um, en friðhelgi svona lagaðra gistihúsa aldrei. Með öllum

áhöldum þeirra voru þau heilög engu síður en sérhvert vatnsból.

Khaninn í Betlehem, sem þau Jósef og kona hans námu staðar við, var gott sýnishorn þesskonar gistihúsa, því hann var hvorki mjög fátæklega útbúinn né heldr mjög höfðinglegr. Byggingarlagið var að öllu leyti austrlenzkt, sem sé ferhyrnt hús, stórt að ummáli, úr ótilhöggnum steinum, einlyft, með flötu þaki og algjörlega gluggalausum veggjum, og að eins einum aðal-inngangi — dyrum, sem jafnframt voru hlið, að austanverðu eða á framhliðinni. Brautin lá svo nálægt innganginum, að krítarrykið huldi dyratréð til hálfs. Girðing úr hellusteinum, sem hófst við norðaustrhorn hússins, lá margar álnir niðr eftir brekkunni, og beygði svo við til vestrs þar til er hún náði að kalksteinshæð nokkurri, og var þar eins og ómissanda þótti í sérhverjum khan réttarbyrgi fyrir fararskjóta, þar sem þeir voru vel geymdir.

Í öðru eins þorpi og Betlehem gat ekki vel verið neina einn khan eins og þar var að eins einn ættarhöfðingi; og þótt aðkomumaðrinn frá Nazaret væri fæddr þar, þá hafði hann lengi dvalið annarsstaðar og átti því ekkert tilkall til gestrisni í þeim bœ. Fólkstalið, sem var orsök þess, að hann hafði farið þessa ferð, myndi og ef til vildi taka nokkurn tíma, svo vikum eða jafnvel mánuðum skifti. Umboðsmenn rómversku stjórnarinnar í skattlöndunum fóru sér svo hœgt, að það varð að orðtaki. Það gat því ekki komið til neinna mála, að Jósef settist með konu sinni upp á kunningja eða ættingja um tíma, sem enginn vissi hve langr kynni að verða. Áðr en hann var kominn í nánd við stóra húsið, meðan hann var að fara upp eftir brekkunni og var í mesta brattanum að herða á asnanum eftir mætti, reis því kvíði upp í huga hans all-sár fyrir því, að ekkert húsrúm kynni fyrir hann að verða í khaninum; því hann komst að raun um, að þjóðbrautin var alsett fullorðnum karlmönn-

um og drengjum, sem með miklu umstangi voru að fara með nautgripi, hross og úlfalda um dalinn til og frá, ýmist að vatnsbóli þar eða til hella nokkurra þar nálægt. Og er hann var kominn fast að khaninum, dró það ekkert úr kvíða hans, er hann tók eftir því, að þyrping fólks stóð í dyrum hússins og að girðingin þar út frá, eins víð og hún var, sýndist þegar full.

„Við getum ekki náð dyrunum“ — sagði Jósef og tíndi orðin fram eins og honum var svo eðlilegt. „Nemum hér staðar og komumst að því, ef við getum, hvað viljað hefir til.“

Án þess að svara dró konan hægt blæjuna til hliðar. Andlitssvipr hennar virtist fyrst þreytulegr, en breyttist brátt svo, að út úr honum skein áhugi á því, er þar bar fyrir augu. Hún vissi þarna af sér yzt í fólks yrping, og ekki gat hjá því farið, að þyrping sú vekti forvitni hjá henni, þótt slíkt mætti oft sjá hjá khönunum á þjóðvegunum hvervetna, þar sem hinar miklu ferðamanna-lestir voru vanar að leggja leið sína um. Þar voru menn á fœti, sem hlupu til og frá og töluðu glymjandi röddum og á öllum tungum Sýrlands; menn á hestbaki, sem œptu til manna á úlföldum; menn, sem vandræðalega toguðust á við baldnar kýr og hræddar sauðkindr; menn, sem verzluðu með brauð og vín; og meðal fjöldans stór hópr sveina, sem að því er virtist eltu þvögu af hundum. Svo var að sjá, að á sama tíma væri allir og allt í hreyfing. Ef til vill var konan unga, sem gat að líta allt þetta, of þreytt til þess að virða það lengi fyrir sér; hún stundi brátt, setti sig niðr á þófann, og eins og til að leita friðar og hvíldar eða eins og hún ætti von á einhverjum leit hún til suðrs og upp til hinna háu ása Paradísarfjalls, sem daufr roði var að færast yfir af sólinni, er hún seig til viðar.

Meðan hún horfði svona, ruddi maðr einn sér braut út úr fólksþrönginni; nam hann staðar hjá asnanum, skimaði

í kring um sig og ygldi brúnina. Sá frá Nazaret ávarpaði hann:

„Af því að eg er, góði vinr! það, sem eg tel víst að þú sért — af Júda kynkvísl, þá vil eg leyfa mér að spyrja: Hvernig stendr á þessum mannfjölda?“

Hinn ókunni maðr sneri sér við reiðulega; en er hann sá alvöruna, sem skein út úr andliti Jósefs og átti svo vel við hinn djúpa seina málróm hans og talanda, lyfti hann hendinni, heilsaði til hálfs og sagði:

„Friðr sé með þér, rabbí! Eg er kominn af Júda og skal svara þér. Eg á heima í Beth-Dagon, sem eins og þú veizt er í þeim hluta landsins, er forðum heyrði kynþætti Dans til.“

„Á leiðinni til Joppa frá Modin“ — sagði Jósef.

„Jæja, þú hefir þá verið í Beth-Dagon“ — sagði hinn maðrinn og andlit hans varð enn mildara. „Miklir ferðalangar erum vér Júda-menn! Eg hefi mörg ár verið burt frá fjallhryggnum — Efrat gamla, sem forfaðir vor Jakob nefndi svo. Þegar stjórnarboðið kom út um það, að allir Hebrear skyldi vera taldir í bæjum þeim, þar sem þeir væri fæddir — það er erindi mitt hingað, rabbí!“

Andlit Jósefs virtist bera vott um sljóskyggni, og breyttist það ekki fremr en gríma, er hann mælti: „Í því skyni er eg líka kominn hingað — eg og konan mín.“

Hinn maðrinn renndi snöggvast augum til Maríu og sagði ekkert. Hún var þá að líta upp til hins bera topps Gedor-fjalls. Sólin snart ásjónu hennar, er hún horfði upp til fjallsins, og varpaði fjólubláum bjarma yfir djúp augna hennar, og varir hennar, sem ekki lágu alveg fast saman, titruðu af einhverri óskiljanlegri þrá, meiri en dauðlegum mönnum annars getr veitzt. Á þessu augnabliki sýndist allt hið jarðneska í fegrð hennar skírast upp og hverfa; hún var eins og vér hugsum oss þá, sem sitja fast við hliðið í hinni ummyndandi ljósbirtu himnaríkis. Maðrinn frá Beth-

Gagon sá frummynd þess, sem mörgum öldum síðar reis upp eins og guðleg vitran í sál listamannsins Sancíó og gjörði hann ódauðlegan.

„Hvað var eg að tala um? Já, nú man eg það. Eg var kominn að því að segja, að þegar eg heyrði um stjórnarboðið, sem kvaddi mig hingað, varð eg reiður. En svo fór eg að hugsa um gömlu hæðina og bœinn og dalinn, sem liggr niðr eftir og rennr saman við Kedron-dalinn, — um víntrén og aldingarðana, og kornakrana, sem aldrei hafa brugðizt síðan á dögum Bóasar og Rútar,—um fjöllin, sem mér eru svo vel kunn, Gedor hérna í nánd, Gíbea lengra burt, og Mar Elias þarna, þessi fjöll, sem eg í œsku leit á eins og girðing utan um heiminn; og þá fyrirgaf eg harðstjórunum og kom — eg og Rakel kona mín, og þær Debóra og Míkal, Sarons-rósirnar."

Maðrinn þagnaði að nýju og leit skyndilega á Maríu, sem nú horfði á hann og hlustaði. Síðan mælti hann: „Rabbí! vill konan þín ekki fara til konu minnar? Þú getr séð hana þar sem hún er skammt frá með börnunum undir olíutrénu, sem hallast til hliðar, þarna við bugðuna á þjóðveginum. Eg get sagt það" — hann sneri sér nú að Jósef og talaði hiklaust — „eg get fullvissað þig um, að khaninn er fullr. Það er ekki til neins að gjöra fyrirspurn við inngangsinn."

Jósef var seinn til að ákveða sig, eins og hann var seinn að hugsa; hann hikaði sér, en loks sagði hann þó: „Eg þakka þér fyrir gott boð. Hvort sem rúm er fyrir okkr eða ekki í húsinu, þá skulum við fara á fund þíns fólks. En lát mig sjálfan tala við manninn, sem gætir hliðsins. Eg skal koma aftr hið bráðasta."

Hann lagði svo tauminn hinum ókunna manni í hönd og ruddist inn í hina iðandi fólksþyrping.

Varðmaðrinn sat á stórum sedrusviðardrumb utan við hliðið. Að baki hans studdist kastspjót hans upp við múr-

inn; en hundr sat við hliðina á honum á drumbnum.

„Friðr drottins sé með þér!“ — sagði Jósef, er hann loks stóð frammi fyrir hliðverðinum.

„Eg óska þér hins sama og að sú gjöf guðs margfaldist þér og þínum til handa“ — svaraði varðmaðrinn með alvarlegri rödd, án þess þó að láta neitt á sér bæra.

„Eg er upprunninn hér í Betlehem“—sagði Jósef mjög gætilega. „Er ekki húsrúm fyrir — —“

„Nei!“

„Þú hefir ef til vill heyrt um mig — Jósef frá Nazaret. Þetta er heimkynni feðra minna. Eg er af ætt Davíðs.“

Undir því, sem Jósef nú sagði, var það komið, hvort honum yrði veitt nokkur úrlausn. Dygði þetta ekki, myndi það verða til ónýtis að leita fyrir sér á annan hátt; og þótt talsvert af peningum væri í boði, myndi það ekki heldr koma að neinu haldi. Eitt var það að geta rakið ætt sína til Júda; í samanburði við það að heyra einhverri annarri kynkvísl til var það mikið; annað var það að hafa Davíð fyrir ættföður — í munni þeirra, er mæltu á hebreskri tungu, var enginn meiri heiðr til. Þúsund ár og vel það voru liðin síðan smaladrengrinn varð eftirmaðr Sáls og forfaðir hinnar miklu koungaættar. Styrjaldir, hörmungaáföll, konungaskifti og óteljandi skuggaleg söguatvik höfðu að því er ytri hagsæld snertir dregið afkomendr hans niðr svo djúpt, að þeir urðu ekki hærra settir en hvert annað gyðinglegt almúgafólk; þeir höfðu ofan af fyrir sér við lítilmótlegustu atvinnu, sem til er, en hins vegar nutu þeir góðs af því, hve vel saga þeirra var varðveitt, en það, sem fyrst og síðast var áherzla lögð á í þeirri sögu, var ættartalan; það gat aldrei svo farið, að þeir yrði ókunnir, og það, að allir þekktu þá, hvar sem þeir fóru meðal þjóðar sinnar, hafði það í för með sér, að þeir voru allsstaðar virtir og þeim var nálega sýnd lotning.

Þar sem þetta var svona í Jerúsalem og annarsstaðar,

þá mátti vissulega maðr af hinum helga ættlegg með gildum ástœðum búast við því við dyr khansins í Betlehem. Og er hann sagði: „Þetta er heimkynni feðra minna“, þá var með þeim orðum sannleikrinn sagðr eins bókstaflega og blátt áfram og unnt var; því hér einmitt var það, að Rút stýrði húsi sínu eftir að Bóas hafði gengið að eiga hana; hér fœddist Ísai eða Jesse og synir hans tíu, Davíð þeirra yngstr; hér fann Samúel konunginn, sem hann leitaði að; hér var húsið, sem Davíð gaf syni Barsillaí frá Gílead, sem hafði sýnt honum svo mikil vinahót; hér var það, að Jeremía bjargaði með bœn sinni leifum fólks síns á flótta þeirra undan Babýloníumönnum.

Áskoranin, sem fólst í orðum Jósefs, var ekki árangrslaus. Hliðvörðrinn renndi sér niðr af sedrusviðarbútnum, lagði hönd á skegg sitt og sagði virðulega: „Rabbí! eg get ekki sagt þér, hvenær dyr þessar voru fyrst opnaðar til þess að ferðamenn gæti hér fengið hæli, en það er meira en þúsund ár síðan; og ekki er, svo kunnugt sé, eitt dœmi þess á öllum þeim tíma, að góðum manni hafi hér verið úthýst nema þegar ekkert húsrúm var til, þar sem hann gæti hvílzt. Hafi það verið svo að því, er útlendinga snertir, þá er auðvitað, að sá, sem hér er umsjónarmaðr, getr ekki með góðri og gildri ástœðu úthýst þeim, sem er af ætt Davíðs. Eg heilsa þér því aftr, og viljirðu koma með mér, þá skal eg sýna þér, að ekkert autt rúm er lengr í húsinu fyrir aðkomandi menn til að berast fyrir í, hvorki í aðal-gestaherbergjunum, né í hvelfingaklefunum, né á miðgarðssvæðinu, — né jafnvel á þakinu. Má eg spyrja, hvenær þú komst?“

„Eg er alveg nýkominn.“

Varðmaðrinn brosti.

„‘Útlendingrinn, sem dvelr hjá yðr, sé eins og sá, sem meðal yðar er borinn, og þú átt að elska hann eins og sjálfan þig.’ Er það ekki lögmálið, rabbí?“

Jósef þagði.

„Sé það lögmálið, get eg þá sagt við mann, sem fyrir löngu er kominn: 'Farðu leiðar þinnar, því hér er annar, sem kemr í þinn stað'?“

Enn mælti Jósef ekki orð.

„Og ef eg segði það, hverjum heyrði staðr þessi þá til? Líttu á allan mannfjöldann, sem beðið hefir; sumir þeirra hafa beðið síðan um hádegi.“

„Hverjir eru allir þessir?“ — spurði Jósef um leið og hann sneri sér að fólksþyrpingunni. „Og hví eru þeir hér á þessum tíma?“

„Það, sem vafalaust olli því, að þú komst hingað, rabbí! — stjórnarboð keisarans“ — varðmaðrinn leit spyrjandi augum á Jósef og bætti svo við: —, „var orsök þess, að þeir, sem hér gista, komu hingað líka. Og í gær kom lestin, sem fer frá Damaskus til Arabíu og Neðra Egyptalands. Þetta fólk, sem þú sér, heyrir lest þeirri til — karlmenn með úlföldum sínum.

Jósef hélt fram máli sínu enn.

„Miðgarðssvæðið er stórt“ — sagði hann.

„Já, en þar er hrúgað upp klyfjum — silkiströngum, kryddjurtasekkjum og allskonar vörutegundum.“

Nú hvarf snöggvast deyfðin af andliti áleitanda; hann leit niðr hinum daufu starandi augum sínum. Síðan sagði hann með talsverðum ákafa: „Mér stendr á sama um sjálfan mig, en eg hefi konuna mína með mér, og það verðr kalt í nótt — kaldara hér uppá hæðunum en í Nazaret. Hún getr ekki verið úti undir beru lofti. Er ekkert húsrúm inni bœnum?“

„Þetta fólk hér“—varðmaðr veifaði hendinni að þyrpingunni fyrir framan dyrnar — „hefir allt leitað fyrir sér í bœnum og segir, að húsnæði sé þar allt tekið.“

Jósef virti enn fyrir sér stöðvarnar þar umhverfis og sagði hálfvegis við sjálfan sig: „Hún er svo ung! Ef eg

bý um hana á hæðinni hérna, gjörir kuldinn út af við hana."

Svo ávarpaði hann hlöðvörðinn aftr.

„Þú kannast ef til vill við foreldra hennar, þau Jóakim og Önnu, sem eitt sinn áttu heima hér í Betlehem og voru eins og eg af ættlegg Davíðs?"

„Já, eg þekkti þau. Þau voru bæði góð. Það var í æsku minni.

Í þetta skifti renndi varðmaðrinn augum sínum hugsandi niðr á jörðina, en lyfti svo brátt aftr upp höfði.

„Þó eg geti ekki rýmt til fyrir ykkr"—sagði hann—, „þá get eg þó ekki úthýst ykkr. Rabbí! eg skal gjöra fyrir þig það, sem eg get bezt. Hvað margt er fólkið, sem með þér er?"

Jósef hugsaði sig um og svaraði síðan: „Konan mín og vinr minn einn með konu og börnum frá Beth-Dagon, smáboe í nánd við Joppa; við erum sex alls."

„Jæja. Þið skuluð ekki liggja úti á fjallhryggnum. Sœktu þau og flýttu þér, því þegar sólin gengr undir á bak við fjallið, þá veiztu, að nóttin er óðar dottin á, og það er komið fast að því nú."

„Eg veiti þér blessan hins húslausa ferðamanns, og svo bœtist bráðum þar við blessan konumannsins, sem hjá þér dvelr."

Að svo mæltu hvarf Jósef aftr með fögnuði til Maríu og mannsins frá Beth-Dagon, sem mjög bráðlega hafði sókt konu sína og dœtr, og komu þær ríðandi á ösnunum. Konan var virðuleg, dœtrnar eftirmyndir þess, sem hún hlaut að hafa verið, þegar hún var ung; og er þær nálguðust dyrnar, sá varðmaðr óðar, að þær voru af lágum stigum.

„Þetta er hún, sem eg talaði um" — sagði Jósef; — „og þetta eru vinir okkar."

María hafði lyft upp andlitsblæju sinni.

„Blá augu og gullgult hár" — sagði umsjónarmaðr í hálfum hljóðum við sjálfan sig; hann tók að eins eftir

henni. „Þannig leit hinn ungi konungr út, er hann fór til Sáls til að syngja fyrir honum.“

Síðan tók hann við taumnum af Jósef og sagði við Maríu: „Friðr sé með þér, dóttir Davíðs!“ Og svo við hitt fólkið: „Friðr sé með ykkr öllum!“ Svo sneri hann sér að Jósef og sagði við hann: „Rabbí! fylgdu mér.“

Gestir þessir voru nú leiddir inn í breiðan gang steinlagðan, og þaðan var farið inn í miðgarðssvæði khansins. Myndi ókunnugum manni hafa þótt þar fróðlegt um að l'tast; en þau veittu hvelfinga-kránum, sem opnuðust andspænis þeim fremr óljóst, og miðgarðssvæðinu ekki að öðru leyti athygli en því, að þau tóku eftir, hve þröngt þar var á skipað. Eftir þröngum stíg, sem látinn hafði verið auðr, þegar vöruströngunum var komið fyrir, og þaðan eftir öðrum stíg líkum þeim við inngánginn fóru þau áfram og komust svo inn í girðinguna, sem gekk út frá khaninum. Þar urðu fyrir þeim úlfaldar, hestar og asnar, sem höfðu verið tjóðraðir og móktu í þéttskipuðum hópum; meðal þeirra voru gæzlumenn, sem heima áttu í mörgum löndum, og sváfu þeir líka eða voru á verði þegjandi. Gestirnir nýju fóru í hægðum sínum niðr brekkuna, þar sem réttargirðingin var, því hinir daufgjörðu reiðskjótar kvennanna vildu sjálfir ráða ferðinni. Loksins undu þau sér inn á stíg nokkurn, sem lá að hinu gráa kalksteinsholti ofan við og vestan við khaninn.

„Við erum á leiðinni til hellisins“—mælti Jósef stuttlega.

Fylgdarmaðrinn tafði við þangað til María kom og var við hlið hans.

„Hellir þessi, sem við erum að nálgast“—sagði hann við hana—, „hlýtr að hafa verið hæli Davíðs forföður þíns. Frá akrinum hérna fyrir neðan og frá brunninum niðrí dalnum rak hann hjörð sína til hellisins úr allri hættu; og seinna meir, er hann var orðinn konungr, kom hann aftr

til hins gamla húss hér til að leita sér hvíldar og hressingar, og hafði með sér í eftirdragi mestu mergð af dýrum. Jöturnar haldast enn eins og þær voru á hans dögum. Betra er að búa um sig á gólfinu, þar sem hann hefir sofið, en að liggja í sæng á miðgarðssvæðinu eða úti við þjóðbrautina. Svona nú, hérna er húsið fram undan hellinum."

Ekki má skilja rœðustúf þennan svo sem þar væri verið að beiðast afsökunar á því, að gestunum var boðið þetta húsnæði. Það þurfti ekkert að afsaka. Þetta var bezta húsnæði, sem fengizt gat. Gestirnir voru af lágum stigum og lífnaðarhættir þeirra höfðu verið svo, að lítið þurfti til að fullnœgja kröfum þeirra. Gyðingar þeirrar tíðar voru auk þess handgengnir hugsaninni um fólk, sem hafðist við í hellum, því bæði var það, að slíkt kom fyrir nærri daglega þá, og í annan stað mátti á sabbatsdögum heyra um það talað í boðskap þeim, er fluttr var í samkunduhúsunum. Það er meira en lítið af sögu Gyðinga, sem út er gengið úr slíkum fylgsnum; margir hinna átakanlegustu atburða í þeirri sögu eru við þá staði knýttir. Svo er og eftir því að muna, að þau Jósef voru upp runnin í Betlehem, og einmitt fyrir þá sök alvön því að hugsa um slíka gististaði, því á því svæði var allt fullt af hellum smáum og stórum, og höfðu sumir þeirra verið hafðir til íbúðar allt frá því er Emím og Hórear voru uppi. Ekki heldr fældust þau það neitt, þó að hellirinn, sem verið var að vísa þeim í til gistingar, hefði verið notaðr eða væri notaðr fyrir fjárhús. Þau voru niðjar hjarðmanna, og höfðu hjarðir forfeðranna jafnaðarlega verið með þeim, er þeir héldu kyrru fyrir í húbýlum sínum, engu síðr en þá er þeir voru utan húss á ferli. Samkvæmt fornum sið frá dögum Abrahams innhýsa Bedúínar enn hesta sína jafnt og börnin í tjöldum sínum. Þau Jósef fóru því feginsamlega eftir bending varðmannsins. Þau störðu á húsið, og fundu að eins til þess, að þar

var ýmislegt nýstárlegt, sem vakti forvitni þeirra. Þeim var yndi að sérhverju, sem snerti sögu Davíðs.

Húsið var lágt og þröngt, og náði að eins lítið lengra fram en klettrinn þar á bak við og með öllu gluggalaust. Á hinni sléttu framhlið þess voru dyr með hurð fyrir, sem hékk á feiknarstórum hjörum, og var á hurðina klínt þykku máli gul-leitu úr járnkenndum leir. Meðan verið var að ýta frá tréslánni í hurðarlásnum, var konunum hjálpað af baki. En er dyrnar höfðu opnazt, kallaði varðmaðrinn:

„Komið inn!“

Gestirnir gengu inn og störðu á það, er nú var umhverfis. Mátti þá brátt sjá, að húsið var að eins nokkurskonar grýma til að byrgja fyrir hellismunna eða skúta af náttúrunnar völdum, sem var á að gizka fjörutíu fet á lengd, níu eða tíu á hæð og tólf eða fimmtán á breidd. Birtu lagði inn um dyrnar yfir óslétt gólf, og ofan á dyngju af korni og gripafóðri, leirker og önnur húsgögn, sem tóku upp miðbikið af herbergisgólfinu. Til hliðar voru jötur, eins lágar og þurfti fyrir sauðkindr, úr múrlímdu grjóti. Engir voru þar básar né neinskonar skilrúm. Gólfið var gult af ryki og hismi, sem fyllti allar sprungur og smugur og lá eins og ábreiða yfir kongulóarvefunum, er héngu niðr úr ræfrinu eins og óhreinar léreftspjötlur. Að öðru leyti var híbýli þetta þokkalegt, og af útliti þess að ráða var þar fullt eins vistlegt og í hverri sem vera skyldi af hvelfinga-kránum í khaninum sjálfum. Og í rauninni voru slíkar krár einmitt eftirmynd hellisskútanna, eða þaðan var upphaflega hugmyndin í því byggingarlagi.

„Komið inn!“ — sagði fylgdarmaðrinn. „Þessar dyngjur á gólfinu eru fyrir ferðafólk eins og ykkr. Takið af þessu eftir þörfum.“

Síðan ávarpaði hann Maríu sérstaklega:

„Getr þú hvílzt hér?“

„Þetta er heilagr staðr“ — svaraði hún.

„Eg læt ykkr þá hér eftir. Friðr sé með ykkr, öllum!“ Þegar hann var farinn, unnu þau öll að því af kappi að búa viðunanlega um sig í hellinum.

TÍUNDI KAPÍTULI.

Ljósgeisli frá himnum.

Á ákveðinni stund um kvöldið hætti háreystið og ysinn í fólkinu í khaninum og þar umhverfis; hver einasti Ísraelsmaðr reis þá upp á sama tíma, svo framarlega sem hann ekki var áðr á fótum, setti hátíðarsvip á andlit sitt, leit til Jerúsalem, krosslagði hendrnar á brjóstið og gjörði bæn sína; því nú var komin níunda stund, þá er fórnir skyldi fram bornar í Musterinu á Móría, og menn hugsuðu sér guð þar. Þá er tilbiðjendrnir létu hendr sínar niðr falla, hófst ókyrrðin að nýju; allir flýttu sér til náttverðar eða til að búa um rúmflet sín. Skömmu síðar voru ljósin slökkt, og varð þá þögn og allir sváfu.

— — — — — —

Um miðnætti kallaði einhver uppá þakinu: „Hvaða ljós er þarna á loftinu? Vaknið, bræðr! Vaknið og sjáið!“

Menn settust nú upp, hálf-sofandi, og horfðu; svo vöknuðu þeir til fulls, þótt þeir yrði forviða. Ókyrrðin breiddist út til fólksins niðri í miðgarðsrúminu og inní hvelfingar-krárnar; brátt var hvert mannsbarn, sem gisting

hafði tekið í húsinu, á miðsvæðinu og í girðingunni, komið út, og allir störðu á loftið.

Og þetta var það, sem þeir sáu: Ljósgeisli, sem tók sig upp ómælilega hátt uppi hinum megin við stjörnur þær, er næstar voru, og leið svo skáhallt niðr á jörð, eins og dvínandi depill efst uppi, en að neðan mörg hundruð faðma breiðr; til hliða blandaðist birta geislans mjúklega saman við dimmu nætrinnar, en í geislanum miðjum var rósleitr ljómi eins og af rafljósi. Virtist sýn þessi hvíla á fjallinu næsta suðaustr frá bœnum, og kom út á fjalltoppnum eins og væri kóróna með daufum dráttum. Sterkum bjarma sló yfir khaninn, svo að þeir, sem á þakinu voru, sáu hver annars andlit, og voru allir fullir undrunar.

Ljósgeislinn hélt sér stöðugum nokkrar mínútur; síðan breyttist undrsýnin og gjörði menn óttaslegna og kvíðandi; þeir, sem huglitlir voru, titruðu; þeir, sem hughrakkastir voru, töluðu í hálfum hljóðum.

„Hafið þið nokkurn tíma séð annað eins?“—spurði einn.

„Það sýnist“ — var svarað — „rétt upp yfir fjallinu þarna. Eg get ekki sagt, hvað það er, og aldrei hefi eg þvílíkt séð.“

„Getr það verið, að stjarna hafi sprungið og hrapað niðr?“ — spurði annar með hikandi rödd.

„Þegar stjarna hrapar, slokknar ljós hennar.“

„Nú veit eg, hvað það er“—sagði einn hátt og djarflega. „Fjárhirðarnir hafa séð ljón og kveikt svo elda til þess að fæla það burt frá hjörðum sínum.“

Þeim, sem næst voru manninum, er síðast talaði, varð hughœgra, og þeir sögðu: „Já, svona stendr á því. Hjarðirnar voru á beit í dalnum þarna fyrir handan í dag.“

En einn, sem stóð hjá, eyddi þessarri hugsun.

„Nei, nei!“ — sagði hann. „Þótt allr skógrinn í öllum

dölum Júda-lands væri fœrðr saman í einn köst og í honum kveikt, þá myndi það bál ekki varpa frá sér eins sterku og háu ljósi.“

Eftir það varð þögn á húsþakinu, og sú þögn var að eins einu sinni rofin meðan stóð á hinni dularfullu loftsýn.

„Brœðr!“ — hrópaði Gyðingr einn með virðulegum svip — „það, sem við sjáum, er stiginn, sem Jakob, faðir vor, sá í draumi sínum. Blessaðr sé drottinn, guð feðra vorra!“

ELLEFTI KAPÍTULI.

Fœðing Krists.

Hálfa aðra mílu, eða ef til vill tvær mílur, suðaustr frá Betlehem er slétta nokkur, og liggr hæðarhryggr út frá fjallinu á milli hennar og bœjarins. Dalrinn var í góðu skjóli fyrir norðanvindum, en auk þess var hann þakinn af fíkjutrjám, dvergeik og furu, og í gjótum og giljum þar út frá þéttvaxnir runnar olíutrjáa og mórberjatrjáa; en allr sá skógr var á þessum tíma árs ómetanlegr til viðrlífis kvikfénaði þeim, sauðum, geitum og nautum, sem reikaði þar um í hjörðum.

Þeim megin, sem fjærst var bœnum, undir holti einu og fast við það, var stór fjárrétt — *marah* — eldgömul. Einhvern tíma endr fyrir löngu, þegar ránferðir um landið

tíðkuðust, hafði þakinu verið svift af byrgi því og það nálega brotið niðr. Girðingin, sem að því lá, hafði þó verið skilin eftir og látin ósnortin, og var hún meira virði fjárhirðunum, sem ráku búsmala sinn þangað saman, en húsið sjálft. Grjótgarðrinn umhverfis blettinn var mannhæðar hár, og þó lægri en svo, að ekki kœmi það stundum fyrir, að pardusdýr og ljón, er þau bar þar að hungruð utan úr eyðimörk, stykki þar hiklaust yfir og inn í réttina. Fast við garðinn að innanverðu hafði verið gróðrsett hrísgerði úr þyrni þeim, er *rhamnus* er nefndr, til enn frekari varnar gegn hættunni, sem sí og æ vofði yfir, og hafði uppátœki það heppnazt svo vel, að titlingr hefði nú naumast getað komizt gegn um limið, sem náði upp yfir garðinn, enda voru greinar þær allavega saman flœktar og alsettar þyrnibroddum, er voru eins og járngaddar.

Daginn áðr en atburðir þeir gjörðust, sem frá hefir verið skýrt í kapítulunum hér næst á undan, höfðu fjárhirðar nokkrir á leit þeirra eftir nýrri hagagöngu fyrir hjarðir sínar farið með þær inn á þessa sléttu; og frá því snemma um morguninn hafði í lundunum þar kveðið við af kalli smalanna, axarhöggum, jarmi sauða og geita, bjölluhringli, nautabauli og hundagelti. Um sólarlag fóru þeir á undan hjörðunum til fjárréttarinnar og höfðu um dagsetr komið skepnunum þar svo fyrir, að öllu var óhætt; síðan kveiktu þeir eld niðr við hliðið, tóku sér lítilmótlegan kvöldverð og settust niðr til að hvíla sig og tala saman, en létu einn úr hópi sínum vera á verði.

Auk varðmannsins voru þeir sex að tölu, og bráðum söfnuðust þeir saman í þyrping nálœgt eldinum; sumir þeirra sátu, en aðrir lágu á grúfu. Þeir gengu jafnaðarlega berhöfðaðir, og var því hár þeirra úfið og flókið, grófgjört og sólbrennt. Skegg þeirra huldi hálsinn framanverðan. Það var í flóka og náði niðr á bringu. Þeir

gengu í yfirhöfnum úr kiðlinga og lambaskinnum með ullinni á, og voru þeir með flíkum þeim dúðaðir upp frá hálsi til knjáa, nema handleggir, sem voru án allra umbúða. Hina grófgjörðu kufli gyrtu þeir að sér með breiðum beltum. Á fótum höfðu þeir ilskó af allra grófasta tægi. Niðr frá hœgri öxlum þeirra héngu skreppur með nesti í og útvöldum steinum fyrir slöngur þær, sem þeir voru útbúnir með. Á jörðinni hjá hverjum um sig lá krókstafr hans, sem var tákn köllunar hans og vopn til varnar.

Þannig voru fjárhirðarnir í Júdeu. Að ytra útliti voru þeir grófir og villtir eins og hinir gelgjulegu rakkar, sem sátu hjá þeim í kring um eldinn; en í raun og veru ráðvandir og viðkvæmir; og stafaði þetta hvorttveggja að nokkru leyti af hinum frábœrlega óbrotnu lifnaðarháttum þeirra, en einkum af umhyggju þeirri, er þeir stöðugt báru fyrir skjólstœðingum sínum — skepnunum meinlausu og ósjálfbjarga.

Þeir hvíldust og skröfuðu saman; náði umtalsefni þeirra að eins til hjarðanna, og er það í augum heimsins næsta dauflegt, en þar var þó allr heimrinn fyrir þá. Virzt getr, að þeir, er þeir voru að segja frá, hafi of lengi dvalið við smámuni, þar sem t. a. m. sá, sem gjöra vildi grein fyrir því atviki, er lamb hafði farizt, tíndi til sérhvað eina þar að lútanda, hversu lítilfjörlegt sem var; en hins vegar er að muna eftir því, hve náið var samband sögumanns og lambsins, sem fyrir slysinu hafði orðið. Þegar undir eins og lambið fœddist varð það hans handbendi; upp frá því var það hans að annast það svo lengi sem það lifði, hjálpa því yfir lœkina, er þeir uxu í rigningum og urðu hættulegir yfirferðar, bera það niðr eftir lautunum, gefa því nafn og venja það; það átti að verða félagi hans, sem hann varð að hugsa um og annast; utan um það snerist vilji hans; það var honum stöðugt samferða, enda honum til

hressingar hvar sem hann var á ferli, og komið gat það fyrir, að hann yrði því til varnar að ganga út í bardaga við ljón og ræningja — og láta lífið.

Hinir miklu atburðir mannkynssögunnar eins og þeir, er gjöreyddu heilar þjóðir og ollu því, að yfirráðin í heiminum komust í nýjar hendr, voru fyrir þá smámunir, svo framarlega sem slíkt fór annars ekki algjörlega fram hjá þeim. Við og við fréttu þeir um það, sem Heródes var að hafast að í þeirri eða þeirri borginni — reisa hallir og leikœfingahús og varpa sér út í allskonar óleyfilegar skemmtanir. Að vanda sínum á þeirri tíð beið stjórnarvaldið í Rómaborg ekki eftir þeim mönnum, sem seinir voru á sér með að leita sér frœðslu um það. Það kom til þeirra. Þegar fjárhirðir var að fara með hinar lötrandi sauðkindr sínar yfir fellin eða eftir að hann var kominn með þær í varnarvirkin, sem þeim voru höfð til skýlis, kom það ekki sjaldan fyrir, að hann hrökk við af lúðrahljóði; og er hann svo gægðist fram, sá hann skor *(cohors)* rómverskra hermanna, stundum heila hersveit *(legio)*, á göngu; og er hinir glitrandi hjálmskúfar voru horfnir og tilfinningarnar voru komnar í samt lag eftir þessa óvæntu aðsókn, beygði hann sig niðr til þess að geta sér til um það, hvað ernirnir og hinar gylltu kúlur herliðs þessa merkti og töfrabragr lífs þess, er svo gjörsamlega stakk í stúf við líf hans.

Engu að síðr höfðu þó menn þessir, svo ómenntaðir og einfaldir sem þeir annars voru, til að bera þekking og vísdóm, sem var sérstök eign þeirra. Á sabbatsdögum var það vandi þeirra að hreinsa sig, fara til samkundnanna og taka sér þar sæti á bekkjunum lengst burt frá örkinni. Þá er samkunduþjónninn, sem *chazzan* nefndist, bar lögmálsörkina — *torah* — um, þá kysstu engir hana með meiri nautnartilfinning en þeir. Þá er samkundustjórinn —

sheliach — las lexíuna úr guðs orði, hlýddu engir á útskýringuna með hiklausari trú; og engir höfðu á burt með sér meira af rœðu prédikarans né íhuguðu það betr eftir á. Í þeim ritningarkafla, er *shema* nefnist, fundu þeir allan lærdóm og allt lögmál hins einfalda lífs þeirra — það að drottinn væri sá einasti guð og að þeir yrði að elska hann af öllu hjarta. Og þeir elskuðu hann; í því var fólginn vísdómr þeirra, sem meiri var en nokkurra konunga.

Meðan þeir voru að tala og áðr en fyrsta eykt nætr var liðin, lögðu fjárhirðarnir sig út af einn og einn til svefns, hver um sig þar sem hann hafði setið.

Eins og flestar nætr að vetrarlagi þar í fjall-lendinu var þessi nótt heiðskír og svöl og himininn tindrandi af stjörnum. Það var logn. Loftið var með allra tærasta móti, og kyrrðin var meiri en þögn. Það var eins og allt væri þaggað niðr í heilaga ró — svo sem bending þess, að himininn sjálfr væri að lúta niðr til þess að hvísla einhverju góðu að jörðinni hlustandi.

Varðmaðrinn gekk um við hliðið og dró kufl sinn fastar að sér; annað veifið stóð hann kyrr, því einhver ókyrrð meðal sauðfjárins, sem svaf, vakti eftirtekt hans, eða það var ef til vill sjakall útí fjallshlíðinni, sem lét til sín heyra. Honum fannst miðnættið vera seint að koma, en loksins kom það þó. Hlutverki hans var lokið; nú var fyrir hann að hverfa inn í draumlausan svefn, sem vinnan blessar hin þreyttu börn sín með. Hann færði sig nálægt eldinum, en nam staðar, því ljós glampaði í kring um hann, með mildri birtu og hvítri, eins og tunglsljós væri. Hann beið og stóð á öndinni. Ljósið óx; það, sem áðr hafði verið ósýnilegt, sást nú; hann sá mörkina alla með öllu því, sem naut þar skjóls. Hrollr fór í gegn um hann, næmari en af hinu kalda nætrlofti — hrollr af hræðslu. Hann leit upp; stjörnurnar voru horfnar; ljósið streymdi niðr eins og úr

glugga á himninum; og er hann horfði þangað, birtist það í ljóma; óttasleginn hrópaði hann þá upp:

„Vaknið, vaknið!“

Hundarnir þutu upp og hlupu gólandi burt.

Sauðféð œddi saman í harðan hnapp.

Mennirnir, sem sofið höfðu, bröltu á fœtr með vopn sín í höndunum.

„Hvað er það?“ — spurðu þeir allir í einu.

„Lítið á!“ — kallaði varðmaðrinn — „loftið stendr í loga!“

Birta ljóssins varð allt í einu óþolandi, og þeir byrgðu fyrir augun og létu fallast á kné; yfirkomnir af ótta féllu þeir svo fram á ásjónur sínar, blindir og magnþrota, og myndi þeir hafa dáið, hefði ekki rödd borizt þeim til eyrna og sagt við þá:

„Óttizt ekki!“

Og þeir hlustuðu.

„Óttizt ekki! því eg flyt yðr góð tíðindi um mikinn fögnuð, sem veitast mun fólkinu öllu.“

Röddin var sœtari og meir friðandi en nokkur mannleg rödd, og þótt hún væri lág, var hún þó skýr; hún fór eins og í gegn um þá alla, og gjörði þá með öllu örugga. Þeir risu á kné, og er þeir litu frá sér í djúpri tilbeiðslu, sáu þeir mikla dýrð, og í henni miðri eins og mynd af manni, er klæddr var snjóhvítum búningi; upp frá herðum hans risu hátt yztu brúnir skínandi vængja saman dreginna; uppyfir enni hans tindraði stjarna með stöðugum ljóma, skínandi eins og Hesperus; hendr hans voru út réttar að þeim og til þess búnar að blessa yfir þá; andlitið var rólegt og hafði til að bera guðlega fegrð.

Fjárhirðarnir höfðu oft heyrt getið um engla, og höfðu líka sín á milli um þær verur talað á þann einfeldningslega hátt, sem þeim var laginn; og ekki efuðust þeir nú, heldr

sögðu það í hjörtum sínum: 'Dýrð guðs er umhverfis okkr, og þetta er sá hinn sami, sem forðum kom til spámannsins við fljótið Úlaí.'

En tafarlaust hélt engillinn máli sínu áfram: „Því að í dag er yðr frelsari fæddr í borg Davíðs, drottinn Kristr!"

Þá var aftr þögn, meðan orðin sökktu sér niðr í sálir þeirra.

„Og hafið það til marks" — sagði boðberinn næst —, „að þér munuð finna ungbarn, vafið reifum, liggjanda í jötu."

Boðberinn tók ekki aftr til máls; hann hafði borið fram tíðindi þau hin góðu, sem hann var sendr með, en þó var hann enn kyrr litla hríð. Allt í einu breyttist ljósið, sem hann sýndist vera í miðju; það varð róslitað og fór að titra; síðan brá fyrir uppí loftinu, eins hátt og séð varð, hvítum blikandi vængjum og skínandi verum, sem ýmist komu eða fóru, og raddir heyrðust eins og frá miklum fólksgrúa, sem sungu samhljóða:

„Dýrð sé guði í upphæðum, friðr á jörðu og velþóknan yfir mönnunum!"

Ekki í eitt skifti að eins heyrðist lofgjörð þessi, heldr hvað eftir annað.

Síðan lyfti boðberinn augum sínum upp, svo sem til að leita staðfestingar hinnar himnesku hátignar á því, er hann hafði mælt; hann hreyfði vængina og breiddi þá út hægt og hátíðlega; voru þeir að ofan hvítir sem snjór, en með margvíslegum litblæ þar sem skugga bar á, líkt því, sem er á perlumóður; þá er vængirnir voru út þandir enn meir en svaraði hæð engilsins, reis hann upp léttilega og leið fyrirhafnarlaust úr augsýn, og tók hann ljósið burt með sér. En löngu eftir að hann var farinn kvað við uppí loftinu ómr af lofsöngnum og barst þýðlega niðr á jörðina: „Dýrð sé

guði í upphæðum, friðr á jörðu og velþóknan yfir mönnunum!“

Þá er fjárhirðarnir voru algjörlega komnir til sjálfra sín, störðu þeir hver á annan svo sem þeir, er ekki geta áttað sig, þar til einn þeirra mælti:

„Það var Gabríel, sendiboði guðs til manna.“

Enginn tók undir.

„Drottinn Kristr er fæddr — sagði hann það ekki?“ Þá fékk annar aftr málið og svaraði: „Það er það, sem hann sagði.“

„Og sagði hann ekki líka: ‘í borg Davíðs’? Það er Betlehem þarna. Og að við myndum finna hann — barnið — í reifum.“

„Og liggjanda í jötu.“

Fjárhirðirinn, sem fyrst hafði tekið til máls, starði hugsandi á eldinn, en loks sagði hann eins og sá, er allt í einu hefir komizt að fastri niðrstöðu: „Að eins á einum stað í Betlehem eru jötur, og það er í hellinum í nánd við khaninn gamla. Bræðr! við skulum fara að sjá þetta, sem komið hefir fyrir. Prestar og lærimeistarar hafa lengi að undanförnu verið að búast við Kristi hinum fyrirheitna. Nú er hann fæddr, og drottinn hefir gefið okkr merki, sem við getum farið eftir, til að þekkja hann. Við skulum fara upp eftir og veita honum lotning.“

„En hjarðirnar!“

„Drottinn mun sjá fyrir þeim. Við skulum flýta okkr.“

Þeir stóðu þá allir upp og yfirgáfu fjárréttina.

— — — — — —

Kring um fjallið og gegn um bœinn fóru þeir, og komu svo að hliðinu að khaninum, þar sem maðr var á verði.

„Hvað viljið þið?“ — spurði hann þá.

„Við höfum séð og heyrt mikla hluti í nótt“ — svöruðu þeir.

„Við höfum líka séð mikla hluti, en við höfum ekkert heyrt. Hvað hafið þið heyrt?“

„Lát okkr fara til hellisins fyrir innan girðinguna, svo við fáum fullvissazt um mál okkar; síðan skulum við segja þér allt. Kondu með okkr og sjáðu með eigin augum.“

„Það verðr fávísra manna för til ónýtis.“

„Nei, Kristr er fæddr.“

„Kristr! Hvernig vitið þið það?“

„Förum fyrst og vitum, hvað við fáum að sjá.“

Maðrinn hló háðslega.

„Kristr í raun og veru kominn! Hvernig eigið þið að geta þekkt hann?“

„Hann fæddist í nótt og liggr nú í jötu — svo var okkr sagt; og að eins á einum stað í Betlehem eru jötur.“

„Í hellinum?“

„Já. Kondu með okkr.“

Þeir fóru gegn um miðgarðssviðið án þess að gjöra neitt vart við sig, þó að nokkrir væri þar þegar á fótum, sem rœddu saman um hið undarlega ljós. Hellisdyrnar voru opnar; inní hellinum logaði á ljósbera; og þeir gengu inn hisprslaust.

„Friðr sé með ykkr!“ — sagði varðmaðrinn við Jósef og manninn frá Beth-Dagon. „Hér eru menn, sem eru að litast um eftir barni, er fœddist í nótt, og búast þeir við að þekkja það af því að finna það í reifum, liggjanda í jötu.“

Á andilti Jósefs, sem jafnaðalega hreyfðist ekki, mátti sjá, að hann komst við af því að heyra þetta. Hann sneri sér undan og sagði: „Barnið er hér.“

Þeir voru leiddir að jötunni einni, og þar var barnið. Ljósberinn var sóktr, og fjárhirðarnir stóðu hjá orðlausir.

Ungbarnið bærði ekki á sér; það var eins og önnur nýfædd börn.

„Hvar er móðir barnsins?“ — spurði varðmaðrinn.

Ein af konunum tók barnið, fór með það til Maríu, sem lá þar nálægt, og lagði það í faðm hennar. Þeir, sem voru þar staddir, söfnuðust saman utan um hana og barnið.

„Það er Kristr hinn fyrirheitni!“ — sagði einn fjárhirðirinn loksins.

„Kristr hinn fyrirheitni!“ — endrtóku þeir allir og féllu á kné í tilbeiðslu. Einn þeirra ítrekaði nokkrum sinnum þessi orð:

„Það er drottinn, og dýrð hans er yfir jörð og himni.“

Og hinir lítilmótlegu menn, sem lausir voru við allar efasemdir, kysstu klæðafald móðurinnar og fóru burt með fagnaðarsvip. Allir í khaninum komust í uppnám og þyrptust utan um hirðana, sem sögðu þeim frá því, er fyrir þá hafði komið; og meðan þeir fóru gegn um bœinn og alla leið til baka til fjárréttarinnar, tónuðu þeir viðkvæði englanna: „Dýrð sé guði í upphæðum, friðr á jörðu og velþóknan yfir mönnunum!“

Sagan barst út, og var henni til staðfestingar ljósið, sem fólk svo almennt hafði séð; og næsta dag og nokkra daga þar á eftir kom fjöldi forvitinna manna í hellinn; sumir þeirra trúðu, en fleiri voru þeir, sem hlógu og hæddust að.

TÓLFTI KAPÍTULI.

Koma vitringanna.

Á ellefta degi eftir fœðing barnsins í hellinum nálguðust vitringarnir þrír um nónbil Jerúsalem á þjóðvegin-

um frá Sikkem. Eftir að þeir voru komnir yfir lækinn Kedron mœttu þeir mörgum mönnum, og brást það ekki, að hver einn þeirra nam staðar og horfði forvitinn á eftir þeim.

Júdea var allsherjar þjóðbraut, og gat það ekki öðruvísi verið. Landshluti sá var í rauninni ekki annað en mjór hryggr, sem að því er virðast mátti hafði lyfzt upp af þrýsting eyðimerkrinnar fyrir austan og hafsins að vestan. En út yfir þennan hrygg hafði þó náttúran breitt verzlunarband milli landanna í austri og suðri, og þar var auðsuppspretta Júdeu. Auðlegð Jerúsalemsborgar var með öðrum orðum fólgin í tollgjöldum þeim, sem hún lagði á verzlunarvörur þær, er þar fóru í gegn um. Hvergi nema í Róm þyrptist því stöðugt saman annar eins grúi fólks af allskonar þjóðum eins og þar; í engum bœ öðrum var útlendingr eins lítið ókunnr þeim, sem heima áttu innan múra hennar eða í umhverfum hennar. Engu að síðr vöktu þessir þrír komumenn furðu allra, sem þeir mœttu á leið sinni til borgarhliðanna.

Barn eitt, sem tilheyrði konum nokkrum, er sátu við veginn andspænis konungagröfunum, sá mennina, er þeir komu: það klappaði þá tafarlaust saman höndum og kallaði upp: „Sko! þær ljómandi bjöllur! Og hve stórir eru úlfaldarnir!“

Bjöllurnar voru úr silfri; úlfaldarnir voru óvenjulega stórir og fannhvítir, eins og vér höfum séð, og einstaklega tignarlegir sýndust þeir, er þeir liðu áfram; reiðtýgin báru vott um, að þeir komu út úr eyðimörkinni, úr langferð þar, svo og um auð fjár hjá eigendum þeirra, sem sátu undir hinum litlu tjaldhimnum nákvæmlega eins og þeir komu oss fyrir sjónir þar sem þeir hittust fyrst fyrir handan Jebel-fjall. Þó voru það ekki bjöllurnar eða úlfaldarnir eða áhafnir þeirra, sem vöktu svo mikla furðu, né

heldr háttbragð mannanna, er á úlföldunum sátu; en það var spurningin, sem sá þeirra bar upp, er fremstr reið.

Leiðin til Jerúsalem að norðan, þegar komið er nálægt borginni, liggr eftir sléttu, er hallar til suðrs, svo að Damaskus-hlið er í nokkurskonar dal eða slakka. Vegrinn er mjór, en mjög niðrskorinn sökum þess hve lengi hefir eftir honum verið farið, og sumsstaðar illr umferðar sökum hnullungssteina, sem vatnsrennsl í rigningum hefir látið eftir lausa og þurra. Beggja megin breiddu sig þó forðum út frjó akrlendi og snotrir olíuviðar-lundar, sem hljóta, þá er allt stóð þar í blóma, að hafa verið frábærlega fagrir, einkum í augum ferðamanna, er nýkomnir voru úr eyðimörkinni. Á þessarri þjóðbraut námu þrímenningarnir staðar fram undan konungagröfunum, þá er þeir urðu fyrir konunum þar.

„Konur góðar!“ — mælti Balthasar og strauk um leið hið fléttaða skegg sitt og beygði sig fram úr skrínu sinni — „er ekki Jerúsalem hér rétt hjá?“

„Jú“—sagði konan, sem barnið hafði þotið í fangið á.— „Ef trén á öldunni þarna væri ögn lægri, mynduð þið sjá turnana við torgið.“

Balthasar leit á Grikkjann og Hindúann og spurði svo:

„Hvar er hinn nýfæddi konungr Gyðinga?“

Konurnar störðu hver á aðra og svöruðu engu.

„Hafið þið ekki heyrt um hann?“

„Nei.“

„Jæja, segið hverjum, sem þið hittið, að við höfum séð stjörnu hans austr í löndum og erum komnir til að veita honum lotning.“

Síðan riðu þeir félagar áfram. Þeir lögðu sömu spurning fyrir aðra, en það fór eins. Þeir mættu stórum hóp manna, sem voru á leið til Jeremía-hellis, og urðu þeir

svo forviða af spurningunni og útliti ferðamannanna, að þeir sneru við og fóru á eftir þeim inn í bœinn.

Svo sterklega hugsuðu prímenningarnir um hina sérstöku köllun sína, að þeir sinntu engu því, sem nú allt í einu reis upp í sjóndeildarhringnum fram undan þeim, þótt sýn sú væri frábærlega stórfelld. Fram undan þeim og næst þeim var þorpið, sem leið þeirra lá gegn um, á Bezetha; þar næst var Mizpah, og Olíufjallið, hinum megin til vinstri handar; þá múrgirðingin á bak við þorpið með fjörutíu turnum háum og ramgjörum, og hafði þeim verið bœtt við varnarvirkið, að einu leyti til þess að styrkja það enn meir, en annarsvegar til þess að fullnœgja fegrðartilfinning Heródesar konungs, sem í þeim efnum var svo einkar næm; þá framlenging sama múrgarðsins, einnig turnum sett, sem beygðist til hœgri handar í mörgum krók um og hér og hvar með hliðum og vígturnum upp af, allt til stórhýsa mikilla og hvítra, sem voru þrjú að tölu og nefndust Phasælus, Mariamne og Hippikus; enn fremr Síon, hæsta fjallið, þakið marmarahöllum efst uppi, og var fegrð þess aldrei eins mikil og þá, hvorki fyrr né síðar; enn fremr hinir glóandi hjallar musterissvæðisins á Móría-fjalli, sem menn kannast við að verið hafi eitt af furðuverkum jarðarinnar; og loks hin konunglegu fjöll, sem mynduðu nokkurskonar umgjörð allt í kring um hina helgu borg, og leit svo út sem borgin lægi niðrí stórri skál.

Loksins komu þeir að turni einum ákaflega háum og sterkum, er reis upp frá hliði því, er á þeim tíma samsvaraði Damaskus-hliði því, sem nú er, og komu þar saman þjóðvegirnir þrír frá Sikkem, Jeríkó og Gíbeon. Rómverskr maðr stóð þar á verði. Þá er þangað var komið, var fólkið, sem fylgdi á eftir úlföldunum, orðið svo margt, að inn í þann hóp drógust iðjulevsingjarnir allir við hliðið. Þá er því Balthasar nam staðar til að tala við varðmanninn, urðu

Þeir þrír félagar allt í einu í miðjum hring fullum af fólki, sem með forvitni hlustaði á allt, sem fór þar fram.

„Friðr sé með þér!“ — sagði Egyptinn með skærri rödd.

Varðmaðrinn tók ekki undir.

„Við erum komnir langt að til að leita að hinum nýfædda konungi Gyðinga. Getr þú frætt okkr um það, hvar hann er?“

Hermaðrinn lyfti hjálmgrímu sinni og kallaði hátt. Yfirmaðr einn kom brátt fram úr herbergi nokkru hægra megin við ganginn.

„Úr veginum!“—kallaði hann til mannfjöldans, sem nú þyrptist þéttar saman en áðr. Og er fólkið sýndist seint á sér að hlýða, gekk hann fram og sveiflaði spjóti sínu í ákefð ýmist til hægri eða vinstri hliðar, og svo fóru allir úr vegi fyrir honum.

„Hvað var það, sem þú vildir?“—spurði hann Balthasar, og talaði á tungu borgarlýðsins.

Balthasar svaraði á sömu tungu:

„Hvar er hinn nýfæddi konungr Gyðinga?“

„Heródes?“—spurði herforinginn, sem ekki skildi, hvað við var átt.

„Heródes hefir konungdóm sinn frá keisaranum; nei, ekki hann.“

„Það er enginn annar konungr Gyðinga til.“

„Við höfum þó séð stjörnu hans, sem við erum að leita að, og erum komnir til að veita honum lotning.“

Rómverjinn var í vandræðum.

„Farið áfram lengra“—sagði hann loksins. „Lengra áfram. Eg er ekki Gyðingr. Leggið spurning ykkar fyrir lærimeistarana í Musterinu, eða fyrir Hannas prestahöfðingja, eða fyrir Heródes sjálfan, sem er enn betra. Sé annar konungr Gyðinga til, þá finnr hann hann.“

Síðan lét hann alla fara úr vegi fyrir útlendingunum, og þeir fóru gegn um hliðið. En áður en komið var inn í hið þrönga stræti, hœgði Balthasar á sér til þess að ávarpa félaga sína. „Það er"—sagði hann—„nœgilega búið að boða komu okkar. Um miðnætti verðr fregnin um okkr og erindi okkar komin út um alla borgina. En nú skulum við fara til gistihússins."

ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

Heródes og vitringarnir.

Fyrir sólsetr sama kvöld voru konur nokkrar að þvo föt á efra þrepi stigans, sem lá niðr í dœld Sílóam-lindar. Þær lágu á knjánum fyrir framan leirskál eina víða. Stúlka, sem var fyrir neðan stigariðið, birgði þær með vatni, og söng meðan hún var að fylla krukkuna. Gleðihreimr var við sönginn, og létti hann vafalaust undir vinnu þeirra. Stundum sátu þær á hælum sér og litu upp í hlíð Ófel-fjalls og í kring til toppsins á fjallinu, sem nú er nefnt Hneykslunar-fjall, og var þar yfir daufr bjarmi frá sólinni sígandi til viðar.

Meðan þær unnu að því af mesta kappi að nudda og vinda fötin í skálunum, komu tvær konur aðrar til þeirra, hvor um sig með tóma krukku á öxlinni.

„Friðr sé með ykkr!" — sagði önnur þeirra, sem að voru komnar

Þær, sem voru við þvottinn, settust upp, kreistu vatnið af höndunum, og tóku undir kveðjuna með sömu orðum.

„Það er nærri því komin nótt og því tími til að hætta.“

„Aldrei er vinnunni lokið“ — var svarað.

„En það er tími til að hvílast, og“ — —

„Að heyra, hvað er að gjörast“ — tók hin fram í.

„Hvað segið þið í fréttum?“

„Þið hafið þá ekkert heyrt?“

„Nei.“

„Það er sagt, að Kristr hinn fyrirheitni sé fæddr“ — sagði fréttaberinn og vatt sér allt í einu inn í sögu sína.

Merkilegt var eftir því að taka, hvernig birti yfir andlitum þvottakvennanna, er þær heyrðu þessi tíðindi; en hins vegar voru krukkurnar látnar niðr og tafarlaust voru úr þeim gjörð sæti handa eigendum þeirra.

„Kristr hinn fyrirheitni!“ — tóku þvottakonurnar upp hátt.

„Svo er sagt.“

„Hver segir það?“

„Allir; það er alskrafað.“

„Trúir nokkur því?“

„Í dag undir kvöld komu þrír menn yfir Kedrons-lœk eftir þjóðveginum frá Sikkem“—svaraði sú, sem með fréttina kom, til þess að rökstyðja mál sitt og kœfa niðr allan efa. „Hver þeirra um sig reið á alhvítum úlfalda, sem var stœrri en nokkur þeirra, er áðr hafa sézt í Jerúsalem.“

Þvottakonurnar settu upp stór augu og göptu, er þær heyrðu þetta.

„Því til sönnunar, hve tignir og auðugir menn þeir voru“ — hélt sögukona áfram—, „sátu þeir undir sóltjöldum úr silki; hringjurnar á söðlum þeirra voru úr gulli, eins kögrið á beizlum þeirra; bjöllurnar voru úr silfri og

söng í þeim eins og væri reglulegt hljóðfæri. Enginn þekkti þá; þeir litu út eins og væri þeir komnir allra lengst utan úr heimi. Að eins einn þeirra talaði, og lagði hann þessa spurning fyrir hvern, sem fyrir þeim varð á veginum, líka konur og börn: 'Hvar er hinn nýfæddi konungr Gyðinga?' Enginn svaraði þeim — enginn skildi, hvað þeir áttu við; svo að þeir héldu áfram, en skildu þessi orð eftir þar sem þeir fóru: 'Því vér höfum séð stjörnu hans í Austrlöndum og erum komnir til að veita honum lotning. Þeir spurðu Rómverjann við hliðið að þessu sama, og hann, sem ekki vissi meira en alþýðufólkið á veginum, lét þá fara til Heródesar."

„Hvar eru þeir nú?"

„Í khaninum. Svo hundruðum skiftir hafa menn þegar farið að sjá þá, og eins margir eru á leiðinni þangað."

„Hvaða menn eru þetta?"

„Það veit enginn. Það er sagt þeir sé Persar — vitringar, sem tala við stjörnurnar — ekki ósennilega spámenn eins og Elía og Jeremía."

„Hvað eigið þið við, þegar þið nefnið 'konung Gyðinga'?"

„Krist hinn fyrirheitna, sem nú er nýfæddr."

Ein þvottakonan hló og tók aftr til starfs og mælti: „Jæja, þegar eg sé hann, þá trúi eg."

Önnur fór að dæmi hennar, segjandi: „Og eg — já, þegar eg sé hann vekja menn upp frá dauðum, þá trúi eg."

Sú þriðja sagði kyrrlátlega: „Hann hefir lengi verið fyrirheitinn. Það mun mér verða nóg að sjá hann lækna einn mann líkþráan."

Og konur þessar sátu og töluðu saman þangað til nóttin kom og með kuldanum, sem var í loftinu, rak þær heim.

— — — —

Seinna um kvöldið, um það leyti er fyrsta eykt nætr hófst, voru á að gizka fimmtíu manns saman komnir í höllinni á Síonsfjalli, og komu þeir aldrei saman nema eftir skipan Heródesar, og þó að eins þá, er hann krafðist að fá að vita það eða það dýpra dularmál, sem snerti lög og sögu Gyðinga. Það var í stuttu máli að segja fundr, sem Musterisskóla-kennendrnir héldu, œðstu prestarnir og lærifeðrnir, sem mest voru orðlagðir í borginni fyrir lærdóm—mennirnir, sem stýrðu almenningsálitinu og höfðu það hlutverk að gefa skýring á trúarjátninga-afbrigðum; höfðingjar Sadúsea, rökfróðir mælskumenn Farísea, hœglátir, málþýðir heimspekingar með Stóika-stefnu af jafnaðarmanna-flokki Essena.

Salrinn, þar sem fundrinn var haldinn, sneri að garðsvæðinu einu innan megin hallarinnar og var vel rúmlegr og með sniði því, er tíðkaðist meðal Rómverja á keisaratíðinni. Gólfið var lagt marmarahellum, stykkjótt eins og skákborð; veggirnir, sem engir gluggar voru á, tíglaðir með saffrangulum freskó-málverkum; á herbergisgólfinu miðju var legubekkr, hulinn sessum, sem yfirklæddar voru ljósgulum dúk; var hann í lögun eins og bókstafrinn U, með opið út til dyranna; innan í boga legubekkjarins eða eins og í bókstafsbugðunni var feikna-stór þrífótr úr bronzi, innlagðr af hugviti miklu með gulli og silfri, og hékk þar uppyfir niðr úr loftinu ljósahjálmr með sjö stikum, og logaði lampaljós í hverri stikunni. Legubekkrinn og lampinn voru að öllu leyti eftir því, sem tíðkaðist hjá Gyðingum.

Fundarmenn sátu að austrlenzkum sið á legubekknum, allir eins klæddir nema að því, er lit klæðanna snerti. Aðallega voru það aldraðir menn; huldi skegg mikið andlit þeirra; stórnefjaðir voru þeir og með stórum svörtum augum, sem lágu djúpt undir bröttum brúnum; svipr þeirra var alvarlegr, tígulegr og jafnvel eins og á ættarhöfðingj-

um. Ráðið mikla — *sanhedrim* — var með öðrum orðum þarna saman komið.

Áhorfandi myndi þó undir eins og öllum öðrum fremr hafa veitt eftirtekt manninum, sem sat fyrir framan þrífótinn, þar sem segja má að væri höfðalagsendinn á legubekknum, og hafði maðr sá félaga sína hina alla sér til hœgri og vinstri handar, en jafnframt fram undan sér; var augsýnilegt, að þetta var forseti ráðsins. Hafði hann upphaflega verið steyptr í stórt mót, en var nú uppvisinn og nærri því eins og tómr svipr; hvítr kufl hékk niðr af herðum hans í fellingum, sem ekki bentu til neinna vöðva á líkama hans né til neins annars en að þetta væri uppþornuð beinagrind. Hendr hans voru til hálfs huldar ermum úr silki með hvítum og fagrrauðum röndum, og hélt hann höndunum fast að knjánum. Þá er hann talaði, rétti hann stundum vísifingr hœgri handar fram með titrandi hreyfing; á annan hátt sýndist hann ekki kunna að bæra neitt á sér. En höfuð hans var fagrlega hvelft; fáein hár, hvítari en smágjörustu silfrþræðir, girtu skallann að neðanverðu; á hinni breiðu og hnöttóttu höfuðkúpu lá skinnið útspennt og stirndi sterklega á það; gagnaugun voru djúpar holur, og frá þeim reis upp hið slútanda enni eins og ósléttr berghamar; mjög var hann tekinn til augnanna, enda sá hann dauflega; nefið eins og kreist saman; og allr neðri hluti andlitsins var hjúpaðr af flaksanda skeggi, sem var tignarlegt eins og væri á Aron. Svona leit Hillel hinn babylonski út. Af fylkingum spámannanna, sem fyrir löngu voru dánir út í Ísrael, hafði nú tekið við hópr frœðimanna, og bar hann af þeim öllum að lærdómi; hann vantaði að eins eitt til að geta talizt til spámannanna — guðlegan innblástr! Hann stóð enn fyrir Musterisskólanum mikla, þótt hann væri orðinn hundrað og sex ára gamall.

Á borðinu fyrir framan hann lá pergaments-rolla opin,

rituð hebresku letri; á bak við hann stóð þjónn, skrautlega klæddr, til þess búinn að taka við skipunum hans.

Þeir höfðu haft samræður, ráðherrarnir á fundinum, en á þessu augnabliki, er litið er inn til þeirra, hafði ráðstefnan komizt að fastri niðrstöðu; þeir sátu nú allir kyrrir og hvíldust, og hinn virðulegi öldungr Hillel kallaði til þjónsins án þess að hreyfa sig neitt.

„Þei!“

Sveinninn gekk fram fullr lotningar.

„Farðu og segðu konunginum, að við séum til þess búnir að veita honum svar.“

Sveinninn skundaði burt.

Innan skamms komu tveir hermannaforingjar inn í salinn og námu staðar sínum megin dyranna hvor; á eftir þeim fylgdist hægt og hægt gamall maðr, frábærlega sérkennilegr, klæddr í purpuraskikkju með skarlatsbrydding, og var hún gyrt að honum um mittið með gullkeðju, og voru hlekkirnir í henni svo smágjörir, að það mátti vefja hana saman eins og leðr; þvengirnir í skóm hans glóðu af dýrindis gimsteinum; þröng víravirkis-kóróna blikaði utan á kollhúfu — *tarbooshe* — úr fagrrauðu dúnmjúku flosi; huldi hún höfuðið og náði niðr á herðar, en lét eftir hálsinn beran og kverkarnar. Í stað innsiglis hékk rýtingr niðr úr belti hans. Haltrandi gekk hann áfram og studdist þunglega við staf. Hann staldraði ekki við né leit upp frá gólfmu fyrr en hann var kominn fast að legubekkjar-opinu; var eins og hann þá fyrst vissi af því, að hann var staddr í margmenni, og vaknaði hann við þá hugsan, rétti úr sér, litaðist um drembilega, eins og sá, sem bylt hefir orðið við og er að skyggnast eftir óvini sínum — svo skuggalegr, grunsamt og ógnanda var tillit augna hans. Svona var Heródes mikli — á líkamanum niðrbrotinn af sjúkdómum, með samvizku kolbrenndri af glæpum, stórkostlegu atgjörvi

andans, og sál hœfri til brœðralags með keisurunum; nú var hann sjötíu og sjö ára gamall, og vakti þó yfir hásæti sínu með meiri grunsemi, sterkara harðstjórnarvaldi og látlausari grimmd en nokkurn tíma áðr.

Ráðherrahóprinn, sem fyrir var, komst nú allr í uppnám — eldri mennirnir beygðu sig fram til þess að heilsa, og hinir, sem meiri tilhneiging höfðu til að laga sig eftir hirðsiðum, stóðu upp, hneigðu sig djúpt í knjánum og brugðu höndum fyrir brjóst og skegg.

Þá er Heródes hafði litazt um, fœrði hann sig áfram þar til er hann var kominn að þrífœtinum andspænis hinum virðulega öldung Hillel, sem tók hinu kuldalega augnatilliti hans með því að hneigja höfuðið og lyfta höndunum upp lítið eitt

„Svarið!"—sagði konungr við Hillel blátt áfram og í bjóðanda málrómi, og setti um leið stafinn fyrir framan sig með báðum höndum. — „Svarið!"

Mild birta skein í augum öldungsins; hann lyfti upp höfðinu, horfði beint framan í spyrjanda og svaraði, en félagsbrœðr hans hlustuðu sem bezt á:

„Með þér, konungr! sé friðr frá guði Abrahams, Ísaks og Jakobs!"

Hann bar orð þessi fram eins og væri þau bœnarákall; svo skifti hann um málróm og sagði:

„Þú hefir krafizt þess af okkr, að við létum þig vita, hvar Kristr hinn fyrirheitni eigi að fœðast."

Konungr hneigði sig, þó að hann eins og áðr með hinu skuggalega augnaráði sínu einblíndi á ásjónu spekingsins.

„Það er spurningin."

„Í mínu eigin nafni, konungr! og allra brœðra minna hér, sem undantekningarlaust eru á sama máli, segi eg: Í Betlehem í Júdeu."

Hillel leit á pergamentsrolluna opnu á þrífœtinum, benti með titrandi fingri sínum á einn blett þar, og hélt áfram: „Í Betlehem í Júdeu, því hjá spámanninum stendr svo ritað: 'Og þú, Betlehem í Júda-landi! ert engan veginn minnst meðal Júda-höfðingja, því að frá þér mun koma stjórnari, sem verða mun hirðir lýðs míns, Ísraels'."

Andlit Heródesar benti til, að honum liði ekki vel, og meðan hann var að hugsa sig um, festi hann augun á bókfellinu. Þeir, sem á hann horfðu, drógu naumast andann; þeir mæltu ekki orð, og hann ekki heldr. Loksins sneri hann sér við og gekk burt úr salnum.

„Bræðr!"—sagði Hillel—„fundi vorum er slitið."

Fundarmenn stóðu þá upp og fóru út í hópum.

„Símeon!"—sagði Hillel aftr.

Maðr einn, fimmtugr að aldri eða rúmlega það, en fjörugr og eins og hann væri í blóma og broddi lífsins, tók undir og kom til hans.

„Tak hið helga handrit, sonr minn! Vef það gætilega saman."

Skipan þessarri var hlýtt.

„Gjörðu svo vel að leiða mig; eg ætla að leggja mig í burðarstólinn."

Yngri maðrinn laut niðr; með hinum uppvisnu höndum greip öldungrinn arminn, sem að honum var réttr til stuðnings, reisti sig svo upp og færðist með veikum burðum fram til dyra.

Þannig fóru þeir, hinn frægi Musterisskóla-stjóri og Símeon, sonr hans, sem verða átti eftirmaðr hans í embættinu og halda áfram speki hans og lærdómi.

— — — —

En seinna um kvöldið lágu austrlenzku vitringarnir vakandi í klefa einum í khaninum. Steinarnir, sem þeir höfðu í kodda stað, lyftu höfðum þeirra upp, svo að þeir

gátu horft út úr hinni bogadregnu hvelfing inn í djúp loftsins; og meðan þeir voru að gæta að bliki stjarnanna, hugsuðu þeir um næstu opinberanina. Hvernig myndi hún koma? Í hverju myndi hún verða fólgin? Loksins voru þeir komnir til Jerúsalem; við borgarhliðið höfðu þeir spurt eftir honum, sem þeir leituðu eftir; þeir höfðu vitnað um fæðing hans; nú var að eins eftir að finna hann; og að því er það snerti treystu þeir andanum algjörlega. Þeir, sem eru að hlusta eftir rödd guðs eða bíða eftir tákni af himni, geta ekki sofið.

Meðan þeir voru í þessu ástandi, sté maðr inn undir hvelfinguna og skyggði fyrir af honum í klefanum.

„Vaknið!"—sagði hann við þá; — „eg flyt ykkr skilaboð, sem ekki leyfa neina bið."

Þeir settust allir upp.

Frá hverjum?" — spurði Egyptinn.

„Frá Heródes konungi."

Þeir komust allir við í anda.

„Ertu ekki umsjónarmaðr khansins?" — spurði Balthasar næst.

„Svo er víst."

„Hvað myndi konungr vilja okkr?"

„Sendimaðr frá honum er úti; það er bezt, að hann svari þeirri spurning."

„Segðu honum þá að bíða þangað til við komum."

„Þú hafðir rétt fyrir þér"—sagði Grikkinn, þegar umsjónarmaðr khansins var farinn. „Spurningin, sem við beindum að fólkinu á þjóðveginum og hliðverðinum, hefir skyndilega gjört okkr alkunna; eg er óþolinmóðr; flýtum okkr á fœtr."

Þeir stóðu upp, tóku á sig ilskó sína, gyrtu skikkjur sínar að sér og fóru út.

„Eg heilsa ykkr og óska ykkr friðar, og bið ykkr fyrir-

gefningar; en herra minn, konungrinn, sendi mig til að bjóða ykkr til hallarinnar til þess að hann fái þar talað við ykkr einslega.“

Þannig skilaði sendimaðrinn erindi sínu.

Lampi hékk í fordyrinu og í birtunni þaðan litu þeir þeir hver framan í annan, og vissu þeir, að andinn var yfir þeim. Síðan gekk Egyptinn upp að gistihússverðinum og sagði án þess að til hans yrði heyrt af félögum hans: „Þú veizt, hvar farangri okkar er komið fyrir í miðgarðsrúminu og hvar úlfaldarnir okkar hvílast. Meðan við erum burtu, gjörðu svo vel að hafa allt til, svo við, ef nauðsyn ber til, getum lagt á stað tafarlaust.“

„Farið leið ykkar ugglausir; treystið mér“ — sagði khan-vörðrinn.

„Vilji konungsins er vor vilji“ — sagði Balthasar við sendimanninn. „Við skulum koma með þér.“

Strætin í borginni helgu voru þröng þá eins og þau eru enn, en ekki eins óslétt og óþverraleg, því að hinn mikli byggingamaðr — konungrinn — lét sér ekki nægja að hugsa að eins um fegrð, heldr gekk hann einnig eftir því, að tekið væri tillit til hreinlætis og þæginda. Þeir félagar fóru á eftir fylgdarmanni sínum og héldu svo áfram orðalaust. Það var dauf stjörnubirta og á för þeirra varð hún enn daufari sökum múrgarðanna þeim til beggja handa, og annað veifið varð birtan nálega að engu, þá er leiðin lá undir brýrnar milli húsaþakanna. Þannig héldu þeir áfram þar til er þeir neðan úr lægð nokkurri komu upp á hæð eina, og varð þar loks fyrir þeim girðing, er sett hafði verið upp þvers um veginn, með skrauthliði í. Eldar brunnu þar fyrir framan í tveim miklum glóðarkerum; í birtunni, sem þaðan lagði, komu þeir auga á stórhýsi eitt, svo og á varðmenn nokkra, sem studdust við vopn sín og hreyfðust ekki. Án þess neitt væri við komumönnum stuggað fóru þeir inn

í húsið; síðan var með þá farið eftir göngum og fordyra-hvelfingum, gegn um garðsvæði og millum súlnaraða, þar sem sumsstaðar var nærri því dimmt, upp eftir löngum stigum, fram hjá óteljandi klefum og herbergjum, þar til þeim var fylgt upp í turn einn mjög háan. Loksins nam fylgdarmaðrinn staðar, benti gegn um opnar dyr og mælti:

„Gangið hér inn. Konungrinn er hér.“

Loftið í herberginu var þrungið af ilm af sandaltré, og allr var umbúnaðr þar inni svo ríkmannlegr, að hann minnti á kveifarlegt óhóf. Á gólfið mitt var varpað loðinni ábreiðu, og var þar sett upp hásæti. Komumenn höfðu þó næsta lítinn tíma til þess að gjöra sér hugmynd um það, hvernig hér var umhorfs; að eins í mesta snatri renndu þeir augum yfir hina útskornu legubekki, sem þar voru af ýmsu tægi, — veifur, krukkur, hljóðfœri, — gullnar ljósastikur, sem tindruðu af ljósunum, sem þar loguðu, — veggina, sem máladir voru eftir hinni nautnsjúku tízku íþróttarinnar grísku, er þá réð, og myndi Farísei, sem slysazt hefði til að líta á þetta allra snöggvast, óðar hafa byrgt andlit sitt af heilögum hryllingi. Þarna sat nú Heródes í hásætinu til þess búinn að veita gestunum viðtöku; og var hann eins klæddr og þá er hann birtist á samkomu kennimannanna og lögfrœðinganna. Honum einum urðu þeir nú að sinna.

Óboðnir gengu þeir að brúninni á ábreiðunni, og vörpuðu þeir sér þar flötum fram. Konungr snart bjöllu. Þjónn kom inn og setti þrjá stóla fyrir framan hásætið.

„Takið ykkr sæti“ — sagði konungr góðlátlega.

„Frá norðrhliði“ — hélt hann áfram, er þeir höfðu setzt niðr—„barst mér seint í dag fregn um að þrír ókunnir menn hefði komið, einkennilega ríðandi, og hefði svo litið út sem væri þeir frá fjarlægum löndum. Eruð þið þeir menn?“

Eftir bending frá Grikkjanum og Hindúanum svaraði Egyptinn um leið og hann hneigði sig djúpt: „Ef við værum aðrir en við erum, þá myndi hinn voldugi Heródes, sem frægðarorðið fer af eins og reykelsi um allan heim, ekki hafa sent eftir okkr. Enginn efi getr á því verið fyrir okkr, að við erum þeir útlendingar.“

Heródes veitti orðum þessum samþykki með því að veifa hendinni.

„Hverjir eruð þið? Hvaðan komið þið?“ — spurði hann og bætti svo við með áherzlu: „Hver tali fyrir sjálfan sig.“

Hver eftir annar gjörðu þeir grein fyrir því, sem að var spurt, en gátu að eins um bœina og löndin, þar sem þeir voru fœddir, og um það, á hverri leið þeir hefði komið til Jerúsalem. Ekki fullnœgði Heródesi þessi skýrsla þeirra að öllu leyti, og gekk hann því nær þeim í eftirgrennslan sinni.

„Hver var spurning sú, sem þið lögðuð fyrir hermanninn við hliðið?“

„Hvar er hann, sem fœddist konungr Gyðinga? — þetta var það, sem við spurðum hann um.“

„Nú sé eg, hvernig á því stendr, að fólkið var svo forvitið. Þið vekið forvitni hjá mér engu síðr. Er annar konungr Gyðinga til?“

Það kom ekki neitt fát á Egyptann. Hann svaraði: „Annar er til, sem er nýfœddr.“

Á svip konungs var svo að sjá sem hann kenndi sársauka af einhverri hrellandi endrminning.

„Ekki er hann mér fœddr, víst ekki mér!“ — sagði hann hátt.

Ef til vill liðu svipir hinna myrtu barna hans ákærandi fram hjá sálarsjón hans; en er hann hafði náð sér eftir

geðshræring sína, hvernig sem á henni kann að hafa staðið, spurði hann óhikandi: „Hvar er nýi konungrinn?“

„Það er það, herra! sem við vildum spyrja að.“

„Þið flytjið mér undrsamleg tíðindi“ — mælti konungr næst; — „þið leggið fyrir mig ráðgátu, sem tekr fram öllu torskildu frá Salómon. Eins og þið sjáið, er eg á því skeiði æfinnar, þá er forvitnin er eins óstjórnleg og hún var í æsku og það grimmd að hafa hana að leiksopp. Segið mér meira, og eg skal sýna ykkr þann sóma, sem konungar sýna hverjir öðrum. Látið mig heyra allt, sem þið vitið um hinn nýfædda konung, og eg skal taka með ykkr þátt í leitinni eftir honum; og er við höfum fundið hann, skal eg gjöra hvað sem þið óskið: eg skal fara með hann til Jerúsalem og láta kenna honum konungleg stjórnarhyggindi; eg skal nota vinfengi mitt við keisarann honum til frama og dýrðar. Ekki skal illr andi öfundsýkinnar ná sér niðri okkar á milli, — það sver eg. En segið mér það fyrst, hvernig þið fenguð fregn af honum svo langt burt hinum megin við höf og eyðimerkr?“

„Sannarlega skal eg segja þér það, herra konungr!“

„Talaðu!“—mælti Heródes.

Balthasar lyfti sér og stóð uppréttr; tók hann síðan til máls og sagði hátíðlega:

„Til er almáttugr guð.“

Heródes hrökk sýnilega við.

„Hann bauð okkr að fara hingað og hét því, að við skyldum finna endrlausnara heimsins, — að við skyldum sjá hann og veita honum lotning, og vitna um það, að hann væri kominn; og hverjum okkar um sig auðnaðist að sjá stjörnu þessu til sannindamerkis. Andi hans dvaldi með okkr. Andi hans er með okkr nú, herra konungr!“

Áköf tilfinning hreif þrímenningana á vald sitt. Grikkinn gat að eins með naumindum varizt því að æpa

upp. Heródes renndi skyndilega hvössum augum frá einum komumanninum til annars. Hann var nú tortryggari og óánœgðari en áðr.

„Þið dragið dár að mér“ — sagði hann. „En sé það ekki svo, þá segið mér meira. Hvað hefir koma hins nýja konungs í för með sér?“

„Frelsan mannanna.“

„Frá hverju?“

„Frá vonzku þeirra.“

„Hvernig?“

„Fyrir guðleg áhrif — eða fyrir kraft trúarinnar, kærleikans og góðra verka.“

„Þið eruð þá“ — Heródes þagnaði, og af svip hans hefði ekki verið unnt að ráða, hver tilfinning réð hjá honum, er hann hélt áfram — „boðberar Krists hins fyrirheitna. Er þar allt erindi ykkar?“

Balthasar hneigði sig djúpt.

„Við erum þjónar þínir, herra konungr!“

Konungr snart bjöllu og þjónn kom fram.

„Sœktu gjafirnar“ — sagði herra þjónsins.

Þjónninn fór út, en kom aftr að vörmu spori, kraup á kné frammi fyrir gestunum, afhenti hverjum þeirra yfirhöfn eða skikkju skarlatslita og bláa, og gullbelti. Þeir létu þakklæti sitt í ljós fyrir heiðrsmerki þetta með því að varpa sér flötum að austrlenzkum sið.

„Eitt orð enn“ — sagði Heródes, þá er kurteisi-sið þessum hafði verið fullnœgt. „Þið gátuð þess við hermanninn við hliðið, og nú aftr við mig, að þið hefðuð séð stjörnu austr frá.“

„Já“ — sagði Balthasar, — „stjörnu hans, sem nýfœddr er.“

„Hvenær birtist hún?“

„Þegar okkr var boðið að fara hingað.“

Heródes stóð upp og lét á sér skilja, að áheyrnarfundi þessum væri lokið. Sté hann niður úr hásætinu til þeirra og mælti mjög vingjarnlega:

„Ef þið, mikilsvirtu göfugmenni! eruð eins og eg hefi fyrir satt í raun og veru boðberar Krists hins fyrirheitna, sem nú er nýfæddr, þá vil eg láta ykkr vita, að eg hefi í kvöld ráðfært mig við þá menn, sem bezt vit hafa á frœðimálum Gyðinga, og segja þeir allir sammála, að hann hafi átt að fœðast í Betlehem í Júdeu. Því segi eg við ykkr: Farið þangað; farið og leitið vandlega eftir unga barninu; og er þið hafið fundið sveininn, þá látið mig vita um það, svo eg geti komið og veitt honum lotning. Ykkr skal ekki verða veittr neinn farartálmi þangað. Friðr sé með ykkr!"

Hann sveipaði svo að sér skikkju sinni, og gekk út úr salnum.

Tafarlaust kom fylgdarmaðrinn og fór á undan þeim út á strætið, og þaðan út að khaninum, en þar við hliðið varð Grikkjanum þetta að orði: „Látum okkr, brœðr! fara til Betlehem eins og konungrinn hefir ráðlagt okkr."

„Já" — kallaði Hindúinn upp. „Andinn brennr í mér hið innra."

„Sé það svo" — mælti Balthasar í sama hita. „Úlfaldarnir eru til taks."

Þeir gáfu khan-verðinum gjafir og stigu í söðlana: var þeim sagt til vegar út að Joppa-hliði, og héldu þeir svo á stað. Þá er þeir komu að hliðinu, voru slárnar teknar frá hinum stóru vængjahurðum; fóru þeir svo út á bersvæðið utan bœjar og eftir sama vegi sem þau Jósef og María fyrir svo skömmu höfðu farið. En er þeir voru komnir upp úr Hinnomsdal og út á Refaim-sléttu, þá birtist þeim ljós, sem fyrst var dauft og breiddist talsvert út. Æðasláttrinn hjá þeim öllum varð tíðari. Ljósbirtan glœddist fljótt; þeir lokuðu augum sínum undan hinni gló-

andi birtu; og er þeir fengu áræði til að opna augun aftr, sjá! — þá birtist stjarnan að nýju, og sýndist hún eins fullkomin og nokkur hinna venjulegu stjarna á himninum; en hún hélt sér lágt niðri og færðist hægt á undan þeim. Þeir héldu að sér höndum og œptu upp af óviðjafnanlegum fögnuði.

„Guð er með okkr! Guð er með okkr!“ — sögðu þeir og endrtóku það hvað eftir annað með gleðiópi alla leiðina, þangað til stjarnan eins og tók sig upp úr dalnum hinum megin við Mar Elias og stóð kyrr uppyfir húsi einu í hlíðarbrekku fellsins við bœinn.

FJÓRTÁNDI KAPÍTULI.

Unga barnið heilaga — Kristr.

Þriðja eykt nætr var nú að byrja, og í Betlehem var morgunbjarminn að breiðast út yfir fjöllin í austri, en svo dauf var sú skíma, að enn var nótt niðri dalnum. Varðmaðrinn á þaki khansins gamla var að hlusta, skjálfandi í hinu svala lofti, eftir fyrstu merkjanlegu hljóðum, sem vaknanda lífið lætr til sín heyra, er það heilsar döguninni, og sást þá allt í einu ljós nokkurt, sem færðist nær upp eftir fellinu til hússins. Hann ímyndaði sér, að það væri blys, sem einhver héldi á í hendinni; örskömmu síðar hugði

hann það vera vígahnött; en birtan óx þó þangað til úr því varð stjarna. Hann œpti þá upp dauðhræddr, og við óp hans þutu allir, sem voru innan veggja khansins, upp á þak. Fyrirburðr þessi hélt áfram að færast nær, en hafði þó ekki reglubundna hreyfing; klettarnir, trén og þjóðbrautin fyrir neðan stjörnuna — allt glóði og leiftraði; og svo sterk var birtan, að hún gjörði menn blinda. Þeir af áhorfendunum, sem minna höfðu hugrekki, féllu fram á kné og gjörðu bœn sína með huldum andlitum; þeir, sem hugaðri voru, vörpuðu skýlu fyrir augun, hnipruðu sig saman og litu við og við allra snöggvast út undan skýlunni, hálfsmeykir. Innan skamms hafði hin óþolandi geislandi birta breitt sig út yfir khaninn og allt þar umhverfis. Þeir, sem áræddu að horfa, sáu stjörnuna standa kyrra uppyfir húsinu fram undan hellinum, þar sem barnið fœddist.

Þá er hæst stóð á fyrirburði þessum, komu vitringarnir að khaninum; stigu þeir við hliðið af úlföldum sínum og beiddust þess kallandi, að þeim væri veitt innganga. Og er khan-vörðrinn var búinn að ná sér svo eftir mestu hræðsluna, að hann gat sinnt beiðninni, dró hann lokurnar frá hliðinu og hleypti þeim inn. Úlfaldarnir sýndust í hinni óvenjulegu birtu eins og væri þeir úr öðrum heimi; og auk þess, hve útlendingslega hinir aðkomnu prímenningar litu út, birtist á ásjónum þeirra og látbragði svo mikill ákafi og œsingr, að varðmaðrinn vissi ekki, hvað hann ætti að hugsa, og jók þetta allt hræðslu hans. Hann hrökk til baka og gat um hríð engu svarað upp á spurninguna, sem þeir beindu að honum:

„Er ekki þetta Betlehem í Júdeu?“

En aðrir komu að og gjörðu hann með nærveru sinni öruggan.

„Nei, þetta er að eins khaninn; bœrinn er lengra burtu.“

„Er hér ekki barn, sem nýlega er fœtt?“

Þeir, sem við voru staddir, snerust hverjir að öðrum forviða; sumir þeirra svöruðu þó: „Jú, jú!“

„Vísið okkr veg til barnsins!“ — sagði Grikkinn óþolinmóðr.

„Vísið okkr þangað!“ — kallaði Balthasar upp og reif sig upp úr hinni djúpu alvöru; — „því við höfum séð stjörnu hans — stjörnuna, sem bar fyrir augu okkar uppyfir húsinu, og við erum komnir til að veita barninu lotning.“

Hindúinn spennti greipar og sagði hátt: „Sannarlega lifir guð! Hafið hraðan við! Flýtið ykkr! Frelsarinn er fundinn. Sælir, ó, hve sælir erum við öðrum mönnum fremr!“

Fólkið kom ofan af þakinu og fylgdi komumönnunum erlendu, meðan þeim var vísað gegn um miðgarðssvæðið og út í girðinguna. Stjarnan birtist enn uppyfir hellinum, þó ekki eins glóandi og áðr, og urðu sumir við þá sýn óttaslegnir og sneru til baka; en flestir héldu áfram. En er útlendingarnir nálguðust húsið, lyftist stjarnan upp; þá er þeir voru komnir að dyrunum, sást hún hátt uppi yfir höfðum þeirra, og var þá að hverfa; og er þeir gengu inn, slokknaði birtan og sást ekki framar. Þeir, sem sjónarvottar voru að því, er þá gjörðist, sannfœrðust um, að guðlegt samband væri á milli stjörnunnar og útlendinganna, er einnig næði að minnsta kosti til sumra þeirra, sem höfðust við í khaninum. Þá er dyrnar voru opnaðar, þyrptust þeir inn.

Ljósberi upplýsti kleíann, og hafði ljósið í honum nógu mikla birtu til þess að komumennirnir gæti fundið móður barnsins og barnið, sem hvíldi í faðmi hennar og vakti.

Balthasar sneri sér að Maríu og spurði: „Er þetta þitt barn?“

Og hún, sem geymt hafði í hjarta sínu allt, sem að einhverju leyti kom unga barninu við, og íhugað það svo vandlega, hélt því upp að ljósinu og sagði:

„Já, það er sonr minn.“

Og þeir féllu fram og veittu honum lotning.

Þeir sáu, að barnið var eins og önnur börn; engin geisladýrð var um höfuð þess, né heldr hafði það á höfði neina sýnilega kórónu; ekki opnaði það varirnar til að tala; þótt það kynni að hafa heyrt orð þau, er þeir lýstu með fögnuði sínum, ákalli sínu og bœnum sínum, þá lét það alls ekkert merki þess sjást, en eins og búast mátti við af ungbarni horfði það lengr á logann í ljósberanum en á mennina.

Eftir mjög skamma dvöl stóðu þeir upp, sneru aftr til úlfaldanna og komu svo þaðan með gjafir sínar: gull, reykelsi og myrru, og lögðu fyrir framan barnið; jafnframt héldu þeir og áfram með að sýna því lotning með orðum sínum allt eins og áðr. Ekkert af orðum þeim hefir verið í letr fœrt, því íhugunarsamir menn vita, að ómenguð tilbeiðsla hreinskilins hjarta hlýtr þá eins og nú að hafa verið guðinnblásinn söngr.

Og þetta var frelsarinn, sem þeir höfðu farið svo langa leið til að finna!

En án allra efasemda báru þeir tilbeiðslu sína fram.

Hvernig myndi hafa staðið á því?

Trú þeirra studdist við tákn þau, sem þeim voru veitt af honum, er vér höfum síðan lært að þekkja sem föðurinn; og þeir voru þess eðlis, að fyrirheit hans fullnœgðu þeim svo algjörlega, að þeir grennsluðust ekkert eftir vegum hans. Ekki voru það nema fáar sálir, sem fengu að sjá táknin og heyra fyrirheitin — móðir barnsins og Jósef, fjárhirðarnir og vitringarnir þrír; en þau trúðu öll eins; það er að segja: guð og barnið. Kristr hinn fyrirheitni, var

á þessu skeiði hjálpræðissögu hans allt. Líttu fram undan þér, lesari góður! Sá tími er í vændum, þá er táknin öll koma frá syninum. Sælir þeir, sem þá trúa á hann!

Bíðum þess tíma.

C0-DBU-064